



# ÁRSRIT 2019



**Bandalag íslenskra leikfélaga**

## Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8

104 Reykjavík

Sími: 551 6974

Netfang: info@leiklist.is

Veffang: www.leiklist.is

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga

## Uppsetning efnis:

Hörður Sigurðarson

## Prófarkalestur:

Gísli Björn Heimisson

Jónheiður Ísleifsdóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir

Ólöf Þórðardóttir

Vilborg Valgarðsdóttir

## Aðstoð og ráðgjöf:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikflokks Húnapings vestra á Hárinu.

## Efnisyfirlit

Ávarp formanns	5
Aðildarfélag Bandalags íslenskra leikfélaga 2018-2019	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga	8
Skýrsla skólanefndar	11
Leiklistarskólinn 2018	12
Verkefni og skýrslur aðildarfélaga BÍL	16
NEATA 2018 í Litháen	45
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2018-2019	49
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	51
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	55
Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga	65
Allt fyrir andann	66
Ársreikningur 2018	67
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	76

## Ávarp formanns

Á árinu voru aðildarfélögin 41 talsins en 38 settu upp sýningar. Félagsmenn voru 2.782.

Settar voru upp 80 leiksýningar, sem sýndar voru 359 sinnum fyrir 22.515 áhorfendur. Þannig sjáum við hversu mikil margfeldisáhrif hvert leikfélag hefur og hversu mikið efni hefur verið sett upp og búið til í ranni ykkar félaga.

Allt er breytingum háð og fórum við í Bandalaginu ekki varhluta af því á árinu. Vilborg Valgarðsdóttir hætti störfum eftir 40 ára vinnu hjá Bandalaginu, fyrst sem starfsmaður á skrifstofu og svo undanfarin 25 ár sem framkvæmdastjóri. Við starfi framkvæmdastjóra tók Hörður Sigurðarson, okkar góði lénsherra. Vilborg aðstoðaði Hörð við að komast inn í starfið fyrstu mánuði þessa árs, en eðlilega tekur tíma að ná yfirsýn yfir hin fjölbreyttu verk sem á herðum framkvæmdastjóra vorum hvíla. Við bjóðum Hörð velkominn til starfa og vitum að samstarfið verður gott. Vilborgu fáum við aldrei nógsamlega þakkað fyrir hennar störf fyrir Bandalagið, en við föðmuðum hana fast og leystum út með gjöfum við framkvæmdastjóraskiptin og óskum henni alls hins besta.

Framkvæmdastjóri og formaður heimsóttu ráðuneyti menningar í sumar og áttu þar samtal við ráðherra um fjármál Bandalagsins og áframhaldandi samstarfssamning við ríkið. Framlag í reglubundnum 3ja ára samningi okkar við ríkið hefur ekki tekið breytingum í samræmi við launavísitölu. Eins allir vita þá duga árleg framlög okkur ekki til að láta þjónustumiðstöðina reka sig réttu megin við núllið með óbreyttu sniði. Ráðherra virtist hafa fullan skilning á þessu og vonum við að efndir fylgi orðum.

Eitt af fjölmörgum verkefnum þjónustumiðstöðvar er að halda utan um leikritasafnið, sem er það eina sinnar tegundar á landinu. Markmið okkar er að í safninu megi finna flest leikverk sem til eru á íslensku, frumsamin og þýdd. Heildarfjöldi skráðra verka í safninu er nú rúmlega 4.000 og þar af eru leikrit í fullri lengd yfir 2.000 talsins. Styttir leikrit eru um 122, einþáttungar 790 og örleikrit 355.

Á næsta ári, 2020, er hátíð í bæ hjá okkur þegar við fögnum 70 ára afmæli Bandalagsins. Í undirbúningi er stuttverkahátíð í tengslum við aðalfund Bandalagsins. Hátíðin verður haldin fyrstu helgina í maí og vonumst við til að þátttaka verði góð. Ég hvet ykkur til að rífa stuttverkin ykkar upp úr skúffunum og byrja að æfa og setja upp og setja ykkur í hátíðargírinn.

Ég hvet ykkur til að fylgjast með fréttum á leiklist.is, að nota vefinn okkar góða til upplýsingaöflunar og ekki hika við að hafa samband við skrifstofuna eða okkur í stjórninni.

Stjórnarmenn hafa fengið úthlutað leikfélögum sem þeir eiga að vera tengiliðir við og sem félögin geta leitað til um hvaðeina. Upplýsingar um hvernig félögin deilast niður á félögin má finna á vefnum okkar góða, leiklist.is.

Fylgjumst með starfinu vítt um landið – lækum og deilum, horfum, skynjum, sköpum og leikum, og leikum svo meira.

**Guðfinna Gunnarsdóttir**  
formaður Bandalags íslenskra leikfélaga



## Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga 2018-2019

Borgarbörn, Reykjavík  
 Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði  
 Halaleikhópurinn, Reykjavík  
 Hugleikur, Reykjavík  
 Leikdeild Umf. Gnúpverja  
 Leikfélag Blönduóss  
 Leikfélag Dalvíkur  
 Leikfélag Fjallabyggðar  
 Leikfélag Fljótisdalshéraðs  
 Leikfélag Hafnarfjarðar  
 Leikfélag Hofsóss  
 Leikfélag Hornafjarðar  
 Leikfélag Hólmavíkur  
 Leikfélag Húsavíkur  
 Leikfélag Hveragerðis  
 Leikfélag Hörgdæla  
 Leikfélag Keflavíkur  
 Leikfélag Kópavogs  
 Leikfélag Mosfellssveitar  
 Leikfélag Norðfjarðar  
 Leikfélag Rangæinga, Hvolsvelli  
 Leikfélag Sauðárkróks  
 Leikfélag Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar  
 Leikfélag Sólheima, Grímsnesi  
 Leikfélag Vestmannaeyja  
 Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn  
 Leikfélagið Borg, Grímsnesi  
 Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi  
 Leikfélagið Óríon, Reykjavík  
 Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi  
 Leikfélagið Skrugga, Reykhólum  
 Leikfélagið Sýnir, á landsvísu  
 Leikflokkurinn Hvammstanga  
 Leikhópurinn Lopi, Árborg  
 Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði  
 Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði  
 Litli leikklúbburinn, Ísafirði  
 Stúdentaleikhúsið, Reykjavík  
 Umf. Biskupstungna, leikdeild.  
 Umf. Dagrenning, leikdeild  
 Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal  
 Umf. Íslendingur, leikdeild  
 Umf. Reykdæla, Reykholti  
 Umf. Skallagrímur, leikdeild

## Stjórn, starfsfólk og nefndir



Meðstjórnandi  
Anna María Hjálmsdóttir  
Akureyri



Varaformaður  
Óluf Þórðardóttir  
Reykjanesbæ



Formaður  
Guðfjanna Gunnarsdóttir  
Selfossi



Ritari  
Þráinn Sigvaldason  
Höngárdal



Meðstjórnandi  
Gísli Björn Heimisson  
Reykjavík



Varastjórn  
Magnhóra Kristjánsdóttir  
Þorlákshöfn



Varastjórn  
Salbjörg Engilbertsdóttir  
Hólmavík



Varastjórn  
Þórvör Embla Guðmundsdóttir  
Borgarfirði



Varastjórn  
Þrúður Sigurðar  
Þorlákshöfn



Varastjórn  
Sigríður Hafsteinsdóttir  
Selfossi



Frávandi framkvæmdastjóri  
Vilborg Árný Valgarðsdóttir  
Kópavogi



Framkvæmdastjóri  
Hörður Sigurðarson  
Reykjavík



Skráning leikrita  
Erla Vilhjálmisdóttir  
Reykjavík



Skráning leikrita  
Ármann Guðmundsson  
Reykjavík



Skólanefnd  
Hrunn Ólafsdóttir  
Reykjavík



Skólastýra  
Dýrleif Jónsdóttir  
Reykjavík



Skólastýra  
Hrefna Friðriksdóttir  
Reykjavík



Skólanefnd  
Herdís Þorgeirsdóttir  
Mosfellsbæ



Skólanefnd  
Gísli Björn Heimisson  
Reykjavík

# Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

## Flutt á aðalfundi á Húsavík 4. maí 2019

### I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður  
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður  
Práinn Sigvaldason, Hörgárdal, ritari  
Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi  
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:  
Þrúður Sigurðardóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir, Embla Guðmundsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð fram að áramótum var Vilborg Valgarðsdóttir og nýr framkvæmdastjóri, Hörður Sigurðarson, hóf störf í janúar 2019.

Stjórn hélt sex starfsfundi á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Logalandi, fjóra í Þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og þann síðasta hér á Húsavík í gær. Fjarfundarbúnaður var notaður endrum og sinnum með góðum árangri þegar ritari voru Práinn og meðstjórnandi Anna María áttu ekki heimangengt norðanífrá. Einnig hefur mjög skemmtilegur fésbókarhópur okkar stjórnarmanna verið nýttur til góðra samskipta stjórnarmanna árið um kring.

Er stjórn þökkun góð samvinna á árinu. Vilborgu fáum við ekki fullþakkað, aldrei, en hún hefur reynst okkur og Herði vel í þeirri aðlögun sem nú stendur yfir. Herði er einnig þakkað gæfulegt upphaf á vonandi góðri samvinnu.

### II. Starfsemi félaganna

28 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkumsóknir fyrir alls 47 leiksýningar og leikþætti, 17 námskeið og 30 skólanemendur fyrir leikárið 2017-2018. Fullur styrkur reyndist vera 438.673 krónur. Ársritið okkar inniheldur allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félögin í Bandalaginu eru nú 48 talsins.

### III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

*Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.*

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnum og engin breyting á því ástandi í sjónmáli. Viðbótarstyrkur aðildarfélaganna sem samþykktur var á síðasta aðalfundi gerði gæfumuninn fyrir starfsárið eins og sjást mun á reikningum sem kynntir verða hér á eftir.

Leiklistarvefurinn er enn okkar skilvirkasta tæki til upplýsingagjafar og samskipta við

félögin og aðra sem nýta sér þjónustu okkar. Fréttir af sýningum aðildarfélaganna eru stærsta fréttæfnið á vefnum en einnig er eitthvað um almennar leiklistarfréttir. Enn er allt of algengt að félögin hafi ekki frumkvæði að því að senda fréttir og myndir af frumsýningum og öðrum viðburðum heldur þurfi að sækja það til þeirra. Töluverð vinna hefur átt sér stað í skráningum á leikritasafni undanfarið en það er mikilvægt eillíðarstarf. Annars eru engin stórtíðindi af Leiklistarvefnum á leikárinu sem er að líða. Ýmsar nýjungar eru þó í skoðun og ættu að skýrast er líða tekur á árið.

Um skólann mun fulltrúi skólanefndar fjalla í sinni skýrslu. Er skólanefnd og lénsherra þakkað fyrir frábæra vinnu og samstarf á árinu.

*Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.*

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 18,5 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar er framlagið 6 milj. kr. á ári samkvæmt samningi sem við höfum ekki ennþá fengið sem er ferlegt. En við höfum fengið þau skilaboð úr ráðuneytinu að styrkuppþæð til þjónustumiðstöðvar verði óbreytt, 6 milljónir á ári 2019-2021. Það er ekki nóg og enn höfum við ekki fengið fund með ráðherra og ekki fengið nein svör varðandi beiðni okkar um aukafjárveitingu vegna framkvæmdastjóraskipta. Ef vel á að vera og skrifstofan rekin áfram með sama sniði og verið hefur, þyrftum við að fá ríflega hækkun á samningi og komast upp í 8.5 milljónir á ári til að halda sjó.

*Undirbúningur að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020.*

Undirbúningsnefnd skipuð þeim Ólöfu, Vilborgu, Herði og Guðfinnu, settu saman tillögur að formi á leiklistarhátíð sem lagðar verða fram til umræðna í hópastarfi hér á fundinum.

### IV – Önnur mál

Uppfærsla Leikfélags Keflavíkur á söngleiknum Mystery boy eftir Smára Guðmundsson í leikstjórn Jóels Sæmundssonar var valin Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins af valnefnd Þjóðleikhússins og var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu 24. við góðan orðstír. Í ár eru sýningarnar 17 frá 15 leikfélögum sem valið verður milli og mun fulltrúi Þjóðleikhússins tilkynna um það undir borðum á Húsavík í kvöld.

Af erlendum vettvangi má geta þess að formaður og framkvæmdastjóri sóttu NEATA hátíð í Litháen. Hátíðin og umgjörð hennar var öll til fyrirmyndar og voru Litháar mjög stoltir af því að halda upp á 20 ára afmæli NEATA um leið, en Litháen var einmitt fyrsta þjóðin sem hélt NEATA hátíð árið 2000.

Fulltrúi Íslands á hátíðinni var sýning Leikfélags Kópavogs á Svarta kassanum eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Er skemmst frá því að segja að sýningin vakti mikla aðdáun og lukku meðal áhorfenda og fékk hópurrinn allur mikið hrós fyrir sýninguna.

BÍL sendi 3 ungmenni á NEATA Youth námskeið sem haldið var í tengslum við hátíðina og sýndi hópurrinn afrakstur námskeiðsins á opnunardegi hátíðarinnar. Ungmennin sáu svo um að skrifa fréttir í daglega fréttablaðið um hátíðina og aðstoðuðu leikhópuna.

Að venju funduðu fulltrúar allra landanna í NEATA og þar var ýmislegt rætt og ákveðið um framtíð samstarfsins. Nú eru breyttar aðstæður hjá NEATA varðandi IATA. NEATA og önnur svæðissambönd eiga ekki lengur sérstakan fulltrúa í stjórn alþjóðasamtakanna vegna breytinga á lögum IATA. Ákveðið var að fjarlægja IATA tengingar og nafn úr öllum gögnum NEATA – þ.e. stjórnarskrá og fleiru, þar sem það á ekki við lengur.

Næsta IATA leiklistarhátíð 2019 verður í New Brunswick, Kanada í lok ágúst. Við sendum ekki fulltrúa þangað.

Ákveðið var að aðalmarkmið NEATA verði að halda sameiginlega hátíð á tveggja ára fresti og mynda þannig og viðhalda tengslum aðildarlandanna – það er aðalmarkmið NEATA og breytist ekki. Fjarvera úr stjórn IATA kemur því ekkert við.

Lagt var til að búa til róteringakerfi fyrir stjórn NEATA sem virki þannig að formaður verði sá sem er að fara að halda leiklistarhátíð næst og varaformaður verði sá sem er nýbúinn að halda hátíð. Þannig færast þekking og reynsla á milli manna.

Ákveðið að stjórn NEATA verði óbreytt næsta ár og hún ásamt vinnuhópi um breytingar á stjórnarskrá NEATA skili af sér næsta sumar. Í vinnuhópnum eru Kristína Oomer Eistlandi, Noomi Reinert Færeyjum og Peter Dahn Danmörku.

Formaður og framkvæmdastjóri voru að vonum mjög stoltar af fulltrúum BÍL á hátíðinni. Þetta var gott mót eins og maðurinn sagði.

Næsta NEATA hátíð verður haldin í Eistlandi 2020.

Leikfélag Hafnarfjarðar fór enn á ný á flakk með leikritið Ubba kóng í leikstjórn Ágústa Skúladóttur, að þessu sinni á hátíð í Tékklandi.

Við tókum þátt í barnaleiklistarhátíðinni fyrir börn á aldrinum 13-15 ára sem nefnist Edered og var haldin í Toulouse í Frakklandi í júlí. Við ákváðum að taka þátt í hátíðinni í samstarfi við Færeyinga. Frá okkur fóru 4 börn, 4 börn frá Færeyjum auk leiklistarkennara frá Færeyjum og umsjónarmanns með hópnum frá Íslandi. Kristín Svanhildur Helgadóttir var umsjónarmaður barnanna og stóð hún sig frábærlega sem og aðrir fulltrúar okkar á hátíðinni.

Nú liggja fyrir drög að nýjum sviðslistalögum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Við sendum inn nokkrar athugasemdir við frumvarpsdrögin í vetur, þar sem okkar hagsmunir og staða var áréttuð. Ein aðal breytingin sem kemur okkur við er að í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót svokallað sviðslistaráð sem úthluta muni úr sviðslistasjóði til okkar og annara aðila.

Gengið var frá ráðningu framkvæmdastjóra í september, en ákveðið var að ráða Hörð Sigurðarson sem hóf störf 2. janúar 2019. Við teljum það mikinn happafeng fyrir Bandalagið að fá hann til starfa og hlökkum til samstarfsins.

Lénsherra kveðjum við með virktum og þökkum fyrir óeigingjarnt starf í þágu BÍL.

Stjórn þakkar ennfremur Vilborgu framkvæmdastjóra fyrir frábært samstarf á árinu.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast með fréttum á heimasíðunni og vera í sambandi við okkur í stjórninni eða Hörð ef spurningar vakna. Endilega sendið okkur fréttir af starfinu ykkar. Verum dugleg að koma okkar frábæra starfi á framfæri. Látum í okkur heyra. Leikum núna og svo alltaf meira.

## Skýrsla skólanefndar



Á liðnu starfsári sátu með mér í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka kærlega öllu samnefndarfólki mínu fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólann árið 2018 sóttu alls 51 nemandi. Sumarið var óvenjulegt þar sem boðið var upp á fjögur námskeið í stað þriggja eins og oftast áður. Námskeiðin voru:

1. **Leikritun 1** – kennari Karl Ágúst Úlfsson
2. **Master Class í leikstjórn** - kennari Rúnar Guðbrandsson
3. **Trúðanámskeið sérnámskeið** - kennarar Ágústa Skúladóttir og Gunnar Björn Guðmundsson.
4. **Á bak við tjöldin** – kennari Eva Björg Harðardóttir

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til mikillar ánægju með skólastarfið og þökkum við nemendum fyrir ábendingar um námskeið og mun skólanefnd hafa þau til hliðsjónar þegar námskeið eru ákveðin á komandi misserum. Sérstaklega erum við að skoða framhaldi af námskeiðinu Á bak við tjöldin og má geta þess að skólanefnd er í samráði við Evu Björg kennara að finna flöt á framhaldi á námskeiðinu. Hvort það verður í vetur eða næsta sumar verður að koma í ljós en ég fullvissa ykkur um að það verður auglýst vel og rækilega þegar það er ljóst.

Árið 2019 verður leiklistarskólinn settur í Reykjaskóla þann 8. júní í 23. sinn. Að þessu sinni verða þrjú námskeið í boði.

Við bjóðum velkomna Aðalbjörgu Árnadóttur sem kennir hjá okkur í fyrsta sinn og mun taka á móti nýjum nemendahópi á Leiklist I. Einnig fögnum við því að fá Árna Kristjánsson í kennarahópinn okkar. Hann mun sjá um Leikritun II sem er framhald af byrjendanámskeiðinu í leikritun sem Karl Ágúst Úlfsson var með í fyrrasumar.

Sérnámskeið í leiklist fyrir lengra komna verður í höndum hins þrautreynda kennara Rúnars Guðbrandssonar. Boðið hefur verið upp á sambærilegt námskeið áður og afar vel af því látið.

Þess má geta að nýi framkvæmdastjórinn setti upp rafrænt umsóknakerfi og er nú bæði hægt að senda inn umsóknir og skila viðhorfskönnun á rafrænu formi. Eins var Vilborg okkur innan handar við undirbúninginn. Þökkum við þeim fyrir þeirra störf.

Sumarið lítur sem sagt vel út og skólastýrur hlakka mikið til að njóta þess að fylgja nemendum eftir eitt árið enn. Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

## Leiklistarskólinn 2018

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 22. sinn þann 9. júní 2018 að Reykjum í Hrótafirði og honum slitið sunnudaginn 17. júní.

Skólann sóttu 51 nemandi á 4 námskeiðum og höfundar í heimsókn voru 4.

Námskeiðin voru:

**Á bak við tjöldin** – kennari Eva Björg Harðardóttir

**Leikritun 1** – kennari Karl Ágúst Úlfsson

**Master Class í leikstjórn** - kennari Rúnar Guðbrandsson

**Trúðanámskeið sérnámskeið** - kennarar Ágústa Skúladóttir og Gunnar Björn Guðmundsson.

Dýrleif Jónsdóttir og Hrefna Friðriksdóttir skólastýrur héldu um alla þræði og sáu til þess að skólstarfið gengi eins vel og kostur var.

Um námskeiðin úr kynningarbæklingi skólans:

### Trúðanámskeið – Sérnámskeið fyrir leikara

Kennarar Ágústa Skúladóttir og Gunnar Björn Guðmundsson

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leiklist I og II eða sambærileg grunnnámskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leiklist.

Á námskeiðinu verður trúðleikurinn aðalundirstaðan. Hvers vegna erum við fyndin? Hvernig erum við fyndin? Byrjað verður á rauða nefinu, „einfalda trúðnum“ sem elskar að vera á sviðinu og gleðja áhorfendur. Hvernig gerist það hjá hverjum og einum? Með brosi og blikki eða því að fara með hávamál og herma eftir þvottavél í leiðinni? Talar þinn trúður mikið eða er hann hinn fámáli hjálpfúsi aðstoðarmaður? (Ath. ekki verða látin í té fyndin hjálpartæki s.s. blóm sem sprauta vatni og þess háttar og ekki verður farið í að detta á rassinn né að keppa í því hver er bestur í kollhnís!)

Hér reynir á kjark og einlægni leikarans, það að hann þori að standa fyrir framan áhorfendur og hlusta eftir því hvað þeim þykir skemmtilegt. En það reynir ekki síst á að fagna því þegar maður er ekki fyndinn og henda höfnunartilfinningunni sem því fylgir út í hafsauga og halda ótrauð áfram.

Á síðari hluta námskeiðsins verður farið í tragíska trúðinn. Rauða nefið tekið af og dekkri hliðar lífsins taka við. Þessi trúður á sér vonir og þrár, getur orðið ástfanginn og svo misst ástvin sinn en sama á hverju gengur missir hann aldrei vonina og eins og rauðnefjinn, sambandið við áhorfandann.



Skólastýra  
Dýrleif Jónsdóttir  
Reykjavík




Skólastýra  
Hrefna Friðriksdóttir  
Reykjavík



### Leikstjórn – Sérnámskeið, Master Class fyrir leikstjóra

Kennari Rúnar Guðbrandsson



Sérnámskeið í leikstjórn, ætlað þeim sem sótt hafa Leikstjórn I og II og sérnámskeið fyrir leikstjóra eða sótt sambærileg námskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leikstjórn.

Námskeið þetta verður jöfnum höndum fræðilegt og verklegt. Útgangspunkturinn er aðferð sem kennarinn hefur kynnt á undangengnum leikstjóranámskeiðum í BÍL skólanum og sækir fyrst og fremst innblástur í ævistarf Konstantins Stanislavskys, bæði hina „vitsmunalegu greiningu“ sem Stanislavsky þróaði framan af ferli sínum og „aðferð líkamlegra gjörða“ sem hann vann að er hann féll frá. Fleiri áhrifavaldar svífa þó yfir vötnunum og verður vísað til ólíkra hugmynda um hlutverk leikstjórans og verður fjallað um ýmsa strauma og stefnur í leikstjórn síðustu aldar. Þríeykið Stanislavsky, Brecht og Grotowski verða þar í brennidepli og meðul þeirra skoðuð í sambandi við tilganginn. Aðferðafræði, hugmyndafræði og fagurfræði ólíkra leikstjóra verða vegnar og metnar og bornar saman við „aðferð“ námskeiðsins. Unnið verður með túlkun og grunnhugmynd (Concept) í framsetningu efnis og hugað að umgjörð og áhrifameðulum; sjónrænum og hljóðrænum þáttum og endanlegu útliti leiksýninga.

Á undangengnum námskeiðum hefur mikil áhersla verið lögð á vinnu leikstjórans með leikurum, en nú verður að auki skoðað samstarf hans við aðra listræna stjórnendur.

Eftir að skráningu lýkur verða öllum þátttakendum send verk til skoðunar og verða þau lögð til grundvallar vinnunni. Kennari mun einnig senda þátttakendum verkefni til að íhuga og leysa áður en námskeiðið hefst, þannig að ákveðins undirbúnings verður krafist.

Kennsla fer fram með ýmsum hætti; fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni, o.s.frv.

Brettið upp ermar og spýtið í lófa.

### Leikritun I – Grunnnámskeið

Kennari Karl Ágúst Úlfsson



Námskeiðið er ætlað öllum sem áhuga hafa á að spreyta sig við leiktextasmíð, jafnt algerum byrjendum og þeim sem einhverja reynslu hafa.

Kynntir verða helstu þættir klassískrar leikbyggingar og dæmi skoðuð. Sköpunarferlið verður í brennidepli og hugað að því hvað hvetur sköpunina og hvað letur hana.

Í gegnum nokkrar æfingar skoðum við grunneiningar leikritsins – upphaf, miðju og endi, kynnum okkur persónusköpun, söguþráð og samtöl.

Unnið verður með stutt verk, sem þó uppfylla öll skilyrði leiksögunnar, og stefnt er að því að lokaverkefni hvers nemanda verði tilbúið til meðhöndlunar leikara og leikstjóra.

## Á bak við tjöldin – Hönnun og aðferðir við leikmynda- og búningagerð

Kennari Eva Björg Harðardóttir

Námskeiðið er grunnnámskeið í hönnun leiksýninga og hentar öllum þeim sem áhuga hafa á baksviðsvinnu í leikhúsinu.

Markmið námskeiðsins er að efla nemendur í að vera skapandi og skipulagðir. Kynnt verða verkfæri og tækni til að hugsa út fyrir rammann og koma hugmyndum sínum í verk. Í lok námskeiðs eiga nemendur að geta sett fram tillögu að heildarútliti leiksýningar til kynningar fyrir leikstjóra.



Á námskeiðinu verður fjallað um hönnunarferlið – frá fyrstu hugmynd að fullbúinni sýningu. Kynntar verða aðferðir við hönnunarvinnu, gerva-, búninga-, leikmuna- og leikmyndagerð. M.a. verður farið yfir greiningu á handriti, módelgerð, gerð söguborða (storyboard) og hugmyndaborða (moodboard), búningateikningar, samskipti við leikstjóra og aðra listræna stjórnendur, gerð verkáætlunar, fjárhagsáætlunar o.fl.

Námskeiðið byggir á mikilli virkni allra þátttakenda en bæði verður unnið í einstaklingsvinnu og hópum. Námskeiðið skiptist í fyrirlestra, umræður og verklegar æfingar.

Námskeiðið hentar öllum sem áhuga hafa á baksviðsvinnu í leikhúsi, hvort sem er við sviðsmynd eða búninga og mega nemendur velja sér verkleg verkefni út frá sínu áhugasviði. Eftir að skráningu lýkur verða þátttakendum send leikverk til að velja úr og lesa áður en námskeiðið hefst. Einnig listi yfir verkfæri og efnivið sem gott er að hafa með sér.

## Skólalífið





## Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna BÍL

### Freyvangsleikhúsið



#### Lína langsokkur

Höfundur: Astrid Lindgren  
Þýðandi: Þórarinn Eldjárn  
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson  
Þátttakendur: 45  
Sýningafjöldi: 23  
Áhorfendur: 2417

Það er búið að vera mjög gaman hjá okkur hérna í Freyvangi þetta leikári.

Byrjunarverk okkar var að setja upp Línu Langsokk og fengum til liðs við okkur fullt af frábæru fólki. Við ákváðum að fá Gunnar Björn til að leikstýra og kom hann til okkar hingað norður í fyrsta sinn. Gunnar Björn er afar skemmtilegur og hæfileikaríkur og greip hann í ýmis verk þótt það væri alls ekki í verkahring leikstjórans. Við fengum fullt af framtíðarleikurum Freyvangsleikhússins, sem sagt yngri kynslóðin, og við bíðum spennu eftir að sjá hvort þau skili sér ekki til okkar aftur. Jóhanna Katrín, sú sem lék Línu, er búin að fá nokkur sérverkefni í kjölfarið og hefur hún stundum fengið Önnu / Emblu og Tomma/ Símon í lið með sér.

Þegar rétt rúm vika var í frumsýningu á Línu Langsokk kom hugmynd frá hljóðmanni okkar, honum Trausta Ingólfs, að gera hljómsveitargryfju á sviðsvængnum og fannst okkur það mjög góð hugmynd. Var þá farið og tekið tal við yfirmenn í Eyjafjarðarsveit hvort það væri í lagi þeirra vegna og fengum við góðfúslegt leyfi til þessara framkvæmda. Þegar komið var að því að ganga frá eftir sýningar þá var tekið sú skynsamlega ákvörðun að ganga þannig frá þessu að það sé lítið mál að nýta

þessa gryfju aftur og aftur án mikilla framkvæmda eða kostnaðar.

Eftir áramót var mikið spáð hvort við ættum að gera eitthvað og þá hvað. Upp kom sú skemmtilega hugmynd að fá Leikfélag Hörgdælinga á fund með okkur og athuga hvort við gætum ekki leikið okkur eitthvað saman auk þess að styrkja böndin okkar á milli í leiðinni. Leyst þeim mjög vel á og var ákveðið að setja upp nokkur stuttverk þar sem ýmis verk leyndust í förum félaga úr báðum leikfélögum. Þeir sem vildu spreyta sig á að leikstýra völdu sér verk og leikara og var þá ekkert annað eftir en að byrja að æfa. Úr varð verkið Gaman saman sem var sýnt eina helgi við mikinn fögnuð. Þar sem þetta heppnaðist afar vel eigum við örugglega eftir að biðla til þeirra aftur við gott tækifæri.

Bandalagsþing var haldið hjá nágrönnum okkar á Húsavík og vorum við 5 úr stjórninni sem fjölmenntum þangað og höfðum mikið gaman af. Húsvíkingar sýndu okkur húsnæðið sitt og nýju geymsluna sem er algjörlega til fyrirmyndar. Við sáum einnig hjá þeim afar heillandi sýningu, Barpar, í snilldarleikstjórn Völu Fannel. Úr varð að við ákváðum að athuga hvort hún væri til í smá ævintýri með okkur, sem gekk eftir, og erum við byrjuð að æfa verkið Blúndur og blásýra. Það er alltaf að koma betur í ljós að við völdum rétta manneskju í verkið og hlökkum við mikið til að leyfa ykkur að njóta með okkur eftir nokkrar vikur.

Að lokum er gaman að nefna að það voru 5 félagar sem skelltu sér í hinn dásamlega leiklistarskóla sem BÍL býður upp á á hverju ári, 2 í leikritun, 2 á sérnámskeið og 1 á grunnnámskeið fyrir leikara. Hlökkum við mikið til að sjá hvort við fáum ekki að njóta starfskrafta þeirra á komandi árum þar sem ýmislegt spennandi er framundan hjá okkur.

### Freyvangsleikhúsið og Leikfélag Hörgdæla

#### Dauðir á dollunni

Höfundur: Hjálmar Arinbjarnarson  
Leikstjóri: Sindri Snær Konráðsson Thorsen  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

#### Ólíkar systur

Höfundur: Jóhanna S. Ingólfsdóttir  
Leikstjóri: Anna María Hjálmarsdóttir, Jóhanna S. Ingólfsdóttir  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

#### Miðillinn sem fékk áfallastreitu

Höfundur: Stefanía Elísabet Halbjörnsdóttir  
Leikstjóri: Kolbrún Lilja Guðnadóttir  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

#### Raddir í myrkri

Höfundur: Stefanía Elísabet Halbjörnsdóttir  
Leikstjóri: Anna María Hjálmarsdóttir, Gunnar Möller  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109



#### „Hvað ef“

Höfundur: Elfar Þór  
Leikstjóri: Ragnar Bollason  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

#### Sveitaball

Höfundur: Jóhanna S. Ingólfsdóttir  
Leikstjóri: Hjálmar Arinbjarnarson  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

#### Engilsspjall

Höfundur: Hjálmar Arinbjarnarson  
Leikstjóri: Ragnar Bollason  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

#### Eldhússpjall

Höfundur: Guðný Kristinsdóttir, Jóhanna S. Ingólfsdóttir  
Leikstjóri: Jóhanna S. Ingólfsdóttir  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

#### Lottóvinnurinn

Höfundur: Hilmir Arnarson, Jóhanna S. Ingólfsdóttir  
Leikstjóri: Hjálmar Arinbjarnarson  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 109

### Halaleikhópurinn

#### Ástandið

Höfundur: Brynhildur Olgeirsdóttir og Sigrún Valbergsdóttir  
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir  
Þátttakendur: 14  
Sýningafjöldi: 10  
Áhorfendur: 355

#### Skýrsla stjórnar

Stjórn eins og hún var kosin á síðasta aðalfundi: Hanna Margrét Kristleifsdóttir formaður, Stefanía Björk Björnsdóttir varaformaður, Herdís Ragna Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Ása Hildur Guðjónsdóttir ritari og Kristinn Sveinn Axelsson meðstjórnandi. Í varastjórn eru Þróstur Jónsson, Þróstur Steinþórsson og Guðríður Ólafs Ólafudóttir.

Við höfum haldið 16 stjórnarfundum auk fjölmargra óformlegra fundum á sýningatímabilinu þar sem obbinn af stjórn var þátttakendur í Ástandinu. Einnig höfum við verið í miklum samskiptum á samfélagsmiðlum og eftir ýmsum leiðum. Við höfum sent út 2 fréttabréf og nokkra tölvupósta. Við höldum félagsfund 29. sept. 2018. Þá höldum við bíókvöld í maí þar sem við horfum á Sjöundá.

Eitt af fyrstu verkum stjórnar var að skrifa bréf til stjórnar BÍL og Leiklistarskóla BÍL þar sem við spurðum ítarlega um aðgengi í skólanum að

Reykjum. Við fengum greinagóð svör þar sem farið var yfir öll þau atriði sem við spurðum um. Sigrún Valbergisdóttir var ráðinn til að leikstýra okkur. Við settum upp Ástandið, sögur kvenna frá hernámsárunum eftir Brynhildi Ölgeirsdóttur og Sigrúnu Valbersdóttur. Það var frumsýnt 8. feb. 2019. Sýningar urðu 10. Áhorfendur urðu 355. 10 leikarar tóku þátt auk 3 söngmanna og harmonikkuleikara. Alls komu 26 manns að uppsetningunni í heild sinni auk fjölmargra sem lögðu okkur lið á einn eða annan þátt. Sigrún og aðstandendur Brynhildar gáfu okkur eftir sýningagjöldin. Þökkum við þeim öllum fyrir. Í tengslum við æfingar og sýningar héldum við jólapartý, frumsýningarpartý og lokapartý með þátttakendum í Ástandinu.

Farið var í allsherjagrisjun og tiltekt en þrátt fyrir mikinn dugnað fárra þarf að halda því verki áfram.



Nú er búið að ráða Gunnar Björn Guðmundsson til að leikstýra okkur næsta vetur og verður skrifað undir samning við hann hér á fundinum. Ýmislegt er farið að þarfnast endurnýjunar hér, í vetur endurnýjuðum við örbylgjuofninn, keyptum Senseo kaffivél til að nota þegar fáir eru í húsi og keyptum samlokugrill og Router og skiptum yfir í ódýrari áskrift en hættum þá með heimasíma og erum nú bara með gema sem við notum á sýningatímabilinu. Auk þessa er á dagskrá stjórnar að kaupa nýja fartölvu.

Stjórn tók ákvörðun um að endurnýja áhorfendapallana. Gengið var að tilboði frá Exton í færanlega og staflanlega áhorfendapalla, stefnt er að þeir verði komnir upp áður en starfsemi haustsins hefst.

Við sendum tvo fulltrúa á BÍL þing á Húsavík í byrjun maí.

Ýmsir félagar hafa lagt okkur lið á ýmsan hátt á tímabilinu og þökkum við þeim fyrir.

## Hugleikur

### Barinn

Höfundur: Sigríður Bára Steinþórsdóttir  
Leikstjóri: Sigríður Bára Steinþórsdóttir  
Þátttakendur: 9  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 35

### Auður

Höfundur: Ólafur Þórðarson  
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason  
Þátttakendur: 6  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 35

### Þögnin er góð

Höfundur: María Björt Ármannsdóttir  
Leikstjóri: María Björt/Dýrleif Jónsdóttir  
Þátttakendur: 8  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 35

### Leigjendurnir

Höfundur: Ármann Guðmundsson  
Leikstjóri: Ármann Guðmundsson  
Þátttakendur: 7  
Sýningafjöldi: 1  
Áhorfendur: 35

### Gilitrut

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Þórunn Guðmundsdóttir  
Þátttakendur: 30  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 180

### Ár og öld

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Þórunn Guðmundsdóttir  
Þátttakendur: 18  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 180



### Hringrás

Höfundur: María Björt Ármannsdóttir  
Leikstjóri: María Björt Ármannsdóttir  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 74

### Veður

Höfundur: Dagný Harðardóttir  
Leikstjóri: Dagný Harðardóttir  
Þátttakendur: 1  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 74

### Andi og efnisbönd

Höfundur: Gunnar Gunnarsson  
Leikstjóri: Gunnar Gunnarsson  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 74

### AMOC

Höfundur: Ylfa Marín Haralsdóttir  
Leikstjóri: Ylfa Marín Haralsdóttir  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78

### Sláturgerð

Höfundur: Hrund Ólafsdóttir  
Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78

### Hnyklavöld

Höfundur: Sigríður Bára Steinþórsdóttir  
Leikstjóri: Sigríður Bára Steinþórsdóttir  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78

### Fyrir ykkur

Höfundur: Sigríður Bára Steinþórsdóttir  
Leikstjóri: Sigríður Bára Steinþórsdóttir  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78

### Stjórnlaust ævintýri

Höfundur: Dagný Harðardóttir, Guðrún Eysteinsdóttir, Gunnsteinn Fannar Ellertsson, Stefán H. Jóhannsson  
Leikstjóri: Leikhópurinn  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78



### Hvað gerðist í Hamborg? 1. hluti

Höfundur: Stefán H. Jóhannsson  
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannsson  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78

### Hvað gerðist í Hamborg? 2. hluti

Höfundur: Stefán H. Jóhannsson  
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannsson  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 75

### Hvað gerðist í Hamborg? 3. hluti

Höfundur: Stefán H. Jóhannsson  
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannsson  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78

### Hvað gerðist í Hamborg? 4. hluti

Höfundur: Stefán H. Jóhannsson  
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannsson  
Þátttakendur: 6vSýningafjöldi: 2  
Áhorfendur: 78

### Skýrsla stjórnar

Stjórn skipuð Dýrleifu, Þórunni, Guðrúnu, Ninnu, Óskari, Ármanni, Siguu Báru og Sjafnari fundaði á vordögum og lagði línurnar fyrir leikáriði. Þar var ákveðið að auglýsa eftir stóru verki til að sýna eftir áramót. Aðeins eitt verk var sent inn en var það mat stjórnar að ekki hentaði Hugleik að setja upp svo flókið verk vegna þess að ekki var sýningahúsnæði í hendi. Þannig að stórt verk var sett á salt. Ákveðið var að setja upp dagskrá sem fresta þurfti á síðasta leikári tengt Brecht og Weill en bæði var búið að halda tónlistarsmiðju og höfundasmiðju því tengt. Bert hold vælir var sýnd í byrjun nóvember. Félaginu barst fyrirspurn um að taka þátt í Horror Halloween Show og tóku 15 félagar ásamt sminku þátt í því verkefni. Félagið tók þátt í samstarfsverkefni við MÍT á uppsetningum á verkum eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Þetta voru 2 ævintýraóperur og lögðum við til söngvara í kór, leikmynd, búninga, ljós, sýningastjórn og önnur störf tengd uppsetningunni ásamt því að Þórunn leikstýrði verkinu. Þetta er þriðja samstarfsverkefnið. Í lok febrúar stóð félagið fyrir leikara- og leikstjóranámskeiðum með áherslu á leikarann sem skapandi listamann og leikstjórnann sem höfund. Rúnar Guðbrandsson var fenginn til að kenna á þessum námskeiðum og vera leikstjórn innan handar á lokametrunum fyrir sýningu. Þessi námskeið heppnuðust alveg ljómandi vel og var afraksturinn sýndur í stuttverkadagskrá í apríl. Hugleikur styrkti nemendur í Bandalagsskólann að venju Á liðnu starfsári hefur verið starfrækt

höfundasmiðja sem María og Sigga Bára hafa haldið utan um og eru þær með mjög metnaðarfulla áætlun, sumt komst til framkvæmda annað bíður næsta árs en eðli málsins samkvæmt litast starf höfundasmiðju af þeim sem hana sækja.

Stjórn fékk verk eftir Þórunni Guðmundsdóttur sem verk haustsins og Þorgeir Tryggvason hefur samþykkt að leikstýra verkinu. Það sem er gleðilegra er að félagið hefur fengið sýningarstað en stjórn er að ganga frá samningi við Ríkiseignir um leigusamning á Sölvhólsögötu 14 (þar sem nemendaleikhús LHÍ var til húsa. Ljóst er að margra handa verður þörf í haust bæði til að búa til leikhús, leika, spila, hanna, smíða og sauma eða eftir atvikum líma.

Þannig má segja að félagið hafi verið með ansi fjölbreytt efnisval allt frá Operu til absurd.

Stjórn þakkar þeim fjölmörgu höndum sem komu að verkefnum vetrarins.

### Leikdeild UMF Eflingar

#### Brúðkaup

Höfundur: Guðmundur Ólafsson  
Leikstjóri: Vala Fannell  
Þátttakendur: 38  
Sýningafjöldi: 18  
Áhorfendur: 1229



### Ársskýrsla 2019

Starfsskýrsla: Á vormánuðum 2018 var Vala Fannell ráðin leikstjóri hjá Leikdeild Eflingar. Um haustið hófst leiknefnd handa við að velja verk í samráði við leikstjóra og í framhaldi af því var haldinn fundur til að kanna áhuga og kynna verkið. Ákveðið var að setja upp verkið Brúðkaup eftir Guðmund Ólafsson. Boðað var til fyrsta samlestrar undir stjórn leiknefndar í byrjun desember og Jaan Alavere var ráðinn tónlistarstjóri. Æfingar hófust með leikstjóra 10. janúar 2019. Æfingar gengu vel og verkið var

frumsýnt 9. febrúar. Sýningin fékk mikla aðsókn og hlaut góða dóma. Þátttakendur voru eins og yfirleitt áður blanda af gamalreyndum leikurum og öðrum minna reyndum. Leikarar voru 17 auk fjögurra manna hljómsveitar að ógleymdum þeim fjölmörgu sem komu að sýningunni á einn eða annan hátt. Lokasýningin var 31. mars og var sú sýning jafnframt styrktarsýning fyrir ungan mann úr Þingeyjarsveit sem barist hefur við alvarleg veikindi.

Að venju var Leikdeildin í samstarfi við Kvenfélag Reykdæla og Dalakofann. Konur í Kvenfélagi Reykdæla sáu um veitingasölu á sýningum og Dalakofinn bauð upp á sérstakan leikhúsmatseðil fyrir þá leikhúsgesti sem vildu fara út að borða í tengslum við leikhúsférf. Þetta mæltist vel fyrir og var mikið nýtt.

Leiknefnd Eflingar skipa: Freydis Anna Arngrímsdóttir Járnbrá Björg Jónsdóttir Hörður Þór Benónýsson

### Leikdeild UMF Gnúpverja

#### Nanna systir

Höfundur: Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson  
Leikstjóri: Örn Árnason  
Þátttakendur: 12  
Sýningafjöldi: 10  
Áhorfendur: 651

### Skýrsla stjórnar

Leiknefnd skipa Gylfi Sigríðarson, Helga Hoeg Sigurðardóttir og Ingvar Hjálmarsson.

Tókum við fyrsta fund að vori fyrir sauðburð og lögðum línurnar. Ákveðið var að finna fyrst leikstjóra og ákveða verk í samráði við hann. Við réðum Örn Árnason sem leikstjóra og að



endingu var ákveðið að setja upp leikverkið Nönnu systur. Hittumst aðeins fyrir jól og tókum samlestur, það gekk vel að manna hlutverk, fólk á öllum aldri en nóg er framboð af kvenleikurum og mættu karlarnir taka þær sér til fyrirmyndar. Eftir áramót var byrjað að æfa í skólanum og í lok janúar að loknu þorablóti komumst við inn í félagsheimilið og á svið. Frumsýning var 8 mars og sýndar voru 10 sýningar, virkilega góð mæting áhorfenda. Við erum virkilega ánægð og stolt með útkomuna og var leikveturinn ákaflega skemmtilegur.

F.h. Leiknefndar, Gylfi Sigríðarson

### Leikdeild UMF Stafholtstungna

#### Rympa á ruslahaugnum

Höfundur: Herdís Egilsdóttir  
Leikstjóri: Pröstur Guðbjartsson  
Þátttakendur: 23  
Sýningafjöldi: 8  
Áhorfendur: 400

### Leikdeild UMF Skallagríms

#### Fullkomið Brúðkaup

Höfundur: Robin Hawdon  
Þýðandi: Örn Árnason  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 6  
Sýningafjöldi: 12  
Áhorfendur: 407

### Leikfélag Dalvíkur

#### Aðfangadagur á háaloftinu

Höfundur: Nina Christoffersen  
Þýðandi: Jóna Sigurbjartsdóttir  
Leikstjóri: Dana Jóna Sveinsdóttir  
Þátttakendur: 12  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 222

#### Heilmikið Sokka Sökk

Höfundur: Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ösp Eldjárn  
Leikstjóri: Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ösp Eldjárn  
Þátttakendur: 15  
Sýningafjöldi: 6  
Áhorfendur: 45

## Skýrsla stjórnar 2017-18

Stjórn leikársins skipuðu:

Snævar Örn Ólafsson – formaður

Dana Jóna Sveinsdóttir – meðstjórnandi

Borghildur Freyja Rúnarsdóttir – gjaldkeri

Kristín Svava Stefánsdóttir – ritari

Daði Mar Flosason – meðstjórnandi

Varastjórn skipuðu:

Sigrún Ósk Árnadóttir

Eydís Ósk Jónsdóttir

Guðbjörg Anna Óladóttir



Leikárið 2017-18 hefur verið fremur óhefðbundið hjá Leikfélagi Dalvíkur. Hafist var handa við að undirbúa jólasýningu haustið 2017 og var áætlunin að setja hana á svið í lok nóvember. Sú dagsetning hliðraðist til vegna óviðráðanlegra aðstæðna og varð svo að hún var sett á svið 11. og 12. desember. Sýningin fékk nafnið „Ekkert stress“ og var sambland leikþátta og tónlistaratriða. Leikþáttur sýningarinnar var saminn af leikhópnum sem samanstóð af krökkum úr Dalvíkurskóla og Dönu Jónu og Kristínu Svövu. Tónlistarmenn voru heimamenn úr Dalvíkurbyggð og komu víða að. Sýningin tókst mjög vel upp og þakkar Leikfélagið kærlega öllum þeim sem komu að sýningunni. Að sýningunni lokinni, settu systkinin Íris Hauksdóttir og Snorri Hauksson upp frábæra jólatónleika með aðstoð leikfélagsins sem setti endapunktinn á starf leikfélagsins árið 2017.

Strax eftir áramót var farið af stað með verkefni sem setja átti á svið um vorið, leikritið „Með syki og rjóma“. Fenginn var leikstjóri í verkið og sett var af stað vinna við að manna verkið og tókst það eftir mikla leit. Þegar æfingafærið var komið vel af stað, forfallaðist úr hópnum og talið var ómögulegt að halda áfram með verkefnið vegna þess að ekki fékkst leikari í staðinn né var nægur tími til stefnu til þess að talið væri forsvaranlegt að halda áfram. Þessi ákvörðun var mjög þung því ekki var heldur hægt að halda

sýningu vorið 2017 vegna sömu ástæðu. Þessi niðurstaða er augljóslega mikil vonbrigði fyrir Leikfélagið og því mun ný nálgun verða sett á verkefni á komandi leikári. En að öðrum viðburðum má nefna að Leikhópurinn Lotta setti upp sýningu sína í Ungó þann 19. mars og gekk sú sýning vel. Kaffihúsið Gísli, Eiríkur og Helgi tóku við sal Ungó 1. maí og voru með í útleigu til 30. september. Þessi tími er að allra jafna ekki nýttur af leikfélaginu og gekk almennt vel. Samið var um leigu búnaðar leikfélagsins til nýtingu við viðburði á vegum kaffihússins sem gekk að mestu vel þó bæta þurfi úr nokkrum atriðum til framtíðar lítið.

Nú er horft til næsta verkefnis og er það næsta jólasýning sem og áætlað er að setja upp mjög spennandi verkefni eftir áramót sem verður kynnt síðar..

Leikfélag Dalvíkur býr vel að góðum og traustum félagsmönnum og á Leikfélagið á stað í hjörtum margra á Dalvík og þó víðar væri leitað. Það er því okkar allra hagur að halda vel utan um félagið og tryggja starfsemi þess. Að því sögðu siglum við nú spennt og bjartsýn inni nýtt leikar og nýtt tímabil í nýendurbættu húsnæði.

## Leikfélag Fjallabyggðar

### Bót og betrun

Höfundur: Michael Cooney

Þýðandi: Hörður Sigurðsson

Leikstjóri: María Sigurðardóttir

Þátttakendur: 17

Sýningafjöldi: 8

Áhorfendur: 655

### Skýrsla stjórnar

Í byrjun febrúar hófust æfingar á gamanleikritinu Bót og betrun eftir Michael Cooney. Að þessu sinni fengum við til liðs við okkur ljúflinginn hana Maríu Sigurðardóttur leikkonu og leikstjóra. Verkið var valið í samráði við hana en hún hafði



nýverið sett það upp hjá Leikfélagi Húsavíkur. Æfingar hófust um leið og búið var að skipa í hlutverk en alls eru 10 leikarar í verkinu. Að þessu sinni voru 3 leikarar að stíga sín fyrstu spor á sviði og er óhætt að segja að þau hafi öll staðið sig með sóma sérstaklega þar sem þetta verk er mjög hraður gamanfarsi. Æfingar gengu mjög vel og frumsýnt var á ætluðum frumsýningardeggi þann 5. apríl. Verkið fékk mjög góðar viðtökur hjá leikhússgestum þar sem mikill hlátur og klapp einkenndi hverja sýningu. Áætlað var að sýna 7 sýningar en vegna mikillar eftirspurnar þá bættum við við einni aukasýningu. Alls sáu tæplega 700 manns sýninguna.

Færum við öllum þeim sem að sýningunni stóðu kærar þakkar fyrir aðstoðina.

## Leikfélag Fljótshéraðs

### Kjöllinn hennar Grýlu

Höfundur: Þórvör Embla Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Stefán Bogi Sveinsson

Þátttakendur: 14

Sýningafjöldi: 7

Áhorfendur: 148

### Aðfangadagur á Háaloftinu

Höfundur: Nina Christoffersen

Leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Þátttakendur: 17

Sýningafjöldi: 7

Áhorfendur: 148

### Skýrsla stjórnar á aðalfundi

Á starfsárinu skipuðu stjórn:

Ásgeir Hvítaskáld – Formaður.

Fjóla Egedía Sverrisdóttir – Meðstjórnandi.

Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir – Gjaldkeri.

Kristján H Svavarsson – Ritari.

Eva Hrund Kjerúlf – Meðstjórnandi.

Bergsteinn Brynjólfsson – 1. Varamaður.

Páll Jóhann Kristjánsson – 2. Varamaður.

Eva Hrund Kjerúlf sagði upp störfum og tók Bergsteinn við af henni.

Stjórnin hélt 12 starfsfundi á árinu. Tveir aðilar voru styrktir til að fara á Bandalagsskólann 2018.



Unglingastarfið „Leikum saman“ var með lakara móti en stefnan er að efla það þegar yfirvofandi húsnæðisvandi er leystur. Unnið hefur verið að gerð Heimasiðu þar sem allar upplýsingar verða aðgengilegar, saga leikfélagsins, sýningaskrá, búningaskrá og yfirlit yfir stjórnarmeðlimi og fullt af skemmtilegum myndum. Tilvalin upplýsingamiðill og getur miðasala farið þar fram. Vantar síðasta átakið til að klára þetta og þurfum við sækja um styrk til þess.

Sett var upp ein sýning; jólasýningin „Jól í poka“. En síðastliðið sumar tók leikfélagið þátt í heimildarmyndargerð um Kjarval og Kjarvalshvamm. Þar voru leiknar senur, þar sem Jón Hartarson lék Kjarval með glæsibrag. En leikfélagið hjálpaði til við búninga og leikmuni og aðstoðaði við tókur.

Þessa dagana er leikfélagið að taka upp Bíóleikrit í samvinnu við kvikmyndafélagið Frjálst Orð. Og eru upptökur komnar vel á veg, mjög metnaðarfullt verkefni.

En svo nánar um það hvernig leikárið þróaðist; Hófst starfið með að skoða fjölskyldusýningu sem heitir „Horn á Höfði“, þar sem aðallega börn taka þátt. Ekki reyndist nægur áhugi hjá stjórnarmönnum. Þá var ákveðið að setja á svið jólaskemmtun með 2 stuttum jólaleikritum. Og var valið „Aðfangadagur á háaloftinu“ og „Kjöllinn hennar Grýlu“. Ingrid Jónsdóttir hafði verið ráðinn sem leikstjóri. En þegar kom að samlestur kom í ljós að henni leist ekki nógu vel á þessu leikrit. Úr varð að Sigga Lára Sigurjónsdóttir og Stefán Bogi leikstýrðu þessum verkum og var þessi jólasýning sett upp í Blómabragganum. Aðsóknin brást og var tap á sýningunni.

Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir, fyrrverandi formaður skaffaði styrk frá Fljótshéraði til að gera bíóleikrit úr leikriti eftir mig sem heitir Skip úr fortíðinni. Við bættist styrkur frá Alcoa og í allt fengum við 500.000 kr. styrk. Ákveðið var að ráðast í þetta verkefni í samvinnu við kvikmyndafélagið Frjálst orð. Allt hafa 18 tókudagar farið fram sem er sirka fyrrihlutinn.

Þá eru það húsnæðismálin. Fyrst þá misstum við Heimatúnið og neyddumst til að flytja allt dótið hingað og henda því sem var orðið úrelt.

Leigusamningurinn hér rennur út 15. júní næstkomandi. Og hefur mikil vinna og orka farið í að reyna leysa þetta stóra vandamál. Margir fundir og samræður hafa átt sér stað með bæjarstjórninni, húseigendum og gámafyrirtækjum. Húsnæðisvandamálið er ekki leyst. En jákvæðar blikur eru í lofti.

## Leikfélag Hofsóss

### Gullregni

Höfundur: Ragnar Bragason  
Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson  
Þátttakendur: 27  
Sýningafjöldi: 8  
Áhorfendur: 480



### Starfsskýrsla Leikfélags Hofsóss leikárið 2018-2019.

Aðalfundur Leikfélags Hofsóss var haldinn í Félagsheimilinu Höfðaborg fimmtudaginn 29. desember kl. 20:30 en áður hafði honum verið frestað vegna veðurs. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf og umræður um komandi leikár. Ákveðið var að setja upp leikrit á starfsárinu og fela stjórn að leita eftir leikstjóra. Stefnt var að frumsýningu seinni part marsmánaðar.

Í janúar gekk stjórn frá ráðningu Ólafs Jens Sigurðssonar sem leikstjóra og mætti hann á staðinn þann 11. febrúar. Eftir talsverðar vangaveltur var loks ákveðið að ráðast í uppsetningu á Gullregni eftir Ragnar Bragason sem sýnt var við góðar undirtektir í Borgarleikhúsinu fyrir nokkrum árum en hefur ekki verið tekið til sýningar hjá neinu áhugaleikfélagi fyrr. Æfingar hófust af fullum krafti um miðjan febrúar og er óhætt að segja að mikil vinna hafi verið lögð að baki, jafnt í sviðsmyndagerð, búningaöflun og á öðrum sviðum verksins. Loks var leikritið frumsýnt þann 4. apríl í Félagsheimilinu Höfðaborg. Auglýstar voru níu sýningar en ein féll niður vegna veikinda leikara. Aðsókn var fremur dræm á

fyrstu sýningarnar en vel rættist úr því á seinni hluta sýningatímabilsins og fengum við mjög góðar viðtökur. Heildarfjöldi áhorfenda var 480 manns. Leikarar í sýningunni voru sjö en persónur átta. Í heildina unnu 28 manns að sýningunni.

Í lok júní tók leikfélagið svo þátt í kvöldvöku á bæjarhátíðinni Hofsós heim.

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður.

Stjórn Leikfélags Hofsóss skipa:

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður,

Svanhildur Harpa Kristinsdóttir, ritari

Eiríkur Frímann Arnarson, gjaldkeri

Margrét Árnadóttir, meðstjórnandi

Sigmundur Jón Jóhannesson, meðstjórnandi

## Leikfélag Hornafjarðar

### Filamaðurinn

Höfundur: Bernand Pomerance  
Þýðandi: Sigurður Hilmar Friðbjólfsson  
Leikstjóri: Stefán Sturla Sigurjónsson  
Þátttakendur: 25  
Sýningafjöldi: 6  
Áhorfendur: 357

## Leikfélag Hólmavíkur

### Nanna systir

Höfundur: Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson  
Leikstjóri: Skúli Gautason  
Þátttakendur: 14  
Sýningafjöldi: 10  
Áhorfendur: 600



### Dúkkulísa

Höfundur: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir  
Leikstjóri: Esther Ösp Valdimarsdóttir  
Þátttakendur: 6  
Sýningafjöldi: 5  
Áhorfendur: 100

### Strandanornir

Höfundar:  
Bára Örk Melsted, Alma Lind Ágústsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Raket Yr Stefánsdóttir  
Leikstjóri: Raket Yr Stefánsdóttir  
Þátttakendur: 4  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 100

### Of(s)EIN

Höfundur: Bára Örk Melsted, Alma Lind Ágústsdóttir, Raket Yr Stefánsdóttir  
Leikstjóri: Raket Yr Stefánsdóttir  
Þátttakendur: 3  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 30

### Skýrsla formanns leikárið 2017-2018

Aðalfundur Leikfélags Hólmavíkur var haldinn í Félagsheimilinu á haustdögum 2017. Frekar fámennt var á fundinum og tókst með herkjum að manna stjórnina fyrir leikárið.

Ný stjórn var kostin og eftirfaramdi hlutu kosningu. Í aðalstjórn voru kosin: Ingibjörg Emilsdóttir formaður, Ágúst Þormar Jónsson stjórnarmaður, Ásta Þórisdóttir, Esther Ösp Valdimarsdóttir ritari og Jóhanna Ása Jóns Huldudóttir gjaldkeri. Í varastjórn voru: Eiríkur Valdimarsson, Didda Hjartardóttir Leaman og Ísak Leví Þrastarson. Fljótlega var Didda tekin inn í aðalstjórn þar sem Guðbjörg J. lét af störfum. Esther varð þá gjaldkeri og Didda ritari.

Á aðalfundinum ræddu fundarmenn veturinn framundan og var óskað eftir því að haldin yrði handritasmiðja og að sett yrði upp leikrit í fullri lengd með grunnskólanum. Einnig stefndum við á að hittast einu sinni í mánuði og og hafa gaman. Lesa handrit og eitthvað meira sprell. Það datt þó upp fyrir eftir 2-3 skipti en var þó mjög gaman.

Handritasmiðja

Það var mikið reynt að halda handritasmiðju. Eftir fundarhöld var ákveðið að reyna að fá Benóný Ægisson til þess að halda smiðjuna. Þegar auglýst var eftir þátttakendum voru

undirtektir mjög dræmar. Reynt var að fá Fræðslumiðstöð Vestfjarða með í verkefnið sem var tilbúin til þátttöku. Að lokum endaði þetta þó með því að ekkert námskeið var haldið vegna þátttökuleysis.

Jóladagatalið

Í samstarfi við Grunnskólann á Hólmavík var leikritið Jóladagatalið sett upp með nemendum á miðstigi. Sýndar voru tvær sýningar á Hólmavík og leikstjóri var Ingibjörg Emilsdóttir. Formanni fannst það takast einstaklega vel og var stoltur af nemendum sínum. Leikritið sem er eftir Ester Sigfúsdóttur, Jón Jónsson, Arínu Óladóttur, Ásmund Vermundsson og Einar Indriðason, var frumflutt árið 1989 en hefur verið leikið nokkrum sinnum síðan. Verkið var flutt af LH á netinu í 13 hlutum fyrir jólin 2015.



Halti Billi

Ráðinn var leikstjóri til að setja upp verkefni með Grunnskólanum á haustdögum 2017. Skúli Gautason var ráðinn leikstjóri og frá Grunnskólanum kom Esther Ösp verkefnastjóri. Eftir samlestur var ákveðið að setja upp verkið Halti Billi eftir Martin McDonough. Sýnt var í Bragganum að þessu sinni og tókst það vel til.

Samtals voru 8 sýningar haldnar á verkinu, 3 á Hólmavík, ein á Þingeyri, Patreksfirði, Búðardal, Ámshreppi og Akranesi. Frumsýnt var 2. apríl og lokasýning var 3. júlí og því var þetta einstaklega langt sýningartímabil og eiga allir sem að þessu verki komu einstakt hrós skilið fyrir dugnað. Ekki gekk mjög vel að fá nemendur grunnskólans til að taka þátt, en einungis tveir nemendur tóku þátt að þessu sinni.

Strandir í verki

Hugmynd kviknaði innan stjórnar um að bjóða Strandabyggð með okkur í samstarf um leiklistartengt verkefni í vinnuskólanum með svipuðu sniði og Náttúrubaraskólinn hafði gert sumarið áður. Sótt var um styrki til verkefnisins og tóku allir aðilar mjög jákvætt í verkefnið. Auglýst var eftir leikstjóra til að stýra verkefninu og var ráðin Raket Yr Stefánsdóttir. Þrjár stúlkur tóku þátt í verkefninu, þær Bára Örk Melsted, Alma Lind Ágústsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir. Á Hamingjudögum sýndu þær frumsamið

stuttverk, „Strandanornir“ sem þær sömdu upp úr þjóðsögum af Ströndum. Á Hamingjudögum voru þær einnig með spádómsgjörning sem þær endurtóku svo á Náttúrubarnehátíð. Í júlí hætti Ingibjörg og tvíeykið Alma og Bára héldu áfram. Þær sýndu nú „Strandanornir“ aftur á Náttúrubarnehátíð og Reykhóladögum þó þær væru bara tvær. og þrisvar sinnum á Hólmavík. Þær skipulögðu skemmtikvöld á Café Riis „open mic“ þar sem fólk gat stigið á stökk og flutt ýmis verk sín eða annarra, en þær fluttu einnig eigin texta sem þær höfðu unnið að í skapandi skrifum í verkefninu. Þessir textar voru svo uppistaðan í litlu leikverki sem þær settu saman og kallaðist Of (S)ein og var það flutt þrisvar sinnum í Félagsheimilinu á Hólmavík.

Námskeið

Haldið var opið námskeið í leiklist og spuna, ekki síst fyrir börn og unglunga. Skúli Gauta hélt það fyrir uppsetningu Halta Billa.

Aðalfundur BÍL

Einn fulltrúi stjórnar fór á aðalfund BÍL þetta árið en það var Ágúst Þormar Jónsson.

Afmæli Jóns Jónssonar

Leikfélagið samgladdist með einum dyggasta félaganum, Jóni Jónssyni á fimmtugsafmælinu hans. Troðið var upp með ýmist glens og gamanmál. Í framhaldi af afmælinu má nefna það að hluti stjórnar og afmælisbarn fóru í hjólaferð í Heydal og gistu þar eina nótt. Mikil gleði og mikið gaman.

## Leikfélag Húnaþings vestra

### Snædrottningin

Höfundur: H.C. Andersen

Þýðandi: Sigurður Lindal Þórisson

Leikstjóri: Greta Clough

Þátttakendur: 17

Sýningafjöldi: 3

Áhorfendur: 320

### Hárið

Höfundur: Gerome Ragni og James Rado

Þýðandi: Davíð Þór Jónsson

Leikstjóri: Sigurður Lindal Þórisson

Þátttakendur: 42

Sýningafjöldi: 6

Áhorfendur: 950

Leikárið 2018-2019 er búið að vera viðburðarríkt hjá Leikflokki Húnaþings vestra. Var þetta fyrsta starfsár leikfélagsins eftir sameiningu Leikflokksins á Hvammstanga og Leikdeild ungmennafélagsins Grettis á Laugarbakka.

Starfsemin hófst af miklum krafti þar sem ákveðið var að setja upp tvær sýningar á leikárinu. Jólasýninguna Snædrottningin eftir H.C. Andersen og söngleikinn Hárið eftir



Gerome Ragni og James Redo. Svo fór að Snædrottningin varð að heimsfrumsýningu þar sem Sigurður Lindal Þórisson gerði nýja þýðingu á verkinu fyrir leikfélagið, en kona hans Greta Clough sá um leikstjórn. Sýningin heppnaðist mjög vel og um 320 manns komu að sjá sýninguna.

Sigurður sá svo um leikstjórn á Hárinu sem frumsýnd var sl. páska. Um 950 manns komu að sjá Hárið og sló áhorfendafjöldi því fyrra met leikfélaganna, en störfuðu félagin í sameiningu með uppsetningu á Súperstar árið 2016 og voru um 900 manns sem sóttu þá sýningu.

Um 42 manns tóku þátt í Hárinu sem má segja að sé góður fjöldi miðað við stærð félagsins og er stjórn þess ánægð með að geta sýnt fram á vilja heimafólks til að taka að sér eins stórt og metnaðarfullt verkefni eins og Hárið er en voru allir þátttakendur heimafólk að undanskilinni Cassie Newby sem gerði sér ferð tvisvar frá London til að koma að dönsu sýningarinnar ásamt Sigurði leikstjóra.

Leikár félagsins endaði svo með þeim skemmtilegu fréttum að Hárið var valið athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2018-2019 en er það í fyrsta skiptið sem sýning úr Húnaþingi vestra nær þeim árangri.

F.h. stjórnar  
Ingibjörg Jónsdóttir

## Leikfélag Húsavíkur

### Barpar

Höfundur: Jim Cartwright

Þýðandi: Guðrún J. Bachmann

Leikstjóri: Vala Fannell

Þátttakendur: 56

Sýningafjöldi: 12

Áhorfendur: 561

## Skýrsla stjórnar

Margt hefur drifið á daga stjórnar LH frá síðasta ársriti. Samkomuhúsið var sem fyrr nýtt til ýmissa viðburða á milli sýninga LH. Harpa Fönn Sigurjónsdóttir stóð fyrir listahátíðinni Skjálíandi festival í maí, sem hefur fest sig rækilega í sessi sem árlegur viðburður. Í júní stóð Karen Erludóttir fyrir leiklistarnámskeiði fyrir börn og unglunga í 5.-7. og 8.-10. bekk. Meðal viðburða í sumar voru tónleikar, galdrasýning, brúðuleiksýning Þjóðleikhússins með Bernd Ogrodnik, bíósýning í tilefni af Könnunarsöguháttíð og þá stóð hópurinn Ecstatic Dance Iceland fyrir viðburðum á borð við módelteikningu og Eye contact Experiment.

Aðalfundur Leikfélags Húsavíkur var haldinn í Samkomuhúsinu 3. október 2018 með hefðbundinni dagskrá og við það tækifæri bættust 4 nýir félagar í LH.

Í haustbyrjun var flikkað upp á Samkomuhúsið að innan með málningu og parketlög. Borgarhólsskóli sýndi svo leikritið Gauragang um miðjan október, í leikstjórn Karenar Erludóttur og í nóvember sýndi leikfélag Framhaldsskólans á Húsavík, Pýramus og Þispa, leikritið Vælujúga, einnig í leikstjórn Karenar Erludóttur.



Húsnæði sem félagið átti með Norðurþingi og nýtt var fyrir leikmynda- og búningageymslu, auk almennrar aðstöðu fyrir LH, var selt á árinu og þess í stað fékk leikfélagið samning um langtímaleigu í nýbyggðu stálgrindarhúsi í Fiskifjöru á Húsavík. LH fékk húsið afhent í október þegar búið var að smíða milliloft og veggir eftir forskrift hönnunardeildar LH.

Á haustdögum fór mikil vinna í að standsetja húsnæðið og 12. janúar var allt dónið flutt á milli staða.

LH réði Völu Fannell til þess að leikstýra uppsetningu ársins og ákváðum við í sameiningu að setja upp verkið Barpar með frumsaminni tónlist. Samlestur og æfingar hófust í janúar og frumsýnt var 9. mars 2019. Þótt 14 hlutverk séu í leikritinu er það skrifað fyrir tvo leikara og oftast leikið þannig. Við ákváðum



hinsvegar að fara aðra leið og fengum sjö leikara til að fara með þessi hlutverk.

Á sviðinu (barnum) var auk þeirra hljómsveit, þar sem Kristján Stefán Halldórsson flutti ásamt þremur öðrum tónlist sem hann samdi fyrir verkið en söngtextana gerðu Kristján og Hörður Benónýsson.

Aðsókn á sýninguna var talsvert minni en verið hefur síðustu ár og ánægjulegt hefði verið að fá fleiri gesti. Það er hinsvegar nokkuð sem við gerðum ráð fyrir þegar við völdum þetta verk og erum við hæstánægð með útkomuna, frammistöðu allra sem að komu og virkilega stolt af þessari uppsetningu.

Tólfta og síðasta sýning var laugardag fyrir Páska, 20. apríl. Það gafst því ekki mikill tími til slökunar því sem kunnugt er var LH gestgjafi á aðalfundi BÍL sem haldinn var hér á Húsavík 3.-5. maí 2019. Þar nutum við þess að eiga breiðan, fjölhæfan og duglegan hóp félagsmanna, svo ekki mæddi allt á sömu einstaklingunum. BÍL mun væntanlega segja fréttir af fundinum en við þökkum kærlega fyrir komuna og vonum að þið hafið notið dvalarinnar á Húsavík.

Stjórn Leikfélags Húsavíkur:

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, formaður

Berglind Ósk Ingólfssdóttir, ritari

Ari Páll Pálsson, gjaldkeri

Ása Gísladóttir, meðstjórnandi

Guðrún Einarsdóttir, meðstjórnandi

## Leikfélag Hveragerðis

### Tveir Tvöfaldir

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Íbsen

Leikstjóri: María Sigurðardóttir

Þátttakendur: 22

Sýningafjöldi: 17


Áhorfendur: 1287

### Skýrsla stjórnar 2018-2019

Aðalfundur félagsins var haldinn miðvikudaginn 28 febrúar 2018.

Þá stóðu yfir sýningar á verkefni vetrarins Glanna Glæp. Sýndar voru 17 sýningar, og rúmlega 1,100 áhorfendur.

Í stjórn voru kosin Formaður: Valdimar Ingi Guðmundsson, Ritari: Jóhann Tr. Sigurðsson, Gjaldkeri: Hugrún Ásta Óskarsdóttir.



Meðstjórnendur: Elín Hrönn Jónsdóttir og Hrefna Ósk Jónsdóttir. Varastjórn: Sigurður Rúnarsson, Kjartan Rúnarsson og Kristín Ólafsdóttir. Stjórnin hefur haldið marga fundi á starfsárinu og einnig notað mikið Facebook og Messenger hópa til að velta hugmyndum sín á milli. Hefur það sparað mikinn tíma.

Fljótlega um vorið var farið að huga að ráðningu á leikstjóra, og höfðum við þá þegar ákveðið að setja upp gamanleikrit. Höfðum samband við Jón Gunnar Þórðarson, hvort hann hefði tíma og áhuga á að vinna með okkur. Áhuga hafði hann en ekki tíma, en úr varð að hann ráðlagði okkur að tala við Maríu Sigurðardóttur. María var svo ráðin til starfa í apríl og ákveðið að taka til sýninga farsa/hurðafarsa. Eftir dálitla leit og pælingar þá ákvað stjórn að ráðast í uppfærslu á Tveim tvöföldum. Fyrsti samlestur var 23. október og mættu yfir tuttugu félagar. Frumsýnt var 2. febrúar og urðu sýningar samtals 17 og ríflega 1200 áhorfendur.

Á frumsýningunni var Steindór Gestsson félagi okkar til nær 50 ára gerður að heiðursfélagi, en hann hefur tekið þátt í 40 leiksýningum hjá Leikfélagi Hveragerðis.

Haldnir hafa verið tveir tiltektardagar og hefur okkur nánast tekist að taka til í öllu geymslurými okkar, eitthvað örlítið eftir í búningageymslu. En meiningin er að allt þar, sem ekki hangir á slám, verði í glærum plastkössum eða á hillum, vel merkt og skráð.

Ný ljós voru sett upp í búningageymslunni.

Að venju var mikið að gera hjá aðstoðarmönnum jólasveinanna í lok árs, jólasveinar skemmtu börnum og fullorðnum þegar kveikt var á jólatréi bæjarbúa fyrsta sunnudag í adventu. Þá gengu jólasveinar í hús á aðfangadagsmorgun og dreifðu þökkum, með dyggri hjálp björgunarsveitarinnar. Skemmtilegt verkefni, sem Leikfélag Hveragerðis hefur staðið fyrir í 35 ár. Þá skemmtu jólasveinar börnum og fullorðnum á jólaballi Lions á öðrum degi jóla og einnig á jólaskemmtun hjá Dvalarheimilinu Ás. Einnig mættu jólasveinar ásamt foreldrum sínum og öðru hyski á þrettándagleði á Skyrgerðinni.

Félagar úr Leikfélaginu voru með atriði á skemmtun hjá leikskólum Hveragerðis í júní, einnig komu félagar fram á 17. júní hátíðarhöldunum. Þá skemmtu félagar líka á Stóra Ísdeginum á Blómstrandi Dögum.

Valdimar Ingi Guðmundsson formaður

## Leikfélag Keflavíkur

### Allir á trúno

Höfundur:

Július Guðmundsson, Arnór Sindri Sölvason, Jón Bjarni Ísaksson, Yngvi Þór Geirsson, Ómar Ólafsson og Sigurður Smári Hansson

Leikstjóri: Björk Jakobsdóttir

Þátttakendur: 17

Sýningafjöldi: 19

Áhorfendur: 2000



### Furðuverk

Höfundur: Arnar Ingi Tryggvason

Leikstjóri: Guðný Kristjánsdóttir og Halla Karen Guðjónsdóttir

Þátttakendur: 18

Sýningafjöldi: 8

Áhorfendur: 425

### Skýrsla stjórnar 2018-2019

Í eftirfarandi punktum er stiklað á stóru í starfsemi Leikfélags Keflavíkur yfir leikárið 2018-2019.

Aðalfundur síðasta leikárs fór fram töluvert síðar en lög gera ráð fyrir vegna anna stjórnar við uppsetningu á Mystery Boy í Þjóðleikhúsinu en fundurinn fór fram þann 7. júní 2018.

Kallað var til allsherjartiltektardags sem endaði með grillveislu, þann 5. júlí 2018

Leikfélag Keflavíkur sá um skemmtiatriði á hátíðarsviði 17. júní, en þar sáu Dýrin í Hálsaskógi bæði um að kynna hin ýmsu atriði á sviði, ásamt því að skemmta gestum og gangandi, bæði á sviði og hátíðarsvæði.

Mystery Boy teymið kom fram við nokkur tækifæri og má þar nefna Sandgerðisdaga, afmælishátíð Nesvalla og skemmtikvöld hjá Oddfellow.

Dýrin héldu áfram för sinni um svæðið og tóku að sér að koma fram á hinum ýmsu bæjarhátíðum á Suðurnesjum.

Þær Guðný Kristjánsdóttir og Halla Karen Guðjónsdóttir, fóru af stað með leiklistarnámskeið fyrir börn á unglingsstigi í grunnskólum Reykjanesbæjar en námskeiðið hófst í september 2018, og endaði með frumsýningu á frumsömdum unglingsöngleik sem ber heitið Furðuverk, þann 26. janúar síðast liðinn.

Leikfélagið sýndi listagjöfning, sem gerður var í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins, en gjöfningurinn var sýndur í tvisgang; síðasta vor og á Fullveldisdaginn þann 1. desember 2018.

Leikfélagið var fengið til að sjá um skemmtun við tendrun jólatréssins í Skrudgarðinum 2. desember 2018, en þar voru kynnt til sögunnar Jóladyrin í Hálsaskógi sem skemmtu á sviðinu í fimbulkulda ásamt því að dansa með viðstöddum í kring um jólatréð.

Þátttaka Leikfélags Keflavíkur í þrettándagleði Reykjanesbæjar hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár og var engan bilbug að finna þetta árið. Tvö ár í röð hafa þátttakendur frá félaginu verið um 40 manns, bæði börn og fullorðnir. Í ár bættust við þrjú ný risa tröll sem eru búin til af félagsmanni og börnum hans og settu þau mikinn svip á hátíðina sem og aðrar kynjaverur frá félaginu.

Í lok nóvember fékk stjórn LK nokkra flotta félagsmenn í það að skrifa revíu fyrir félagið sem frumsýnd var þann 8. mars 2019. Æfingar hófust í janúarbyrjun og fékk félagið Björk Jakobsdóttur til liðs við sig sem leikstjóra.

Revían, sem hlaut nafnið „Allir á trúno“, var afskaplega vel sótt og voru sýndar 19 sýningar og heildarfjöldi áhorfenda var 2000. Í lok sýningartímabilsins var skorað á félagið að efna til styrktarsýningar til þess að safna fé fyrir verkefnið „Frú Ragnheiður“. Sem er

skaðaminnkunarverkefni Rauða Krossins. Félaginu var það bæði ljúft og skylt og söfnuðust um 300.000 krónur.

Atriði úr revíunni voru send á nokkrar skemmtanir og allstaðar gerður að þeim góður rómur.

Félagið sendi blessuð „Dýrin“ upp Þorbjörn þar sem fram fór ævintýraganga fjölskyldunnar á vegum Reykjanesbæjar í byrjun maí.

Húsið var nýtt undir sýningar á einleik Alberts Halldórssonar 17.maí síðast liðinn.

Upptökur á tónlistinni úr söngleiknum Mystery Boy fóru fram sl. sumar og er platan komin út á Spotify.

Að lokum er vert að minnast á úrbætur sem gerðar hafa verið á leikárinu en keypt var ný tölva á tækniloftið til að notast við nýtt keyrsluferfi, nýjir hátalarar, nóða til að tengja ljósín við tölvuna og ein ný spöng.

Fremri salurinn var málaður af Yngva stjórnarmeðlim ásamt því að brunavarnarkerfi hússins var allt endurnýjað.

Stjórn Leikfélags Keflavíkur 2018-2019

Sigurður Smári Hansson

Arnar Helgason

Halla Karen Guðjónsdóttir, Yngvi Þór Geirsson, Þórhallur Arnar Vilbergsson, Guðlaugur Ómar Guðmundsson og Hulda Björk Stefánsdóttir.

## Leikfélag Kópavogs

### Tom Dick og Harry

Höfundur: Michael og Ray Cooney

Þýðandi: Hörður Sigurðarson

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Þátttakendur: 9

Sýningafjöldi: 12

Áhorfendur: 623



### Unglingarnir

Höfundur: Hópurinn

Leikstjóri: Gríma Kristjánsdóttir

Þátttakendur: 3

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 30

### Át takið

Höfundur: Ólafur Þórðarson

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Þátttakendur: 4

Sýningafjöldi: 2

Áhorfendur: 85

### Boðorðin 10

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir

Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir

Þátttakendur: 2

Sýningafjöldi: 2

Áhorfendur: 85

### Engin vettlingatök

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Örn Alexandersson

Þátttakendur: 1

Sýningafjöldi: 2

Áhorfendur: 85

### Hinir óvelkomnu

Höfundur: Walter Wykes

Þýðandi: Hörður Sigurðarson

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Þátttakendur: 3

Sýningafjöldi: 2

Áhorfendur: 85

### Skýrsla stjórnar 2018-2019

Leikárið byrjaði með látum en ákveðið var á vordögum 2018 á setja upp nýjan og spennandi farsa. Leikárið eftir áramót var heldur rólegra, en starfsemin fjölbreytt og fastir liðir á sínum stað.



Framkvæmdastjóri hússins

Það fyrirkomulag að hafa framkvæmdastjóra leikhússins hefur reynst það vel að stjórn ákvað að framlengja samningnum þriðja árið í röð. Framkvæmdastjóri sér um það sem viðkemur húsinu sjálfu og samskipti við þá aðila og hópa sem fá inni í Leikhúsinu. Að öllum líkindum er þetta fyrirkomulag komið til að vera.

Framkvæmdir innanhúss

Mikið var rætt um að fara í framkvæmdir innanhúss en minna gert, enda nýbúið að taka vel í gegn á neðri hæð hússins. Þetta virðist vera verkefnið endalausa. Draumurinn er að ráðast í framkvæmdir í leikararými á efri hæðinni. Skoðaðar voru gamlar teikningar af skipulagi rýmisins og uppi eru hugmyndir að betrubæta aðstöðuna þar á næstunni.

Götuleikhúsið

Götuleikhúsinu býðst aðstaða í Leikhúsinu í júní og júlí. Sem fyrr var umgengni til fyrirmyndar og engin vandamál komu upp

Farsinn Tom, Dick og Harry

Í lok ágúst hófst samlestur á farsanum Tom, Dick og Harry í þýðingu og

leikstjórn Harðar Sigurðarsonar. Það gekk vonum frammar að manna í 9 manna farsa og færri komust að en vildu. Æfingar gengu vel, eins hönnun leikmyndar sem var í höndum Maríu B. Ármannsdóttir sem hafði nýlengi námskeið í sviðsmynda og búningahönnun hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga með styrk frá LK. Frumsýnt var 1. nóvember, sýnt var fyrir og eftir áramót. Sýningar urðu 12 talsins og aðsókn var með ágætum.

Stjörnuljósakvöld

Stjörnuljósakvöld var í seinna fallinu þetta árið. Yfirleitt hefur það verið fyrsta laugardag eftir afmæli félagsins sem er 5. jan. Leikmyndin í farsanum gerði það að verkum að það þurfti að seinka stjörnuljósakvöldinu. Stór sófi spilaði stóran þátt í leikmyndinni og hann var boltaður fastur við gólfið á miðju sviðinu! Skemmtidagskrá var í kvöldvökuformi. Ýmsir aðilar stigu á stökk og heppnaðist kvöldið vel.

Allir höfðu gaman að.

Leiklistarnámskeið fyrir byrjendur

Í febrúar bauð Leikfélagið upp á námskeið fyrir byrjendur í leiklist fyrir fullorðna. Kennari var Hörður Sigurðarson. Alls voru 10 manns á námskeiðinu. Námskeiðið var alls 18 klst. Félagið hefur boðið upp á sambærilegt námskeið ár hvert og var almenn ánægja með námskeiðið eins og endranær. Sex af þátttakendunum tóku síðan þátt í leikþáttadagskrá nú í vor og stigu þar með sín fyrstu skref á sviði.

Leiklistarnámskeið fyrir unglinga

Eins og áður bauð leikfélagið upp á námskeið fyrir unglingana. Kennari var Gríma Kristjánsdóttir. Kennt var einu sinni í viku til að byrja með en oftar

eftir því sem leið að lokum námskeiðs. Uppi voru hugmyndir um samstarf við Grunnskóla Kópavogsbæjar að bjóða þessi námskeið sem hluta af leiklistarvali í eldri bekkjum grunnskólanna. Sú umræða fór heldur seint af stað og ekki náðist í tíma að skipuleggja það til hlýtar.

Að þessu sinni var námskeiðið haldið eftir áramót. Ástæðan var Farsinn sem var settur upp í haust og erfiðt að vera með námskeið á sama tíma, enda tók leikmynd farsans mikið pláss á sviðinu. Námskeiðið byrjaði í febrúar og það varð ofan á að þetta var samstarfsverkefni Leikfélagsins og Kópavogsbæjar. Ákveðið var að bjóða námskeiðið fritt og tengja námskeiðið við Barnamenningarhátíð. Ljúka átti námskeiðinu í Salnum í Kópavogi þegar Barnamenning staði sem hæst. Skemmt er frá því að segja að mjög dræm þátttaka var á námskeiðið, þrátt fyrir samstarfið og að Kópavogsbær auk okkar auglýsti námskeiðið á sínum síðum og dreifði auglýsingu frá LK inn í skólana. Sex krakkar byrjuðu en aðeins 3 luku námskeiðinu. Ekkert varð úr að að sýna í Salnum eins og lagt var upp með í fyrstu, enda var sýningin alltaf að taka breytingum vegna smæðar hópsins. Það endaði þó með sýningu í Leikfélagi Kópavogs í apríl eftir 10 vikna námskeið.

Undirrituð spyr sig hvers vegna þátttaka á námskeið hjá okkur fer sífellt minnkandi með ári hverju. Er það samkeppninni um að kenna? Nú er til dæmis boðið upp á leiklistaráfanga í flestum skólum Kópavogs. Auglýsum við ekki nægilega vel? Við í stjórn félagsins þurfum að gera breytingar með fyrirkomulagið því það er nokkuð ljós að við getum ekki startað unglínganámskeiði á næsta leikári án verulegra breytinga.

Álfhóllsskóli

Álfhóllsskóli í Kópavogi fékk afnot af Leikhúsinu í 2 vikur í febrúar. Æfði og sýndi söngleikinn Grease.



Menntakólinn í Kópavogi

Eins og endranær fékk Leikfélag Menntaskólans í Kópavogi, Sauðkindin, afnot af húsinu í 3 vikur eins og kveðið er á um í samningi Leikfélags Kópavogs við Kópavogsbæ. Árið í fyrra var reyndar undantekning þar sem MK afþakkaði húsið með fyrirvara, sem kom LK mjög vel vegna velgengi sýningarinnar Fróði og allir hinir grislingarnir.

Fráteknar voru 3 vikur í vor frá 1. mars til 21. mars fyrir MK. Í stuttu máli fór það svo að Leikfélag Menntaskólans sá sér ekki fært að nota húsið og lét vita af því þegar vika var liðin af umræddum tíma. Teljum við í stjórn Leikfélagsins þetta afar hvítleitt þar sem við annars vegar skipuleggjum starfsemi okkar að hluta til í kringum veru MK í húsinu, en hins vegar hefðum við getað leigt út húsnæðið á þessum tíma ef við hefðum haft vitneskju um það fyrr, að ekkert yrði af því að MK kæmi í húsið. Húsið var því ekki í notkun í 3 vikur samfelld á þessu leikári.

Kvikmyndaskólinn

Kvikmyndaskólinn leigði Leikhúsið fyrir sín verkefni á vorönn. Hann hafði húsið til afnota í 2 vikur í maí að þessu sinni. Allt gekk vel og fór vel fram.

Leikþáttadagskrá

Eftir að veru Kvikmyndaskólans í húsinu lauk byrjuðu æfingar á fullu á nýrri leikþáttadagskrá sem við kusum að nefna Leikróf. Um var að ræða sex leikþætti, en fljótt var ljóst að tveir þættir yrðu ekki með vegna veiknda leikara. Æft var stíft í þrjár vikur og frumsýnt var 1. júní. Alls tóku níu leikarar þátt í dagskránni og þar af sex nýir leikarar eins og fyrr segir. Þetta tókst með ágætum og sýnt var tvisvar við nokkuð góða aðsókn.

Eins og sjá má af ofangreindu var leikárið fjölbreytt að venju en líka nokkuð hnökrótt. Það gekk illa að fá krakka til að stunda leiklist hjá okkur, húsið var ekki eins vel nýtt og það hefði geta verið, eins var aðsókn á sýningar heldur minni en við áttum von á. Í það minnsta virtist vera erfiðara en áður að ná til fólks og fá það á sýningar Spurningin er ; hvað veldur? Það er alltaf gott að setjast niður og horfa yfir farinn veg, sjá hvað hefur tekist vel og hvað mætti betur fara. Við erum jú alltaf að læra. Það að horfa til baka eflir mann í því að langa að gera betur og þannig að sjá tækifærin og framtíðina í björtu ljósi með nýjum og skemmtilegum hugmyndum. Nú þegar er næsta leikár byrjað að mótast og við getum ekki beðið eftir að takast á við það! Spennandi timar eru framundan!

Lifi leiklistin! Fyrir hönd stjórnar,

Anna Margrét Pálsdóttir Formaður LK

**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Narnía**

Höfundur: C.S. Lewis  
 Þýðandi: Agnes Wild  
 Leikstjóri: Agnes Wild  
 Þátttakendur: 31  
 Sýningafjöldi: 9  
 Áhorfendur: 801

**Blúndur og blásýra**

Höfundur: Joseph Kesserling  
 Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson  
 Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir  
 Þátttakendur: 20  
 Sýningafjöldi: 5  
 Áhorfendur: 340

**Skýrsla stjórnar**

Stjórn félagsins skipa: Ólöf A. Þórðardóttir, Eva Björg Harðardóttir, Dóra G. Wild, Brynhildur Sveinsdóttir, Hrefna Vestmann, Guðrún Esther Árnadóttir og Elín Fanndal. Framkvæmdastjóri félagsins er María Guðmundsdóttir.

Að venju var árið fjölbreytt og skemmtilegt hjá LM. Það má eiginlega segja að þetta árið eins og í fyrra hafi verið einblínt á börnin. En árið byrjaði að venju með reglubundnum hætti með öflugum sumarstarfi og voru haldin fjöldi námskeiða fyrir börn og unglunga. Námskeiðin enduðu öll með misstórum sýningum. Leikgleðinámskeiðin eru orðin allt árið um kring í samstarfi við Miðnætti þríeykið þær Agnesi Wild, Evu Björg Harðardóttur og Sigrúnu Harðardóttur sem fengu til liðs við sig þau Bergdís Júlíu Jóhannsdóttur, Elísu Sif Hermannsdóttur og



Hákon Jóhannesson og eru börn og unglingar í Mosfellsbæ dugleg að sækja námskeiðin. Alls voru haldin 14 námskeið s.l. leikár.

Haustið byrjaði á því að unglingarnir settu upp sýningu í lok námskeiðs og var það Disney sýningin 1001 nótt eða Alladin.

Fyrir áramót var einnig sett upp ævintýrasýningin Narnía í leikstjórn Agnesar Wild og um leikmynd og búninga sá Eva Björg Harðardóttir. Þetta var sýning sem að náði til barna jafnt og fullorðina og var vel sótt. Undanfarin ár höfum við sett upp jólasýningar fyrir börnin sem ekki var gert þetta leikár enda stóð Narnía fyrir sínu og í raun fóru nánast allir af sýningunni kyrrandi jólalag.

Eftir áramót var síðan hafist handa og æfingar byrjuðu á leikritinu Blúndur og Blásýra í leikstjórn Guðnýjar Maríu Jónsdóttur og sem fyrr var það Eva Björg Harðardóttir sem sá um sviðsmynd og búninga.

Árlegir viðburðir og annað:

17. júní – Að venju tókum við þátt í viðburði bæjarfélagsins á 17. Júní og vorum með atriði á sviðinu ásamt því kom Fjallkonan úr röðum félagsins og þetta árið var það Bergdís Júlía Jóhannsdóttir.

Bæjarhátíðin í Túninu heima er haldin í lok ágúst ár hvert og tekur leikfélagið ávallt þátt í því á einhvern hátt. Við sjáum um göngustjóra fyrir hverfin og vorum með sýningu frá

leikgleðistarfínu.

Kveikt á jólatrénu – Fjöldi jólasveina og hyski á þeirra vegum sáu um að skemmta börnum og fullorðnum við þennan viðburð og dansa í kringum jólatréð á torginu. Að venju mælist þessi viðburður vel fyrir bæði hjá ungvíðinu og ekki síður hjá jólasveinum og þeirra hyski sem koma árlega og vinna fyrir okkur – þetta árið vorum við EKKI heppin með veður og var því útivera í styttri kantinum en sveinkar fóru inn og gáfu mandarínur í Kjarnanum.

Þrettándinn – Fjölmennasta verkefni okkar árlega og alltaf fjölgar í leikhópnum sem tekur þátt í þessu. Tröllabörn, álfar, jólasveinar, Grýla og Leppalúði létu sig ekki vanta þetta árið. Álfadrottningin var Guðný Guðmundsdóttir og álfakonungurinn var Bjarni Atlason – þetta var fyrsta árið þeirra í þessum hlutverkum og örugglega ekki það síðasta.

Félagið stendur frammi fyrir því að það líður að því að missa það húsnæði sem að við erum í, það er farið að þrengja ansi mikið að okkur með smíðum á blokk fyrir framan leikhúsið en við kvörtum ekki og þykir ekkert mál að vera þarna en..... allir vilja félaginu vel og höfum við loforð fyrir því að leikhúsið sé ekki að fara fyrr en önnur lausn er fundinn – þannig að við erum að leita því óvissan er ekki góð og best að finna lausn hið fyrsta. A.m.k erum við ekki að fara á komandi leikári skv. bæjarstjóranum og ekki á áætlun að byggja þarna strax.

Leikfélag Mosfellssveitar leggur ríka áherslu á að vinna verkefni sem henta öllum og að allir geti fengið tækifæri til að vera með, þótt að það séu ekki allir að leika á sviði enda er af nógu að taka.

Við viljum vináttu, jákvæðni og leikgleði, alltaf. Við í LM hlökkum til næsta leikárs þar sem fyrir áramót verður verkefni í samstarfi við tónlistarskólann fyrir fullorðna og eftir áramót verður barna- og fjölskyldusýning.

## Leikfélag Norðfjarðar

Leikfélag Norðfjarðar hefur verið í ofurlítilli hvíld á þessu leikári. Ekki var sett upp sýning en við höldum uppi jólaskemmtunum í bæði leik- og grunnskóla ásamt því að lesa bæði fyrir unga sem aldna á jólaskemmtun sjúkrahússins.

Kveðja, Leikfélag Norðfjarðar

## Leikfélag Sauðárkróks

### Fylgd

Höfundur: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson

Leikstjóri: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson

Þátttakendur: 40

Sýningafjöldi: 13

Áhorfendur: 1100

### Ævintýrabókin

Höfundur: Pétur Eggerz

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Þátttakendur: 35

Sýningafjöldi: 10

Áhorfendur: 690



## Ársskýrsla stjórnar 2018-19

Miðvikudagskvöldið 6. júní 2018 var aðalfundur Leikfélags Sauðárkróks haldinn í Puffins and friends.

Ný stjórn fyrir leikárið 2018-2019 var kosin:

Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir gaf áfram kost á sér til formennsku og var kosin áfram til 2. ára.

Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir og Inga Dóra Ingimarsdóttir sitja seinna árið sitt.

Saga Sjöfn Ragnarsdóttir og Páll Friðriksson gáfu kost sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru kosin til 2. ára

Varastjórn var kosin og voru Guðbrandur J. Guðbrandsson, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir kosin áfram.

Að þessu sinni voru kosningar þar sem fleiri buðu sig fram en sitjandi stjórn.

Haustverkefnið var leikritið Ævintýrabókin eftir Pétur Eggerz með tónlist eftir Guðna Fransson.

Leikstjóri var Ingrid Jónsdóttir.

Fyrsti undirbúningsfundur var 23. ágúst og fyrsti samlestur 25. ágúst 2018.

Æfingatímabilið hófst svo og æft var flesta daga fram að frumsýningu.

Frumssýning var 7. október 2018.

Æfinga og sýningatímabil gengu vel, sýningin fékk góða gagnrýni. Ævintýrabókin var sýnd 10 sinnum.

Áhorfendur voru 690.

16 leikarar tóku þátt en alls komu um 35 manns að sýningunni.

1. des sá LS um skemmtiatriði þegar kveikt var á jólatrénu, Leppalúði mætti á staðinn ásamt dvergum úr Ævintýrabókinni og einnig söng Róbert Smári 2 lög.

Hópur frá LS tók einnig þátt í fullveldisverkefninu Krókurinn í denn – rósir á mölenni sem var flutt 6 og 8 des. 2018.

Dagskrá sem var ætlað að veita innsýn í þau áhrif sem Danir höfðu á mannlíf og uppbygginu í kringum aldamótin þarsíðustu og fram á 20. öld. Tónlistarfólk, leikarar og sögumenn stíga á stökk og taka áhorfendur með í ferðalag um Sauðárkrók þess tíma.

Á haustdögum urðu tímamót í húsnæðismálum LS en 14. september 2018 fengum við loksins lykila að okkar eigin húsnæði að Borgflöt 19, þá var einnig undirritaður samningu milli LS og Sveitarfélagsins sem keypti okkar hlut í Bifrost og kemur til með að styrkja LS einnig.

Fyrsti stjórnarfundur í nýju húsnæði var haldinn 6. Nóv. 2018 Við þurftum svo reyndar að skipta um staðsetningu í húsinu en það gekk vel og 17 feb. gátum við flutt í okkar húsnæði.

Fyrsti fundur fyrir Sælúvikuverkefni var haldinn 10. febrúar 2019. Búið var að ráða Guðbrand Ægi Ásbjörnsson sem leikstjóra. Sælúvikuleikritið var frumsamið eftir Ægi. Meirihluti laga og texta í verkinu (12 af 15) voru einnig frumsamin eftir heimamenn.



Æfingatímabilið hófst svo 27. feb og gekk vel þó svo að það hafi verið örlítið bras að ná öllum leikurum á æfingu á sama tíma. Leikritið var frumsýnt 28. apríl 2019. Alls voru 13 sýningar og áhorfendur voru í heildina 1100. Leikarar í sýningunni voru 25 en alls komu um 40 manns að sýningunni. Sýningatímabilið gekk vel og fékk sýningin mjög gott umtal og góða gagnrýni.

Komandi leikar er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonumst við í stjórn LS að þátttaka fólks verði góð því án ykkar er þetta ekki hægt. Búið er að leggja drög að haustverkefninu, hauststarfið mun hefjast í lok ágúst.

Að lokum viljum við þakka leikstjórum og leikhópunum fyrir gott og skemmtilegt samstarf sem og öllum sem hafa starfað með okkur á leikárinu, styrktaraðilum og áhorfendum fyrir stuðninginn.

Fyrir hönd stjórnar LS

Sigurlaug Dóra formaður LS

## Leikfélag Selfoss

### Á vit ævintýranna

Höfundur: Ágústa Skúladóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Þátttakendur: 35

Sýningafjöldi: 17

Áhorfendur: 1071

### Íris

Höfundur: Brynhildur Guðjónsdóttir og Ólafur Egill Ólafsson

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Þátttakendur: 12

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 80

## Skýrsla stjórnar 2018-19

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar, sem var haldinn 21. maí 2018, skipti stjórnin með sér verkum þannig Guðný Lára Gunnarsdóttir varaformaður, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri, Halldóra Ósk Öfjörð ritari, Jónheiður Ísleifsdóttir meðstjórnandi og í varastjórn Hafsteinn Óskar Kjartansson, Sigdís Erla Ragnarsdóttir og Ragnhildur Ýr Gunnarsdóttir. Haldnir voru 19 fundir á leikárinu ásamt nokkrum fundum í netheimum.

Stjórnin byrjaði á því að fara yfir fundarefni aðalfundar og að fá fólk í önnur almenn störf.

Gústav Þór Stolzenwald hitti nýja stjórn og kynnti fyrir henni hugmynd sem var vel tekið og fór fram um sumarið en það var leikverkið „Held ég gangi heim, Ævintýri á gönguför“. Verkið fólst í því að ganga frá Reykjum í Mosfellsbæ yfir í Litla Leikhúsið við Sigtún um 60 km í tilefni af 60 ára afmæli Leikfélags Selfoss. Verkið var í fjórum þáttum þar sem hver þáttur var sjálfstætt verk og var hver þáttur einn dagur. Á leiðinni voru flutt ljóðræn, leikræn og söngleg atriði. Aðalpersónur verksins voru þau Björk og Reynir en þau fóru í brúðkaupsferð og enduðu hér í garðinum við Litla Leikhúsið. Fyrsta daginn var gengið frá Reykjum í Mosfellsbæ um Reykjaborg og Lyklafell að Litlu Kaffistofunni við Svínahraun. Annan daginn var gengið frá Litlu Kaffistofunni um gamla þjóðveginn í átt að Kolviðarhól og haldið upp Húsmúlann og um Innstadal og Hengladal að Ölkelduhálsi. Þriðja daginn var gengið frá Ölkelduhálsi að Ölkelduhnjúk og í botn Reykjadal, niður í Hveragerði og að Gróðrarstöðinni Nátthaga.



Fjórdi daginn var gengið frá Nátthaga um Grafningsháls á Inghól á Inghólssfjalli, yfir fjallið og niður að Þórustaðanámu. Síðan var gengið gamla þjóðveginn út í Litla Leikhúsið við Sigtún þar sem var lokahátíð og flutt voru enn fleiri atriði. Fyrsta daginn gengu 29 manns, annan 16, þriðja 10 og síðasta daginn gengu 11 síðustu gönguleiðina en 10 manns bættist við hópinn við Þórustaðanámu og enn fleiri tóku á móti hópnum í leikhúsinu. Tókst verkefni þetta afar vel og var mikil veisla og gleði á

lokahátíðinni. Allur aðgangseyrir rann til Leikfélags Selfoss.

Haldin voru sex sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-13 ára. Leiðbeinendur voru Guðný Lára Gunnarsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Viktor Ingi Jónsson, Rakel Ýr Stefánsdóttir og Íris Árný Magnúsdóttir. Er alltaf mikil aðsókn á þessum námskeiðum og tókust þau afar vel.



Í júní fóru 12 félagar í leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Tveir sóttu námskeið í leikmynda- og búningahönnun, tveir sóttu leikritun 1 og átta fóru á trúðanámskeið.

Hautfundur var haldinn 23. ágúst þar sem starfsemi vetrarins var kynnt. Góð mæting var á fundinn.

Ágústa Skúladóttir var ráðin leikstjóri leiksýningar vetrarins. Byrjaði hún með leiksmiðju 26.-28. ágúst og í framhaldi byrjuðu æfingar 3. september. Góð mæting var í leiksmiðjuna þar sem margir nýir komu en í heildina kíktu 25 manns við. Frumsýning var föstudaginn 12. október og gekk hún mjög vel. Við vorum mjög ævintýraleg þetta leikárið en leiksýning vetrarins fékk nafnið „Á vit ævintýranna“. Er verkið sameiginleg sköpun leikstjórans, leikhópsins og hins skapandi teymis á bakvið tjöldin. Verkið er byggt á ævintýri H.C. Andersens um „Litla kláus og stóra Kláus“, ljóðinu „Sálina hans Jóns míns“ eftir Davíð Stefánsson og kvæði Páls J. Árdal, „En hvað það var skrytið“. Þrýðileg gagnrýni birtist á leiklist.is og í tímariti Máls og menningar. Við fengum Landann í heimsókn en þau höfðu samband við okkur út af 60 ára afmælinu okkar og vildu fjalla um það en við fengum umfjöllun um sýninguna í leiðinni. Rætt var við Guðfinnu Gunnarsdóttur, Esther Halldórsdóttur og F. Ella Hafliðason. Birtist þátturinn sömu helgi og við frumsýndum og var viðtal í bæði mbl.is og dfs.is. Á sýningartímabilinu þurftum við að fá tvo afleysingaleikara á 3. – 5. sýningu og gekk það vel. Sýndar voru 17 sýningar, lokasýning var

síðan 24. nóvember og fengum við mikla og góða umfjöllun. Alls komu 1074 áhorfendur.

Við héldum jóla kvöld 12. desember og tókst það mjög vel. Það komu 25 gestir og eitthvað af nýju fólki. Var kvöldið mjög kósý, þar sem jólasaga var lesin, kveðnar voru stemmur, tónlistaratriði flutt og jóla kvöldurinn mætti í heimsókn.

Sigríður Hafsteinsdóttir og Rakel Ýr Stefánsdóttir fóru með jólasprell í leikskólann í Brautarholti og tókst það vel.

Boðið var upp á söng- og raddbeitingarnámskeið með Kristjönu Stefánsdóttur fyrstu helgina í mars. Stefán Örn Viðarsson sá um undirleik. Það voru 9 þátttakendur og var mikil ánægja með námskeiðið.

Leiklistarnámskeið var haldið í mars fyrir börn á aldrinum 13-20 ára. Magnús Guðmundsson var fenginn til að halda námskeiðið. Það voru 7 ungmenni á aldrinum 13-14 ára sem mættu og var almenn ánægja með námskeiðið en miðað við þátttökuna þá var aldursbilið of stórt. Foreldrar fengu að koma og fylgjast með síðasta hálf tíma námskeiðsins. Þau fengu smá sýningu og var vel mætt.

Sú hugmynd kom upp að halda stjórnarpartý í mars með stjórnnum síðustu 10 ára. Það eru 27 manns sem hafa verið í stjórn á árunum 2008-2019. Það voru 11 fyrrum stjórnarmenn sem hittust hér í leikhúsinu, rifjaði upp gamla tíma og leiki.

Samstarfsverkefni var hjá Fsu og Leikfélags Selfoss. Guðfinna Gunnarsdóttir leikstjóri var með hóp frá FSU sem tók þátt í Þjóðleik. Þau fengu afnot af leikhúsinu undir æfingar og sýningu á verkinu Íris eftir Brynhildi Guðjónsdóttir og Ólaf Egil Egilssyni. Jónheiður Ísleifsdóttir var þeim innan handar. Frumsýnt var 10. apríl en síðan var sýnt á Þjóðleikshátíð í Hveragerði.

Við vorum með opið hús á „Vor í Árborg“, sumardaginn fyrsta eða fimmtudaginn 25. apríl. Boðið var upp á vöfflur og kaffi, myndasýningu og leiðsögn um húsið. Fjölmargir kíktu við í bæði stutt og langt spjall.

Halldóra Ósk Öfjörð og Jónheiður Ísleifsdóttir fóru með atriði úr „Á vit ævintýranna“ á verkalyðsskemmtun 1. maí.

Bandalagsþing var haldið á Húsavík 4.-5. maí. Þar mættu fjórir félagar og höfðu mikið gagn og gaman af.

Það berast alltaf einhverjar fyrirspurnir með að fá húsið lánað undir ýmsa starfsemi og eru þær flestar tengdar listastarfsemi. Yfirleitt getum við orðið við þessum fyrirspurnum en það er alltaf þannig að starfsemi félagsins gengur fyrir. Í lok maí á síðasta ári fékk listhópurinn Smyrsl afnot af leikhúsinu og sýndu sýninguna Samningurinn. Listhópurinn samanstendur af nemendum úr Listaháskóla Íslands og þar á meðal er eitt leikarabarn frá Leikfélag Selfoss. Þjóðleikhúsið fékk húsið lánað fyrir sýningu sem þau voru með fyrir leik- og grunnskóla á Suðurlandi. Bernd Ogrodnik brúðulistamaður hjá



Brúðuheimum var með dásamlega sýningu og gekk svakalega vel. Leikskólinn Jötunheimar kom í heimsókn í júní og fékk að skoða húsið. Var rosa gaman hjá þeim.

Einar Mikael töframaður fékk húsið lánað fyrir töfrasýningu í desember. Hann verður aftur með sýningu 16. maí og galdranámskeið 18.-19. maí. Félaginn okkar hún Kolbrún Lilja fékk afnot af húsinu til að halda Truthfull acting, Meisner leiksmiðju. Í mars fékk hljómsveitin Band on Stage húsið lánað fyrir tónleika. Hljómsveitarmeðlimir eru þau Ármann Guðmundsson, Sara Blandon og Loftur Sigurður Loftsson. Þau voru með sjoppu fyrir okkur.

Það er lítið að fréttastofa af endurbótum á gluggum hússins en það er á vegum Sveitarfélagsins. Hófst sú vinna í fyrrasumar og er henni ekki lokið. En búið er að lofa því að þessari vinnu ljúki í sumar.

Við höfum heyrt af því að búið er að setja aðgengismál hússins á áætlun hjá Sveitarfélaginu. Við höfum fengið teikningar frá Verkis sem eru unnar út frá okkar hugmyndum en eigum eftir að fá fund með tengiliðum okkar frá sveitarfélaginu með næstu skref.

Kjölurinn á þakinu var farinn að fjúka í apríl og var lofað að smiður frá sveitarfélaginu myndi koma og kíkja á þetta.

Í vetur fjárfestum við í nýju ljósaborði og nokkrum ljóskösturum og var kominn tími til.

Við fengum gefins drapperingar frá lðu, þar sem verið var að endurnýja Íþróttasalinn þar.

Svanhildur Karlsdóttir búningavörður fór í gegnum búninga leikfélagsins ásamt búningaðómum og var grísað heilmikið úr.

Tekið var til á lóðinni um páskana og eru Svönu og Eyfa færðar kærar þakkir fyrir það.

Leikfélagið hefur verið í viðræðum við áhugafélag á Írlandi með að hafa sameiginlegt festival. Ætlunin var að fara sumarið 2019 en búið er að fresta því til sumarið 2020. F. Elli Hafliðason og Stefán Örn Viðarsson voru fengnir í Írlandsnefnd.

Stefnt er að nokkrum leikhúsnámskeiðum fyrir börn í sumar. Guðný Lára Gunnarsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Rakel Ýr Stefánsdóttir verða með námskeiðin.

Stjórn Leikfélags Selfoss vill þakka öllum fyrir samstarfið á leikárinu sem hefur verið afar lærdómsríkt og skemmtilegt.

F.h. stjórn Leikfélags Selfoss  
Sigrún Sighvatsdóttir

## Leikfélag Seyðisfjarðar

### Um skaðsemi tóbaksins

Höfundur: Anton Chekhov  
Þýðandi: Geir Kristjánsson  
Leikstjóri: Snorri Emilsson  
Þátttakendur: 1  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 94

### Björninn

Höfundur: Anton Chekhov  
Þýðandi: Kári Halldór Þórsson  
Leikstjóri: Snorri Emilsson  
Þátttakendur: 5  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 94

### Eitt lítið Sorgarspil

Höfundur: Anton Chekhov  
Þýðandi: Þorgeir Tryggvason  
Leikstjóri: Snorri Emilsson  
Þátttakendur: 2  
Sýningafjöldi: 3  
Áhorfendur: 94

## Leikfélag Sólheima

### Leitin að sumrinu

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson, Ástþór Ágústsson og Magnús Guðmundsson  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 28  
Sýningafjöldi: 6  
Áhorfendur: 630



## Leikfélag Vestmannaeyja

### Glanni glæpur í Latabæ

Höfundur: Magnús Scheving og Sigurður Sigurjónsson  
Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson  
Þátttakendur: 35  
Sýningafjöldi: 10  
Áhorfendur: 945

### Blúndur og blásýra

Höfundur: Joseph Kesselring  
Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson  
Leikstjóri: Árni Grétar Jóhannsson  
Þátttakendur: 10  
Sýningafjöldi: 8  
Áhorfendur: 694

## Leikfélag Ölfuss

### Saumastofan

Höfundur: Kjartan Ragnarsson  
Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir  
Þátttakendur: 22  
Sýningafjöldi: 12  
Áhorfendur: 600

## Skýrsla stjórnar 2018-2019

Á aðalfundi sem haldinn var 16. maí 2018 urðu þær breytingar á stjórn félagsins að Magnþóra Kristjánsdóttir var kjörin formaður og með henni í stjórn voru kjörin: Erla Dan Jónsdóttir, varaformaður, Hulda Gunnarsdóttir, ritari, Jóhanna Hafðís Leifsdóttir, gjaldkeri og Ólöf Þóra Þorkelsdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru kjörnir þau Ingólfur Arnarson og Helena Helgadóttir.

Bandalagsskólinn Ákvörðun stjórnar frá því 2017 um að greitt verði fyrir allt að 4 nemendum í Bandalagsskólann var og er áfram í gildi. Sumarið 2018 fóru fimm meðlimir LÖ í skólann, þau Aðalsteinn Jóhannsson, Árný Leifsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir á Masterclass II í leikstjórn undir leiðsögn Rúnars Guðbrandssonar, Oddfreyja H. Oddfreysdóttir á trúðanámskeiði hjá Ágústu Skúladóttur og Ólöf Þóra Þorkelsdóttir á námskeiðið Á bak við tjöldin hjá Evu Björgu Harðardóttur. Nú í sumar fara sex meðlimir félagsins í skólann, Árný Leifsdóttir og Erla Dan Jónsdóttir á framhaldsnámskeiði fyrir leikara hjá Rúnari Guðbrandssyni, Magnþóra Kristjánsdóttir og Oddfreyja H. Oddfreysdóttir fara á leikritun II hjá Arna Kristjánssyni og Aðalsteinn Jóhannsson og Ólöf Þóra Þorkelsdóttir verða á leiklist I hjá Aðalbjörgu Árnadóttur. Samkvæmt áður nefndri samþykkt greiðir LÖ sem nemur fernum skólagjöldum og deilist upphæðin milli þessara sex nemenda í ár.

## Verkefni félagsins á leikárinu

Haldinn var opinn félagsfundur þann 1. október þar sem Guðfinna Gunnarsdóttir mætti og ræddi við fólk um komandi leikár en hún hafði verið ráðin sem leikstjóri. Leikárið hófst svo formlega með Workshopi hjá Guðfinnu í Ráðhúsinu í lok október sem endaði svo á samlestri á leikritinu Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson. Æfingar hófust svo af fullum krafti og æft var í nóvember en tekið hlé í desember. Æfingar hófust að nýju í byrjun janúar og var verkið frumsýnt þann 8. febrúar. Sýndar voru 12 sýningar, allar fyrir fullu húsi og voru um 600 áhorfendur þegar upp var staðið. Leikarar í sýningunni voru 9, þau Álfheiður Österby, Ásta Margrét Grétarsdóttir, Árný Leifsdóttir, Daniel Máni Óskarsson, Erla Dan Jónsdóttir, Ingólfur Arnarson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir og Róbert Karl Ingimundarson.

Sara Blandon sá um útsetningu tónlistar, Benni Axels sá um ljós og Ólöf Þóra Þorkelsdóttir hannaði leikmynd.

Atriði úr Saumastofunni var flutt á karlakkvöldi Bókabæjanna sem haldið var 7. mars. Þar léku Ingó og Álfheiður senu úr leikritinu við góðan orðstír.

Hákon Svavarsson hafði umsjón með leikritunarrhópi sem hittist nokkrum sinnum á haustmánuðum. Stefnt er að framhaldi á þessum fundum.

Leikfélag Ölfuss kom að viðburðinum Þollóween 2018 sem haldinn var að frumkvæði nokkurra



mæðra barna við Grunnskólann í Þorlákshöfn. Aðkoma LÖ var í formi draugagöngu en þar voru nokkrir hressir meðlimir, á öllum aldri sem brugðu sér í gervi drauga og forynja og hræddu líftórana úr göngugestum. Leikfélagið mun halda áfram samstarfi við þessa hátíð næsta haust.

Að venju sáu félagar úr LÖ um að bregða sér í líki jólasveina við tendrun jólatrésins á ráðhústorginu.

Stjórnarfundir voru haldnir að mestu leyti á facebooksíðu stjórnarinnar en þó hittumst við nokkrum sinnum til að ræða starfið og stöðuna.

#### BÍL þing

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga var haldinn á Húsavík dagana 3.-5. maí að þessu sinni. Magnþóra, Erla Dan, Hulda og Hafdís voru fulltrúar félagsins á fundinum en Magnþóra sat fundinn einnig sem varamaður í stjórn Bandalagsins. Ýmislegt var til umræðu á þinginu og hvet ég félagsmenn til að fylgjast með á heimasíðu Bandalagsins, leiklist.is og kynna sér starfsemina og lesa fundargerð aðalfundarins þegar hún verður birt. Einnig vil ég benda félagsmönnum á að skrá sig á Facebookhópinu Landsnet áhugaleikfélaga á Íslandi en þar er hægt að eiga samskipti við fólk í leikfélögum víðsvegar um landið. Einnig er vert að geta þess að leikfélögin á suðvesturhorninu hafa gert með sér samning um 50% afslátt af miðaverði milli leikfélaga. Um er að ræða eftirtalin félög: Halaleikhópurinn, Hugleikur, Leikfélag Hafnarfjarðar, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Mosfellssveitar, Leikfélag Selfoss og Leikfélag Ölfuss. Sérstillingur er þó í gildi milli Leikfélags Selfoss og Leikfélags Ölfuss en þar fá félagar beggja leikfélaga frítt á sýningar hvort hjá öðru.

Verkefni stjórnar og nefnda

Á síðasta leikári voru keyptir 6 stórir kastarar og 8 litlir. Með kösturum fylgdu litabreytar. Ljós voru keypt í Exton í gegnum Benna Axels. Einnig var keypt ryksuga.

Í þorablótsnefnd sátu þær Hulda Gunnarsdóttir og Unnur Edda Björnsdóttir fyrir hönd LÖ. Stjórn tók ákvörðun um að hér eftir verði fulltrúar valdir á aðalfundi hvert ár.

Bréf var sent til bæjarstjórnar í febrúar um styrk vegna húsnæðis eftir auglýsingu þar um. Móttaka bréfsins var staðfest af Katrínu markaðs- og menningarfulltrúa en ekkert hefur heyrst um málið síðan og spurning hvort það hafi tynst einhvers staðar.

Stjórn hefur mikið rætt um húsnæðismálin og það er deginum ljósara að aðstaðan í Versöllum er ekki nógu góð og hvítleitt að þurfa sífellt að vera takandi niður leikmynd og áhorfendastúku. Það endar aðeins með því að fólk brennur út.

Hlúum að félaginu okkar og stöndum vörð um menninguna!

F.h. stjórnar Leikfélags Ölfuss, Magnþóra Kristjánsdóttir, formaður

## Leikfélagið Borg

### Rjúkandi Ráð

Höfundur: Þyr Ó. Man

Leikstjóri: Hera Fjord

Þátttakendur: 19

Sýningafjöldi: 8

Áhorfendur: 430

### Skýrsla stjórnar

Þó að leikfélagið sé ungt þá er gaman hvað þar eru farnar að myndast ákveðnar hefðir í starfsemi þess.

Ár leikfélagsins er frá 15 maí til 14 maí.

Fyrsta sem var tekið þátt í á árinu var barsala á Borg í sveit. Það gaf því miður ekki mikið af sér og er ég ekki viss um að það sé mikil fjáröflun fyrir leikfélagið nema einhver hafi einstaklega gaman að standa vaktina þar.

Næsta verkefni var Grímsævintýri 11. ágúst og námskeiðið fyrir börn og unglunga sem var haldið í vikunni á undan. Kristbjörg og Ragnhildur stýrðu námskeiðinu og var mikil ánægja með það hjá börnunum. Sýningin á Grímsævintýrum kom skemmtilega út og reiknum við með að vinna áfram með það sýningaform. Börnunum á námskeiðinu var boðið að velja sér karakter úr Grímsævintýrum og fengu þau að leika þann karakter í sýningunni. Svo var farið aðeins yfir sögu og breytingu á þeim ævintýrum frá tíma Grimms þar til nú (Disney).

Næst tókum við þátt í Krágátu/pubquiz 16. Nóv. sem var á Gömlu Borg og vorum með barinn þar. Það var sama, það situr svo sem ekki mikið eftir en samt kannski ágætt að taka þátt og minna á sig.

Hera Fjord var ráðin leikstjóri í byrjun hausts og leikritið Rjúkandi ráð varð fyrir valinu. Við tók mikið æfingarferli og mikill lærdómur þar sem við höfum aldrei sett upp söngleik áður.

Frum sýning var 2. mars og voru sýndar 8 sýningar og sáu 430 manns sýninguna.

Við skráðum sýninguna í keppnina fyrir Athyglisverðustu sýninguna hjá Þjóðleikhúsinu. Ég lít svo á að við höfum verið í öðru sæti fyrst að við vorum ekki í því fyrsta. Allavegana fengum við að krýna forsíðu Bandalagsins þar til að úrslitin voru ljós þá var skipt um. Hárið í flutningi Leikflokks Húnaþings vestra vann að þessu sinni og verður sýnt í Þjóðleikhúsinu 14. og 15. júní.

Framundan er svo Grímsævintýri á sínum stað



með námskeiði vikuna á undan. Þar sem enginn fór í Bandalagsskólann þurfum við að finna okkur leiðbeinendur á það námskeið. Og svo stefnum við að einhverju námskeiði fyrir fullorðna í haust.

## Leikfélagið Grímnir

### Blóðsystur

Höfundur: Guðmundur L Þorvaldsson

Leikstjóri: Árný Leifsdóttir

Þátttakendur: 25

Sýningafjöldi: 9

Áhorfendur: 185

### Skýrsla stjórnar leikárið 2018-2019

Stjórn Leikfélagsins

Formaður: Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir

Varaformaður: Jóhanna Kristín Hjaltalín

Ritari: Björg Brimrún Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Guðrún Magnea Magnúsdóttir

Meðstjórnandi: Jón Grétar Álfgeirsson Breiðfjörð

Meðstjórnandi: Arnþrúður Heiðrún

Jóhannesdóttir

Meðstjórnandi: Dagný Ósk Hermannsdóttir

Meðstjórnandi: Haukur Páll Kristinsson

Af ársbyrjun 2018

Janúar: Fengum boð um að fá aðstöðu í geymslu á vegum Stykkishólmsbæjar í gömlu flugstöðinni þar sem geymsluaðstaða sem eigur leikfélagsins voru geymdar í lak. Við tók tiltekt í eignum leikfélagsins fyrir flutning, miklar skemmdir á eignum félagsins voru eftir lekann, meirihluti búninga myglaður og var þeim hent en restin var þvegin fyrir flutninginn. Flutningurinn átti sér svo stað í mars þar sem þátttakendur í uppfærslunni og ýmsir velunnarar aðstoðuðu okkur.

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir var með námskeið í febrúar. Við tóku svo æfingar á uppfærslunni Maður í mislitum sokkum í leikstjórn Bjarka Hjörleifssonar, æfingarferli hófst í Flugstöð og færðist í sal tónlistarskólans sem reyndist góður staður til að æfa á.

Festum kaup á hljóðkerfi í mars 2018 til að spara kostnað við leigu á kerfi í okkar uppfærslum og einnig til útleigu milli verkefna hjá okkur.

Maður í mislitum sokkum tókst vel og var mannmörg sýning, jafnmargir leikarar voru og bakviðsfolk.

Leikár 2018-2019

Upptaka af Karíus og Baktus sýnd á Norðurljósahátíðinni.

Jón Grétar stefnir á að halda Trommuklíník í samstarfi við leikfélagið. Unnið er að útfærslu í kringum það.

Opin hús hafa verið haldin reglulega í vetur.



Í byrjun september var áhugi Árnýjar Leifsdóttur kannaður á að koma og leikstýra með haustinu.

14.-16. september var haldið námskeiðið Leiklist og spuni. Alls mættu 25 sem á einn og annan hátt tóku svo þátt í uppfærslunni. Leiðbeinandi var Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir. Í framhaldi af námskeiði var fjöldi þátttakenda kannaður á þeim sem hefðu áhuga á að vera með í uppfærslu.

Stjórnin valdi ásamt leikstjóra verkið Blóðsystur og fékk til liðs við sig leikstjóran Árnýju Leifsdóttur.

Ákveðið var að gera tilraun með að fá leikstjóra til okkar um helgar og var Árný tilbúin að reyna það. Milli helga fengi hún send myndbönd þar sem hún gæti gefið leiðbeiningar eftir.

21. september kom Árný í Hólminn. Stefnt var á að Árný yrði um helgar við leikstjórn og gæfi fyriræli á milli viðveru sinnar. Leikhópurinn fékk góðar leiðbeiningar til að vinna úr, á milli þegar miklar framfarir höfðu náðst voru rennsli tekin upp og send leikstjóra, virkaði það ekki alveg nægilega vel þar sem nótur voru þá gefnar degi síðar. Í framhaldi af tilraunastarfsemi okkar með fjarleikstjóra hófum við því að hafa leikstjóran í gegnum fjarfund, leikstjóri var live á messenger appinu, gat horft á og stýrt æfingun, rennslum og gefið nótur á æfingum á milli þess sem hún var stödd í Stykkishólmi á æfingum. Tókst þessi tilraun með eindæmum vel og leið öllum vel á ferlinu.

Ferðalag var með sýningarstað á Blóðsysturum. Hófum æfingar á bóksafninu svo skólaföndu, prufuðum flugstöðina sem reyndist of lítil og að lokum í Vatnasafninu sem heppnaðist vel.

Jólasveinar Hólmgarði 3. des 8 leikarar. Bókasafni 8. des 3 leikarar og leikskóla 20. des 4 leikarar.

Þréttándagleði 6. Janúar. 8 leikarar, álfadrottning og kóngur ásamt furðuverum.

Þátttaka í Þjóðleik í samstarfi við GSS sem skaffaði húsnæði til æfinga og starfsmann á hluta æfinganna.

Stjórn valdi handrit af þeim fjórum sem Þjóðleikur bauð uppá. Fyrir valinu varð Dúkkulísa eftir Þórdísi Elvu og leikstýrði Hafrún Bylgja og aðstoðaði Jóhanna Kristín. Leikarar voru fjórir, ljós og hljóðmaður ásamt 2-3 í baksviðsvinnu. Vinna hófst í janúar með vikulegum opnum húsum.

Farið á námskeið í Borgarnesi 12 janúar.

10.00-11.00 Allir saman. Sameiginleg upphitun – leikir.

11.00-11.30 Skipt í hóp, Leikmynd/búninga, Ljós/Hljóð og Leikstjórar/leiðbeinendur. Kynning frá ljóshönnuði, leikmyndahönnuði og þeim sem leiðir námskeiðið fyrir leikstjóra/leiðbeinendur.

11.30-13.00 Vinna í hópum  
13.00-13.30 Hádegismatur  
13.30-15.30 Vinna í hópum  
15.30-16.00 Kaffipása  
16.00-17.30 Undirbúningur kynninga.  
17.30-19.00 Kynningar í lok námskeiðsins. Hóparnir koma saman og kynna það sem þeir eru búnir að gera. Umræður.

Æfingarferli teygðist þar sem leikarar dattu út og aðrir komu inn ásamt ýmsum uppakomum. Sýnt var fyrir efri bekk Grunnskólans og 3 almennar sýningar.

Farið var á lokahátíð Þjóðleiks 1. maí, ásamt Fjölbautaskóla Snæfellinga, Menntaskólanum í Borgarnesi, Grunnskólanum á Hólmavík og Ísafirði þar sem allir sýndu sín verk.

Í lok febrúar var skráning í BÍL-skólann.

Stefnt var á að fara á Bandalagsþing sem því miður tókst ekki.

Tekin frá tvenn félagsgjöld fyrir Leiklistarskóla BÍL. 3 hafa skráð sig, en 1 forfallaðist og fara því 2.

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir, formaður

## Leikfélagið Óríon

### Starfsskýrsla stjórnar 2018-2019

Leikárið byrjaði vel. Leikfélagið Óríon setti Leigumorðið upp á fyrstu Reykjavík Fringe hátíðinni í júlí 2018. Leigumorðið, sem var upprunalega sett upp í Hinu Húsinu í lok apríl/byrjun maí 2018, var sett í nýjan búning með nýjum leikurum og nýjum leikstjóra. Ungu og efnilegu leikkonurnar Fanney Ágústa og Svava Lilja bættust í leikhópinn, sem og leikfélagið, og Halla Björg tók við leikstjórn

verksins. Þrjár sýningar voru sýndar í Minor Coworking og tókust þær mjög vel. Seinna í mánuðinum tilnefndi leikfélagið annan ungan og efnilegan leikara, Eirík Kúld til BÍL sem þátttakanda á leiklistarmót í Toulouse í Frakklandi. Umsóknin var samþykkt og fór hann ásamt fögru föruneiti frá Íslandi og Færeyjum á mótið 11.-22. Júlí.

Þáttakendur í þessu leiklistarmóti voru ungt fólk á aldrinum 13-15 ára frá Frakklandi, Íslandi, Færeyjum, Finnlandi, Grikklandi, Eistlandi, Ísrael, Þýskalandi, Tyrklandi, Litháen, Póllandi og Bretlandi.

## Leikfélagið Sýnir

### Enga puttalinga

Höfundur: Aðalsteinn Jóhannsson

Leikstjóri: Magnþóra Kristjánsdóttir

Þátttakendur: 4

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 40

### Búmmedibúmm, bomsadeisí og piff

Höfundur: Stefanía E. Hallbjörnsdóttir

Leikstjóri: Árný Leifsdóttir

Þátttakendur: 0

Sýningafjöldi: 0

Áhorfendur: 0

### Órar

Höfundur: Árný Leifsdóttir

Leikstjóri: María Björt Ármannsdóttir

Þátttakendur: 3

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 40

### Jardarför á Öngulstöðum

Höfundur: Ragnar Bollason

Leikstjóri: Aðalsteinn Jóhannsson

Þátttakendur: 4

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 40

## Heima

Höfundur: Magnþóra Kristjánsdóttir

Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson

Þátttakendur: 4

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 40

## Leður

Höfundur: Magnþóra Kristjánsdóttir

Leikstjóri: Óskar Þór Hauksson

Þátttakendur: 3

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 40



## Leikhópurinn Lopi

### IRIS

Höfundur: Brynhildur Guðjónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson

Leikstjóri: Magnús J. Magnússon

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 6

Áhorfendur: 120

### Dúkkulísa

Höfundur: Þórdís Elfa Elvarsdóttir

Leikstjóri: Magnús J. Magnússon

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 4

Áhorfendur: 80

### Skýrsla stjórnar 2018 – 19

Starfsemi Leikhópsins Lopa var frekar hefðbundin sl. leikár. Þetta var Þjóðleiksár og ákveðið að vinna að verkefni tengt því.


Eftir að hafa lesið þau leikrit sem í boði voru var ákveðið að taka til æfinga og sýninga leikritið IRISI eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson. Um var að ræða skemmtilegt unglingsverk sem gerist á á lokaballi í grunnskóla.

Æfingar hófust í janúar og tóku 13 leikarar þátt í sýningunni og 2 tæknimenn. Æfingar gengu vel og var frumsýnt 19. apríl við góðar undirtektir. Sýndar voru 4 almennar sýningar og tvær á Þjóðleik. Sýningar gengu vel og var almenn ánægja með þetta verkefni.

Við tókum upp sýninguna DÚKKULÍSU eftir Þórdísi Elfu Elvarsdóttur. Breyta þurfti að stórum hluta um leikendur en það gekk eftir. Sýndar voru tvær almennar sýningar og tvær sýningar á Þjóðleik

Í heild gekk þetta leikár vel. Þetta var 32. frumsýning Lopa og 26. leikárið. Sýnir að starfsemin er í gangi.

Magnús J. Magnússon, formaður



Natan Jónsson ráðinn sem leikstjóri með frumsamið verk sitt Igil Redug. Í byrjun október voru prufur haldnar fyrir leikhóp í Hinu Húsinu og tók leikstjóri þar ákvörðun um að taka alla inn í hóp þar sem fjöldinn passaði við hlutverkafjölda. Stefnt var á frumsýningu í nóvember en vegna skorts á sýningarhúsnæði þurfti því miður að fresta henni og þar af leiðandi fækkaði leikurum í leikhóp. Skömmu síðar bættist Hrafnhildur Emma Björnsdóttir við sem meðstjórnandi vegna þess að Sigmar þurfti að segja af sér vegna tímaleysis. Í janúar var gerður samningur við Garðabæ um að fá afnot af sal í gamla Betrunarhúsinu á Garðatorgi. Sýningin var svo frumsýnd 23 janúar og samtals sýnd 8 sinnum. Stjórnin var ánægð með ferlið og sýninguna og þakkar öllum sem komu að henni.

Fyrir hönd Stúdentaleikhússins

Þórunna Gunný Gunnarsdóttir

Andri Freyr Sigurpálsson

### Stúdentaleikhúsið

#### Igil Redug

Höfundur: Natan Jónsson

Leikstjóri: Natan Jónsson

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 8

Áhorfendur: 225

#### Skýrsla stjórnar 2018-2019

Stjórn var mynduð sumarið 2018 á Café Babalú. Hún samanstóð af Þórunnu Gunný Gunnarsdóttur formanni, Andra Frey Sigurpálssyni varaformanni og Sigmari Inga Sigurgeirssyni markaðstjóra. Í september var

## NEATA 2018 í Litháen

Leikfélag Kópavogs tók þátt í NEATA leiklistarhátíðinni í Anykscai í Litháen í ágúst 2018 með sýninguna Svarta kassann. Karl Ágúst Úlfsson var með í för og ritaði eftirfarandi hugleiðingu í lok hátíðar.



Og öllu lýkur á endanum. Líka NEATA leiklistarhátíðinni, sem er rétt í þessu að enda.

(Þetta er rosalega langt. Ekki halda áfram að lesa ef þú hefur ekki áhuga á leiklist. Og ef þú hefur bara svona miðlungs áhuga, tja - jæja, þá bara sérðu til - hættir þegar þér finnst nóg komið)

Hér í Anykscai hefur verið heitt og kalt - þurrt og blautt - glatt og sárt - og svo líka allt hitt sem ekki verður komið í orð en finnst og skynjast og greinist þegar leiklistarfólk og áhorfendur þess eiga samveru og deila upplifun, eiga saman skapandi stund, bæði skapandi miðlun og skapandi áhorf. Og fyrir gamlan ref úr herbúðum atvinnuleikhússins er það ómetanlegt að fá að heyra enn á ný hjartsláttinn sem grasrótin sendir. Og ekki síður þá ómetanlegu samhygd sem listin, hvaða nafni sem hún nefnist, gróðursetur í hjörtu okkar og gerir okkur móttækileg fyrir fræjum sem annað fólk úr fjarlægum löndum færir með sér, færir okkur og sáir í líf okkar um leið og það þiggur fræ sem við færum með okkur frá heimalöndum, heimalífum, heimahugum.

Hér í Litháen fengum við að sjá LITHÁÍSKAN HAMLET, algjörlega orðlausan, en eftir sem áður jafn áfjáðan í að vera eða ekki vera, tvær Ófelíur sem fyrst vöktu hlátur, svo aðdáun og loks tár og jafnvel ekki þegar kom að endalokum. Svo kátlegt olnbogaskot í síðu okkar sem viljum endalaust segja sögur með töluðum orðum. Eins

og William. Reyndar. Gott og vel. Segjum það. En Litháunum tókst svo sannarlega að segja okkur söguna af Danaprinsinum án orða með miklum húmor og minna okkur um leið á vesalings Jórik.

EISTAR buðu okkur upp á magnaða uppfærslu á VINNUKONUNUM eftir Genet. Tvær feikna færar leikkonur sem fengu okkur til að standa á öndinni af aðdáun og spennu þó að við skildum ekki endilega orðaskiptin. En það var gott að láta minna sig á hvað þetta verk skipti miklu máli (og skiptir enn) í evrópskri leikritun. Og ertekiaðgrínast: Þvílík kvenhlutverk, gaur! Og þvílík sýn á mannleg samskipti. En samt fyrst og síðast: Þvílík kvenhlutverk, gaur!



SVÍAR sendu reyndar líka uppfærslu á sama verki, en mun hófstílltari, þrúðari og eiginlega hálf blóðlausa og gamaldags. Áhugavert að bera þessar tvær sýningar saman, þar sem Eistarnir stungu sér á bólakaf í grimma leikhúsið og gengu jafnvel lengra en Genet ætlaðist til á sínum tíma - og með glæsilegum árangri. Það var hálfpartinn sætt, þegar kom að því að hver þjóð fyrir sig kynnti sig og þjóðarkarakter sinn, að sænski leikhópurinn skyldi slá því fram að Svíar hlæju aldri upphátt. - og að minnsta kosti aldrei á almanna færi.



NORÐMENN sendu miðaldra leikhóp sem sýndi YVONNE BÚRGUNDRPRINSESSU eftir GOMBROWITCH. Einn af mínum uppáhalds höfundum og eitt af mikilvægustu leikverkum seinni tíma. Svo að auðvitað gerði ég miklar kröfur og verð að viðurkenna að þeim var ekki svarað nema að litlu leyti. Samt ánægjulega metnaðarfullt verkefnaval. Sem má reyndar segja um þessa hátíð í heild sinni, það er engin ástæða til að kvarta yfir metnaðarleysi. Þvert á móti.

DANMÖRK sýndi einleikinn TOXIC MAN. Frændur okkar völdu að flytja verkið á ensku. Gott og vel. Málið er bara að þegar maður situr í 40 mínútur og hlustar á Dana flytja mónólóg á ensku með dönskum framburði eins og ekkert sé sjáfsagðara, þá fer ekki hjá því að maður skelli uppúr af og til, jafnvel á óviðeigandi stöðum, jafnvel þó að verkið fjalli um jafnalvarlegan hlut og nauðgun. Já, fyrirgefði, þetta hefur ekkert með fordóma að gera - sumir hlutir eru bara fyndnir og það verður ekkert við það ráðið. Annars var þetta að mörgu leyti vel gert, en nálgunin gerði það að verkum að maður var undarlega ósnortinn þegar upp var staðið. Sem er umhugsunarvert.

Svo komu LITHÁARNIR aftur með sögulega sýningu, sem sýnd var utan dyra. Hún var stór og fjölmenn og þung og hæg og löng. Það var augljóst að hún snerti alla innfædda sem viðstaddir voru, en þeir sem ekki þekktu Litháíska sögu eða voru sérstaklega vel að sér í pólitík heimamanna á okkar dögum voru eiginlega úti á þekju. Og í dagvissri gagnrýnistund daginn eftir

sýninguna tókst fulltrúa Lettlands að móðga gestgjafana Litháa með beinskeittri gagnrýni sem aðallega beindist að kyrrstöðum og þeirri staðreynd að leikstjórinn lék sjálfur í sýningunni og hafði því ekki æskilega yfirsýn yfir heildina. Íslensku gagnrýnendurnir krossuðu sig og prisuðu sæla yfir að hafa ekki þurft að segja nákvæmlega það sama.

Frá LETTLANDI barst okkur ungmennaleikhús sem hafði samið sitt eigið verk. Til að byrja með virtist það ætla að fjalla um sjálf sig, þeas. ungt fólk sem er að setja saman sýningu, en svo tók það óvænta stefnu, en leystist svo upp í fylliri, varð svo að myndbandasýningu og endaði sem stór og lettþjóðleg brúðkaupsathöfn. Áhugavert. Á köflum skemmtilegt. En ekki alveg málið fyrir mig.

En FÆREYINGARNIR, guð minn almáttugur. Þau höfðu unnið sína sýningu frá grunni með leikstjóranum Riu Torgard - og satt að segja er ekki algengt að upplifa jafn einlæga og fallega sviðsnærveru og þessi ungi leikhópur Færeyinga sýndi. Enda leyndi aðdáun hátíðargest sér hreint ekki í sýningarlok. Verkið fjallar um hljómsveit sem hittist til að æfa. Við sjáum strax að hljómsveitarmeðlimir eru skotnir hver í öðrum, en svo illa vill til að enginn er skotinn í þeim sem skotinn er í honum eða henni. Og það veldur auðvitað flækjum. Þessi færeyski leikhópur býr yfir einlægni sem er þyngdar sinnar virði í gulli. En því miður er ekki hægt að vigta einlægni.

BRETAR voru gestir á þessari norðurevrópsku hátíð. Þeir komu með BJÖRNINN eftir TCHECHOV í leikgerð Brians Friel. Nú vill svo til að ég er bæði mikill aðdáandi Tchechovs og Friels og þess vegna var ég mjög spenntur að sjá hvaða nýju fleti Friel myndi sýna mér á Tchechov. Þegar á hólminn kom sá ég engan nýjan flöt. Það eina sem ég sá var að Friel hefði hugsanlega þýtt Björninn upp á nýtt og aðlagð hann bresku talmáli, hugsanlega strikað nokkrar setningar (nema þar hafi leikstjórinn verið að verki) og skrifað sig svo fyrir nýrri leikgerð.

Ég vildi ég hefði ekki staðið þetta írsku átrúnaðargoð mitt að því að skreyta sig með fjöðrum sem ekki voru hans. En kannski var það ekki einu sinni hugmynd hans sjálfs. Kannski leit



hann aldrei á sig sem annað en þjóðanda en einhver markaðsdeild taldi að nafn hans myndi selja miða. Og ef svo var, var hann þá samþykkur því? Leit hann svo á að hann væri markverðari söluvara en Anton Tchechov? Ja, maður spyr sig. En Bretarnir gerðu þetta á ósköp settlegan hátt, ofbuðu engum, kitluðu viðeigandi hláturtaugar. Ég skammast mín næstum því fyrir að gefa svona klisjukennda mynd af bresku leikhúsfólki, en það getur sjálfu sér um kennt.

Og svo komu FINNARNIR eins og ferskur andblær með ELDAÐ MEÐ ELVIS eftir LEE HALL það er rétt að geta þess að breski hópurinn var alls ekki sáttur við meðferð Finnanna á verki landa þeirra og fannst þeir algjörlega hafa misskilið það. En - þetta var algjörlega fátánlega flott sýning. Hún fór alla leið í fátánleikanum og gróteskunni, en líka fegurðinni sem þessi saga ber í sér, einmitt vegna þess að hún er svo sönn að hún hittir okkur á alla viðkvæmustu staðina. Sem sagt: Finnland: 12 stig!



Og þá var loksins komið að Íslandi. Og „loksins“ er eiginlega sagt í hálfkæringi, vegna þess að það var vitað fyrirfram að stjórn hátíðarinnar hefði stillt okkar fólkí aftast vegna þess að sú sýning myndi að öllum líkindum vekja mesta eftirvæntingu. Já, ég er ekkert að grínast með það. Eftir því sem leið á hátíðina kom fleira og fleira fólk að máli við íslenska hópin og lýsti því hvað það hlakkaði umfram allt til að sjá íslensku sýninguna. Pressa? Aldelis. Engin smá.



Það var LEIKFÉLAG KÓPAVOGS sem færði systkinum okkar í Norður-Evrópu SVARTA KASSANN eftir HREFNU FRIÐRIKSDÓTTUR í leikstjórn ÁGÚSTU SKÚLADÓTTUR. Þetta er heimspekilegt verk sem vísar í ýmsar og jafnvel allar áttir. - snertir á trú og vísindum, goðsögnum og allra handa kenningum um mannlega tilveru. Leikhópurinn er ungar og hefur tekið virkan þátt í tilurð sýningarinnar, hefur lagt sitt að mörkum með hugmyndum, tónlist, ómetanlegri orku, áhuga og trú á verkefnið.

Og nú ætla ég að leyfa mér allar klisjurnar í bókinni: Fagnaðarlátum ætlaði aldrei að linna. Leikendur voru kallaðir aftur og aftur fram á sviðið - og svo einu sinni enn. Allir áhorfendur, hver einasta sála, spratt á fætur í sýningarlok og klappaði eins og enginn væri morgundagurinn. Leikstjórinn og höfundurinn voru hylltir eins og þjóðhetjur! Og þegar búið var að afhenda gjafir frá heimafólki tók salurinn upp á því að fyrra bragði að hylla sýninguna einu sinni enn með kröftugu HÚH-i.

Á eftir var gagnrýnistund. Fulltrúi Rússa á svæðinu hafði orðið mestallan tímann. Það væri gróflæg smættun að kalla umfjölun hennar um SVARTA KASSANN lofgjörð. Ástarjótning væri nær lagi. Og hún klikkti út með að bjóða sýningunni til Rússlands að ári.

Sem sagt: Það er ekki leiðinlegt að vera Íslendingur í Anyksciai akkúrat þessa stundina. Og ég nýt þess alveg.

Karl Ágúst Úlfsson



Svipmyndir úr Hárinu eftir Gerome Ragni og James Rado í flutningi  
Leikflokks Húnaþings vestra og leikstjórn Sigurðar Líndal Þórissonar



## Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2018-2019

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta og sjötta sinn. Að þessu sinni sóttu alls fimmtán leikfélög um að koma til greina við valið með sautján sýningar. Formaður dómnefndar var Atli Rafn Sigurðarson, en með honum í dómnefnd sátu þrír aðrir leikarar Þjóðleikhússins, þau Sigurður Sigurjónsson, Snæfríður Ingvarsdóttir og Þórey Birgisdóttir. Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

Freyvangsleikhúsið og leikfélag Hörgdæla: **Gaman saman**. Höfundar: Hjálmar Arinbjarnarson, Jóhanna S. Ingólfssdóttir, Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir, Elfar Þór, Guðný Kristinsdóttir og Hilmir Arnarson. Leikstjórar: Sindri Snær Konráðsson Thorsen, Anna María Hjálmarsdóttir, Jóhanna S. Ingólfssdóttir, Kolbrún Lilja Guðnadóttir, Gunnar Möller, Ragnar Bollason og Hjálmar Arinbjarnarson.

Freyvangsleikhúsið: **Lína Langsokkur**. Höfundur: Astrid Lindgren. Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson.

Halaleikhópurinn: **Ástandið**. Höfundar: Brynhildur Olgeirsdóttir og Sigrún Valbergsdóttir. Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir.

Leikdeild Umf. Skallagríms: **Fullkomið brúðkaup**. Höfundur: Robin Hawdon. Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

Leikdeild Umf. Stafholtstungna: **Rympa á ruslahaugnum**. Höfundur: Herdís Egilsdóttir. Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson.

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja: **Nanna systir**. Höfundar: Einar Kárasón og Ragnar Kjartansson. Leikstjóri: Örn Árnason.

Leikfélag Dalvíkur: **Heilmikið sokka sokk**. Höfundar og leikstjórar: Katrín Sif Ingvarsdóttir og Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir.

Leikfélag Hofsóss: **Gullregn**. Höfundur: Ragnar Bragason. Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson.

Leikfélag Húsavíkur: **Bar Par**. Höfundur: Jim Cartwright. Leikstjóri: Vala Fannell.

Leikfélag Hveragerðis: **Tveir tvöfaldir**. Höfundur: Ray Cooney. Leikstjóri: María Sigurðardóttir.

Leikfélag Mosfellssveitar: **Blúndur og blásýra**. Höfundur: Joseph Kesselring. Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir.

Leikfélag Mosfellssveitar: **Narnía**. Höfundur: Glyn Robbins, byggt á sögunni Ljónið, nornin og fataskápurinn eftir C.S. Lewis. Leikstjóri: Agnes Wild.

Leikfélag Sauðárkróks: **Fylgd**. Höfundur og leikstjóri: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson.

Leikfélag Sólheima: **Leitin að sumrinu**. Höfundar: Ástþór Ágústsson, Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson og Magnús Guðmundsson. Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

Leikfélagið Borg: **Rjúkandi ráð**. Höfundur: Þýr Ó. Man. Leikstjóri: Hera Fjord.

Leikflokkur Húnaþings vestra: **Snædrottningin**. Höfundur: H.C. Andersen. Leikstjóri: Greta Clough.

Leikflokkur Húnaþings vestra: **Hárið**. Höfundar: Gerome Ragni og James Rado. Leikstjóri: Sigurður Líndal Þórisson.



Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2018-2019 sýningu Leikflokks Húnaþings vestra á Hárinu.

Umsögn dómnefndar um sýninguna: Það er samdóma álit dómnefndar að sýning Leikflokks Húnaþings vestra á Hárinu eftir Gerome Ragni og James Rado í leikstjórn Sigurðar Línal Þórissonar skuli verða fyrir valinu sem athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2018-2019. Um efni Hársins þarf ekki að fjölyrða. Sýningin er hins vegar unnin af gríðarlegum metnaði og hvergi slegið af kröfum við uppfærsluna. Leikmynd, búningar og leikgervi, dansar, tónlistarflutningur, lýsing og hljóðblöndun skapa saman sterka heild. Stór leikhópurinn er skipaður hæfileikafólki sem nýtur sín í botn, og sterkur söngur, leikgleði og orka er allsráðandi. Afslappaður leikurinn skilar frásögninni á einlægan og einfaldan máta þannig að húmor og boðskapur verksins komast vel til skila. Það skal tekið fram að þetta er í fyrsta sinn sem sýning Leikflokks Húnaþings vestra er valin áhugasýning ársins, og það vakt sérstaka athygli dómnefndar hvað starfsemi leikflokksins er öflug í ár. Önnur sýning leikflokksins kom einnig sterklega til greina við valið, Snædrottningin í leikstjórn Gretu Clough, sem er listræn, frumleg og athyglisverð sýning. Tónlistin er falleg og útfærsla leikmynda og lýsingar er einkar áferðarögur. Leikhópurinn er að stórum hluta skipaður börnum á grunnskólaaldri sem njóta sín vel.

Þjóðleikhúsið óskar Leikflokki Húnaþings vestra til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna Hárið á Stóra sviði Þjóðleikhússins í júní.

## Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

### Stjórnarfundur: 6. maí, 2018 Logaland í Borgarfirði

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn Heimisson, Embla Guðmundsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir

Fundargerð:

Dagskrá:

Stjórn skiptir með sér verkum:

Varaformaður er Ólöf Þórðardóttir

Ritari er Þráinn Sigvaldason

Meðstjórnendur eru Gísli Björn og Anna María.

Næsti stjórnarfundur.

Ákveðið að úthlutunarfundur verði 19. júní klukkan 13:00 að Kleppsmýrarvegi 8.

Önnur mál.

Rætt um næsta aðalfund og reyfaðar nokkrar hugmyndir um hvað hægt sé að gera samhlíða honum.

Rætt um barnaleikhúsmótið í Toulouse í Frakklandi. Finna þarf 2 stelpur og 2 stráka á aldrinum 13-15 ára til að fara á mótið.

Fundi slitið klukkan 11:33

Fundargerð ritaði: Þráinn Sigvaldason

### Stjórnarfundur: 19. júní, 2018 Kleppsmýrarvegur 8

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn Heimisson, Salbjörg Engilbertsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir

Fundargerð:

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Dagskrá:

1. Úthlutun styrkja ríkisins fyrir leikárið 2017-18

Freyvangsleikhúsið - Frumkvæðisstyrk vegna þrek og tár hafnað.

Freyvangsleikhúsið - Frumkvæðisstyrk vegna Brot af því besta hafnað.

Hugleikur - Frumkvæðisstyrkur vegna Hráskinnu samþykktur vegna frumsaminnar tónlistar.

Leikdeild Umf. Skallagríms - Styrkur veittur með fyrirvara um að upptaka berist skrifstofu Bandalagsins eigi síðar en mánudaginn 25. júní 2018.

Leikfélag Keflavíkur - Frumkvæðisstyrkur vegna Mystery boy samþykktur vegna frumsaminnar tónlistar og vali Þjóðleikhússins á sýningunni sem Athyglisverðustu áhugasýningu ársins.

Leikfélag Keflavíkur - Frumkvæðisstyrkur vegna Dýrin í Hálsaskógi hafnað.

Leikfélag Norðfjarðar - Frumkvæðisstyrkur vegna Skápurinn hafnað.

Leikfélag Selfoss - Frumkvæðisstyrkur vegna Vertu svona kona samþykkt vegna nýrrar tónlistar og nýstárlegra efnistaka.

Leikfélag Sólheima - Frumkvæðisstyrkur vegna Úlfur ævintýranna samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.

Leikfélagið Óríon - Frumkvæðisstyrkur vegna Leigumorðið hafnað.

Niðurstaða úthlutunar er að styrkur verður 5.483 kr. per mínútu eða 438.673 kr. fyrir leikrit 80. mín eða lengra. Frumflutningsálag (30%) er 131.602 og álag fyrir sérstakt frumkvæði (20%) er 87.735 kr. Veitt var til 47 leikrita og leikþátta, 17 námskeiða og 30 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

2. Fundargerðir aðal- og stjórnarfundu í maí sl.

- Farið var yfir punkta sem komu fram á aðalfundinum í Reykholti:

- Guðfinna ætlar að skrifa uppkast að bréfi sent verður til sveitastjórna í haust.

- Rætt var að vinna að því að uppfæra menningarstefnuna á næsta aðalfundi. Undirbúum það vel fyrir fundinn.

- Rætt var að það þurfi að uppfæra tölvukost Bandalagsins. Fara í það sem fyrst. Vilborg ætlar að ræða við Lénsherra.

- Rætt var um undirsíðu á leiklist.is sem tilheyrði Leiklistarskóla Bandalagsins þar sem auðvelt væri að nálgast upplýsinga- og kynningarefni fyrir skólann. Vera dugleg að setja inn myndir og upplýsingar þar inn.

- Leiklistarhátíð 2020 - Einþáttungahátíðin „Lifið og njótið“ (vinnuheiti). Nýr framkvæmdarstjóri vinni með nefndinni og fari af stað eftir áramót.

- Ráðning framkvæmdarstjóra: Leitað verði að

nýjum framkvæmdarstjóra innan raða BÍL.

- Stjórn er ánægð með fyrirkomulag síðasta aðalfundar. Þetta form var að virka mjög vel.

- Farið var yfir síðustu fundargerðir stjórnar frá 4. og 6. maí 2018.

3. Starfsáætlun leikársins 2018-19

- Rekstur þjónustumiðstöðvar er á áætlun.

- Leiklistarskólinn gekk mjög vel. Mikil ánægja var m.a. annars með námskeiðið Á bak við tjöldin. Skemmtilegt hvernig hóparnir komu síðan saman.

- Leiklistarvefurinn er í stöðugri þróun.

- Þurfum að fá fund með ráðuneytinu með haustinu til að ræða nýjan samning.

- Stofnuð verði nefnd um tilhögun leiklistarhátíðar 2020 sem skilar inn tillögum á næsta aðalfund. Nefndin verður stofnuð um áramót og vinnur hún með nýjum framkvæmdarstjóra.

4. Bréf frá Halaleikhópnum vegna aðgengismála

- Aðilar úr stjórn og skólanefnd gengu um Reykjaskóla og skoðuðu vel alla aðstöðu með hliðsjón af þeim spurningum sem fram koma í bréfinu. Skólanefnd mun svara bréfinu efnislega og leggja það fyrir stjórn BÍL.

5. Ráðning nýs framkvæmdarstjóra

- Farið var yfir undirbúning vegna ráðningar á nýjum framkvæmdarstjóra. Formaður lagði fram drög að starfslýsingu og hæfniskröfum. Það þarf að fara að huga að því að auglýsa stöðuna. Farið var yfir hvernig best væri að auglýsa stöðuna. Stjórn hendir á milli sín hugmyndum og sendir á framkvæmdarstjóra.

6. Önnur mál

- Gísli talaði um að leikhúsfólk gæti fengið lykilorð hjá Lénsherra til að fara inn á búningavefinn á leiklist.is.

Næsti fundur verður haldinn í lok september.

Fundi slitið klukkan 15:50.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

## Stjórnarfundur: 14. Sept. 2018 Kleppsmýrarvegur 8

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn Heimisson, Embla Guðmundsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir

Fundargerð:

Anna María og Þráinn eru á Skype.

Dagskrá:

1. Ráðning framkvæmdarstjóra

- Stjórnarmenn eru virkilega ánægðir með þær umsóknir sem bárust en þær voru þrjár talsins. Farið var yfir umsóknirnar og ákveðið að boða einn af umsækjendum í viðtal og ef samningar nást verður haft samband símleiðis við aðra umsækjendur.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

- Farið yfir fundargerð frá 19. júní 2018 og hún samþykkt.

3. Starfsáætlun 2018-19

- Farið var yfir starfsáætlunina. Rekstur þjónustumiðstöðvar gengur ágætlega. Vörusala hefur þó dregist saman. Stefnt er á að fara í átak til þess að auglýsa vörurnar betur.

- Skólinn gekk mjög vel.

- Upp kom sú spurning hvort vefurinn ætti ekki að vera undir https: sem er öruggara.

- Stefnt er á að fá viðtal við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem fyrst á næsta ári og kynna þá nýja framkvæmdarstjórnann fyrir ráðherra.

- Styrkur til starfsemi áhugaleikfélaga verður óbreyttur frá síðasta ári eða 18.5 milljónir árið 2019.

4. Svar frá skólanefnd v/bréfs Halaleikhópsins

- Stjórn fór yfir svör skólanefndar og þakkar fyrir góð og vel unnin svör. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að senda svörin til Halaleikhópsins.

5. Þátttaka okkar í erlendu samstarfi sl. sumar

- Formaður fór yfir skýrslu vegna ferðar á NEATA hátíðina í Litháen 31. júlí til 6. ágúst 2018. Hátíðin tókst mjög vel og stóðu allir íslensku þátttakendurnir sig virkilega vel. Ungmennin okkur voru ánægð með ferðina og voru BÍL til mikilla fyrirmyndar.

- Farið var yfir skýrslu vegna EDERED barnaleiklistarhátíðina í Frakklandi en við sendum 4 ungmenni þangað í sumar með fararstjóra.

6. Önnur mál

- Næsti fundur áætlaður í byrjun janúar 2019.

Fundi slitið klukkan 18:45.

Fundargerð ritaði: Þráinn Sigvaldason.

## Stjórnarfundur: 5. janúar, 2019 Kleppsmýrarvegur 8

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn

Heimisson, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir

Fundargerð:

Formaður bauð sérstaklega velkominn til starfa nýjan framkvæmdarstjóra og afhenti kveðjugjöf til Vilborgar fyrrverandi framkvæmdarstjóra sem sat þarna sinn síðasta stjórnarfund.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og afgreidd.

- Farið var yfir fundargerð stjórnarfundar frá 14. september. Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Nýr framkvæmdarstjóri.

- Gengið var frá ráðningu Harðar Sigurðarsonar þann 20. september sl. og tók hann til starfa 2. janúar 2019. Vilborg verður honum innan handar eitthvað fram eftir ári.

- Gengið var frá prókúruskiptum á fundinum.

3. Starfsáætlun yfirfarin.

- Farið var yfir starfsáætlunina.

- Hvað varðar þjónustumiðstöðina þá þarf klárlega að laga nettenginguna. Netið er mjög hægt en tengingin er ADSL og virðist ekki ná meiri hraða en 4 megabitum/sek. Hörður rannsakar þetta mál.

- Erum enn að bíða eftir samningi við ríkið og á meðan höldum við að okkur höndum í rekstri þjónustumiðstöðvar.

- Farið var yfir málefni Leiklistarskóla BÍL og er allt þar á fullu í undirbúningi fyrir næsta skólaár.

- Hörður fór aðeins yfir Leiklistarvefinn og hvað væri hægt að gera þar. Hann ræddi m.a. greiðslugátt fyrir söluvef samtakanna og langar til að kynna sér þau mál betur.

- Framlag til verkefna aðildarfélaga frá ríkinu verður óbreytt frá fyrra ári eða 18,5 milljónir.

- Rætt var um undirbúning vegna leiklistarhátíðar í tengslum við 70 ára afmæli BÍL 2020. Undirbúningsnefnd (Guðfinna, Ólöf og Vilborg) mun hittast fljótlega. Ákveðið að Vilborg haldi sæti í nefndinni fram að næsta aðalfundi.

4. Önnur mál

- Næsti stjórnarfundur ákveðinn laugardaginn 30. mars 2019 klukkan 11:30.

- Aðalfundur verður haldinn á Húsavík 3.-5. maí 2019.

- Vilborg þakkar stjórn innilega fyrir gott samstarf á liðnum árum og óskar nýjum framkvæmdarstjóra velfarnaðar í starfi.

Fundi slitið klukkan 13:27.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason

## Stjórnarfundur: 30. mars, 2019 Kleppsmýrarvegur 8

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Þrúður Sigurðar, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir

Fundargerð:

Ósk um inngöngu Leikd. UMF Stafholtstungna.

Samþykkt samhljóða

Leiklistarskólinn

Fullt er á öll námskeið. Stjórn lýsir ánægju með góða aðsókn.

Fjármál

Er í járnum eins og venjulega. Reikningurinn í plús vegna staðfestingargjalda.

Samningur við ríkið.

Vitum að upphæð til skrifstofu er áfram 6 milljónir. Erum að fá greitt skvt. því.

Bíðum enn eftir drögum að samningi. Er á leið til lögfræðinga ráðuneytisins og ekki von á þeim fyrr en eftir 2-3 vikur skvt. samtali við Ástu hjá ráðuneytinu. Hörður óskar eftir fundi með ráðherra.

Aðalfundur á Húsavík

Höfum fengið tilboð í gistingu og ráðstefnupakka. Verð pr. mann í tveggja manna herbergi er þá 31.500 kr. Innifalið gisting m. morgunverðarhlaðborði, ráðstefnupakkinn, matur og veitingar á fundi og hátíðarkvöldverður. Fundarboð send í síðasta lagi mánudag 1. apríl.

Vilborg kynnti ársreikning. Niðurstaða ársins er tap upp á 153.763 kr.

Leikminjasafn

Verður að líkindum lagt niður á aðalfundi 22. maí. Þjóðminjasafn og Þjóðarbókhlaða taka við munum og gögnum safnsins. Má benda félögunum á að þar er hægt að koma hlutum til varðveislu.

Stjórnarkjör í IATA

Munum ekki senda fulltrúa vegna kostnaðar. Rætt um frambjóðendur og við þurfum að huga að því að koma okkar atkvæði á fundinn.

Úthlutunarreglur - upptökur af sýningum

Áréttá að nú er aðeins tekið við upptökum á YouTube eða Vimeo. Uppfæra þarf úthlutunarreglur.

Leiklistarhátíð 2020

Hugmyndir frá undirbúningsnefnd:

Tengja leiklistarhátíð við aðalfund og halda hátíðina fös. 1. maí 2020. Athuga hvort Leikf. Keflavíkur er tilbúið að halda aðalfund og

hátíðina í tengslum við hann. Leikþættir 15-25 mín. Fá utanaðkomandi til að fjalla um sýningar. Skoða möguleika á að vera með sameiginlega leikhúsveislu á föstudagskvöld. Lagt fyrir aðalfund til umræðu.

Önnur mál engin.

Fundi slitið 13:43.

Fundargerð ritaði Hörður Sigurðarson

## Stjórnarfundur: 3. maí, 2019 Fosshótel Húsavík

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Hörður Sigurðarson, frkv.stj., Anna María Hjálmarsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir

Farið yfir skipulag aðalfundar og verkum skipt.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði: Hörður Sigurðarson

# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn á Húsavík 4.-5. maí 2019

## 1. Fundarsetning.

Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað.

Formaður Bandalagsins, Guðfinna Gunnarsdóttir setti fundinn kl. 9:07. Fundarstjórar eru Halla Rún Tryggvadóttir og Benóný Valur Jakobsson frá Leikfélagi Húsavíkur. Fundarritarar eru Magnþóra Kristjánsdóttir og Jónheiður Ísleifsdóttir.

Guðfinna byrjaði fundinn á því að flytja fundinum kveðju frá Leikfélagi Seyðisfjarðar en þau áttu ekki heimangengt á fundinn vegna fráfalls Lilju Sigurðardóttur. Hún var virkur félagi og kom á mörg Bandalagsþing. Fundurinn minntist Lilju með stuttri þögn.

## 2. Kjörnefnd

Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Dýrleif Jónsdóttir steig í pontu og auglýsti eftir kjörbréfum.

## 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Gísli Björn Heimisson las menningarstefnu Bandalagsins fyrir fundinn.

MENNINGARSTEFNA BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því að:

- stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- stuðla að því að börn og ungingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Hér kynntu fundargestir sig.

Kjörnefnd óskaði eftir því að fá að koma upp og kynna sín mál áður en dagskrá fundarins yrði fram haldið. Atkvæðaspjöldum var dreift og stjórnarkjör kynnt. Fólk beðið um að gefa sig fram við kjörnefnd ef það hefði hug á að bjóða sig fram í stjórn en um er að ræða tvo aðalmenn og þrjá varamenn. Salbjörg Engilbertsdóttir gengur úr varastjórn en aðrir gefa kost á sér.

## 4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Leikdeild Umf. Stafholtstungna óskaði eftir því að ganga í Bandalagið og fékk jákvætt svar og er því komin inn í Bandalagið. Eru þau boðin velkomin. Leikfélag Hvammstanga og Leikdeild Grettis sameinuðust í eina sæng og úr varð Leikflokkur Húnaþings vestra.

## 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt.

## 6. Skýrsla stjórnar

Guðfinna Gunnarsdóttir formaður Bandalagsins flutti skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga Flutt á aðalfundi á Húsavík 4. maí 2019

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður

Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður  
Þráinn Sigvaldason, Hörgárdal, ritari

Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi  
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:

Þrúður Sigurðardóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir, Embla Guðmundsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð fram að áramótum var Vilborg Valgarðsdóttir og nýr framkvæmdastjóri, Hörður Sigurðarson, hóf störf í janúar 2019.

Stjórn hélt sex starfsfundum á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Logalandi, fjóra í Þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og þann síðasta hér í Húsavík í gær. Fjarfundarbúnaður var notaður endrum og sinnum með góðum árangri þegar ritari vor Þráinn og meðstjórnandi Anna María áttu ekki heimangengt norðanifrjá. Einnig hefur mjög skemmtilegur fésbókarhópur okkar stjórnarmanna verið nýttur til góðra samskipta stjórnarmanna árið um kring.

Er stjórn þokkuð góð samvinna á árinu. Vilborgu fáum við ekki fullþakkað, aldrei, en hún hefur reynt okkur og Herði vel í þeirri aðlögun sem nú stendur yfir. Herði er einnig þakkað gæfulegt upphaf á vonandi góðri samvinnu.

### II. Starfsemi félaganna

28 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkumsóknir fyrir alls 47 leiksýningar og leikþætti, 17 námskeið og 30 skólanemendur fyrir leikárið 2017-2018. Fullur styrkur reyndist vera 438.673 krónur. Ársritið okkar inniheldur allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félögin í Bandalaginu eru nú 48 talsins.

### III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur Þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur Þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnnum og engin breyting á því ástandi í sjónmáli. Viðbótarstyrkur aðildarfélaganna sem samþykktur var á síðasta aðalfundi gerði gæfumuninn fyrir starfsárið eins og sjást mun á reikningum sem kynntir verða hér á eftir.

Leiklistarvefurinn er enn okkar skilvirkasta tæki til upplýsingagjafar og samskipta við félögin og aðra sem nýta sér þjónustu okkar. Fréttir af sýningum aðildarfélaganna eru stærsta fréttæfnið á vefnum og einnig er eitthvað um almennar leiklistarfréttir. Enn er allt of algengt að félögin hafi ekki frumkvæði að því að senda fréttir og myndir af frumsýningum og öðrum viðburðum heldur þurfi að sækja það til þeirra. Töluverð vinna hefur átt sér stað í skráningum á leikritasafni undanfarið en það er mikilvægt eilífðarstarf. Annars eru engin stórtíðindi af Leiklistarvefnum á leikárinu sem er að líða. Ýmsar nýjungar eru þó í skoðun og ættu að skýrast er líða tekur á árið.

Um skólann mun fulltrúi skólanefndar fjalla í sinni skýrslu. Er skólanefnd og lénsherra þakkað fyrir frábæra vinnu og samstarf á árinu. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 18,5 milj. kr. Til Þjónustumiðstöðvarinnar er framlagið 6

milj. kr. á ári samkvæmt samningi sem við höfum ekki ennþá fengið sem er ferlegt. En við höfum fengið þau skilaboð úr ráðuneytinu að styrkuppþæð til Þjónustumiðstöðvar verði óbreytt, 6 milljónir á ári 2019-2021. Það er ekki nóg og enn höfum við ekki fengið fund með ráðherra og ekki fengið nein svör varðandi beiðni okkar um aukafjárveitingu vegna framkvæmdastjórnarskipta. Ef vel á að vera og skrifstofan rekin áfram með sama sniði og verið hefur, þyrftum við að fá ríflega hækkun á samningi og komast upp í 8.5 milljónir á ári til að halda sjó.

Undirbúningur að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020.

Undirbúningsnefnd skipuð þeim Ólöfu, Vilborgu, Herði og Guðfinnu, settu saman tillögur að formi á leiklistarhátíð sem lagðar verða fram til umræðna í hópastarfi hér á fundinum.

### IV – Önnur mál

Uppfærsla Leikfélags Keflavíkur á söngleiknum Mystery boy eftir Smára Guðmundsson í leikstjórn Jóels Sæmundssonar var valin Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins af valnefnd Þjóðleikhússins og var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu 24. Maí við góðan orðstír. Í ár eru sýningarnar 17 frá 15 leikfélögum sem valið verður milli og mun fulltrúi Þjóðleikhússins tilkynna um það undir borðum á Húsavík í kvöld.

Af erlendum vettvangi má geta þess að formaður og framkvæmdastjóri sóttu NEATA hátíð í Litháen. Hátíðin og umgjörð hennar var öll til fyrirmyndar og voru Litháar mjög stoltir af því að halda upp á 20 ára afmæli NEATA um leið, en Litháen var einmitt fyrsta þjóðin sem hélt NEATA hátíð árið 2000.

Fulltrúi Íslands á hátíðinni var sýning Leikfélags Kópavogs á Svarta kassanum eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Er skemmst frá því að segja að sýningin vakti mikla aðdáun og lukku meðal áhorfenda og fékk hópurninn allur mikið hrós fyrir sýninguna.

BÍL sendi 3 ungmenni á NEATA Youth námskeið sem haldið var í tengslum við hátíðina og sýndi hópurninn afrakstur námskeiðsins á opunardeggi hátíðarinnar. Ungmennin sáu svo um að skrifa fréttir í daglega fréttablaðið um hátíðina og aðstoðuðu leikhópna.

Að venju funduðu fulltrúar allra landana í NEATA og þar var ýmislegt rætt og ákveðið um framtíð samstarfsins. Nú eru breyttar aðstæður hjá NEATA varðandi IATA. NEATA og önnur svæðissambönd eiga ekki lengur sérstakan fulltrúa í stjórn alþjóðasamtakanna vegna beytinga á lögum IATA. Ákveðið var að fjarlægja IATA tengingar og nafn úr öllum gögnum NEATA – þ.e. stjórnarskrá og fleiru, þar sem það á ekki við lengur.

Næsta IATA festival 2019 verður í New Brunswick, Kanada í lok ágúst. Við sendum ekki fulltrúa þangað.

Ákveðið var að aðalmarkmið NEATA verði að halda sameiginlega hátíð á tveggja ára fresti og mynda þannig og viðhalda tengslum aðildarlandanna – það er aðalmarkmið NEATA og breytist ekki. Fjarvera úr stjórn IATA kemur því ekkert við.

Lagt var til að búa til róteringakerfi fyrir stjórn NEATA sem virki þannig að formaður verði sá sem er að fara að halda festival næst og varaformaður verði sá sem er nýbúinn að halda hátíð. Þannig færir þekking og reynsla á milli manna.

Ákveðið að stjórn NEATA verði óbreytt næsta ár og hún ásamt vinnuhópi um breytingar á stjórnarskrá NEATA skili af sér næsta sumar. Í vinnuhópnum eru Kristína Oomer Eistlandi, Noomi Reinert Færeyjum og Peter Dahn Danmörku.

Formaður og framkvæmdastjóri voru að vonum mjög stoltar af fulltrúum BÍL á hátíðinni. Þetta var gott mót eins og maðurinn sagði.

Næsta NEATA hátíð verður haldin í Eistlandi 2020.

Leikfélag Hafnarfjarðar fór enn á ný á flakk með leikritið Ubba kóng í leikstjórn Ágústu Skúladóttur, að þessu sinni á hátíð í Tékklandi.

Við tókum þátt í barnaleiklistarhátíðinni fyrir börn á aldrinum 13-15 ára sem nefnist Edered og var haldin í Toulouse í Frakklandi í júlí. Við ákváðum að taka þátt í hátíðinni í samstarfi við Færeyinga. Frá okkur fóru 4 börn, 4 börn frá Færeyjum auk workshopkennara frá Færeyjum og umsjónarmanns með hópnum frá Íslandi. Kristín Svanhildur Helgadóttir, var umsjónarmaður barnanna og stóð hún sig frábærlega sem og aðrir fulltrúar okkar á hátíðinni.

Nú liggja fyrir drög að nýjum sviðslistalögum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Við sendum inn nokkrar athugasemdir við frumvarpsdrögin í vetur, þar sem okkar hagsmunir og staða var áréttuð. Ein aðal breytingin sem kemur okkur við er að í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót svokallað

sviðslistaráð sem úthluta muni úr sviðslistasjóði til okkar og annara aðila.

Gengið var frá ráðningu framkvæmdastjóra í september, en ákveðið var að ráða Hörð Sigurðarson sem hóf störf 2. janúar 2019. Við teljum það mikinn happafeng fyrir Bandalagið að fá hann til starfa og hlökkum til samstarfsins.

Lénsherra kveðjum við með virktum og þökkum fyrir óeigingjarnt starf í þágu BÍL.

Stjórn þakkar ennfremur Vilborgu framkvæmdastjóra fyrir frábært samstarf á árinu.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast með fréttum á heimasíðunni og vera í sambandi við okkur í stjórninni eða Hörð ef spurningar vakna. Endilega sendið okkur fréttir af starfinu ykkar. Verum dugleg að koma okkar frábæra starfi á framfæri. Látum í okkur heyra. Leikum núna og svo alltaf meira.

## 7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Hörður Sigurðarson framkvæmdastjóri Bandalagsins lagði fram reikninga bandalagsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrartekjur og -gjöld. Tap var á rekstrinum upp á 150.300 kr.

Farið var yfir einstaka rekstarliði. Tölur voru svipaðar á milli ára.

Hagnaður árið á undan var ca. 1,5 milljónir þannig að það er talsverð breyting á milli ára en skýrist af ýmsum liðum. Meðal annars þátttöku á NEATA og fleiri atriðum.

## 8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgangi reikninga.

Dýrleif steig í pontu og lýsti áhyggjum sínum af fjármálum Bandalagsins. Sérstaklega rekstri þjónustumiðstöðvar. Sagði að það sé óeðlilegt að styrkurinn hafi ekkert breyst á áruna rás og það sé ekki hægt að reka samtök á styrk sem dugir ekki fyrir launum og launatengdum gjöldum eins starfsmanns. Erfitt að reka samtök á blóðinu/gufunni.

Guðfinna steig í pontu til að svara. Styrkur var lækkaður í 5 milljónir árið 2008 og hefur síðan hækkað í 6 milljónir sem dugir engan veginn og hefur samþykkt aðalfundar á að veita hluta af styrk peningum leikfélagana til þjónustumiðstöðvar gert gæfumuninn.

Guðfinna talaði einnig eftir beiðni frá fundarstjóra um IATA og NEATA og skýrði hvað þessi samtök eru og hvaða þýðingu okkar aðild hefur og að við komumst ekki alltaf á fundi vegna fjárhagsstöðu Bandalagsins. Frábærar hátíðir og mikilvægt fyrir okkur að taka þátt. Ekki eru lengur fulltrúar frá álfusamtökunum í stjórn IATA, eftir lagabreytingu í fyrra í Monakó sem framkvæmdastjóri og formaður sóttu, en stjórn IATA er kosinn sérstaklega. Guðfinna hvetur alla til að velja fyrir sér áhuga á að sækja um þátttöku á NEATA hátíð í Eistlandi sumarið 2020, hátíðirnar eru yfirleitt haldnar í kringum verslunarmannahelgina.

Umræður úr sal um upplifanir á leikritum á öðru tungumáli.

Guðfinna talaði um mikilvægi þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Spurning kom úr sal um liðinn „Aðrir styrkir“ á rekstrarreikningi upp á 2,5 milljónir og svaraði Guðfinna því að þetta væri styrkur sem aðildarfélög bandalagsins samþykktu á síðasta fundi að veita af styrk leikfélagana til þjónustumiðstöðvar.

## 9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Dýrleif flutti skýrslu skólanefndar.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 4.-5. maí 2019

Á liðnu starfsári sátu með mér í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka kærlega öllu samnefndarfólki mínu fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólann árið 2018 sóttu alls 51 nemendi. Sumarið var óvenjulegt þar sem boðið var upp á fjögur námskeið í stað þriggja eins og oftast áður. Námskeiðin voru:

1. Leikritun 1 – kennari Karl Ágúst Úlfsson

2. Master Class í leikstjórn – kennari Rúnar Guðbrandsson

3. Trúðanámskeið sérnámskeið – kennarar Ágústa Skúladóttir og Gunnar Björn Guðmundsson.

4. Á bak við tjöldin – kennari Eva Björg Harðardóttir

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til mikillar ánægju með skólastarfið og þökkum við nemendum fyrir ábendingar um námskeið og mun skólanefnd hafa þau til hliðsjónar þegar námskeið eru ákveðin á komandi misserum. Sérstaklega erum við að skoða framhaldi af námskeiðinu Á bak við tjöldin og má geta þess að skólanefnd er í samráði við Evu Björg kennara að finna flöt á framhaldi á námskeiðinu. Hvort það verður í vetur eða næsta sumar verður að koma í ljós en ég fullvissa ykkur um að það verður auglýst vel og rækilega þegar það er ljóst.

Árið 2019 verður leiklistarskólinn settur í Reykjaskóla þann 8. júní í 23. sinn. Að þessu sinni verða þrjú námskeið í boði.

Við bjóðum velkomna Aðalbjörgu Árnadóttur sem kennir hjá okkur í fyrsta sinn og mun taka á móti nýjum nemendahópi á Leiklist I.

Einnig fögnum við því að fá Árna Kristjánsson í kennarahópinn okkar. Hann mun sjá um Leikritun II sem er framhald af byrjendanámskeiðinu í leikritun sem Karl Ágúst Úlfsson var með í fyrrasumar.

Sérnámskeið í leiklist fyrir lengra komna verður í höndum hins þrautreynda kennara Rúnars Guðbrandssonar. Boðið hefur verið upp á sambærilegt námskeið áður og afar vel af því látið.

Þess má geta að ný framkvæmdastjórinn setti upp rafrænt umsóknakerfi og er nú bæði hægt að senda inn umóknir og skila viðhorfskönnun á rafrænu formi. Eins var Vilborg okkur innan handar við undirbúninginn. Þökkum við þeim fyrir þeirra störf.

Sumarið lítur sem sagt vel út og skólastýrir hlakka mikið til að njóta þess að fylgja nemendum eftir eitt árið enn. Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

Guðfinna spurði hvort það væru laus pláss í skólann í sumar. Dýrleif svaraði að það séu mögulega laus pláss á Leiklist 1 og Sérnámskeiði í leiklist. Aldrei of seint að sækja um í skólann því það er alltaf möguleiki á að einhver detti út.

Fundarstjóri dásamaði leiklistarskólann og lýsti því hversu gaman væri að kynnast þar fólki. Hélt því einnig fram að þátttaka í skólanum geti komið í stað sálfræðitíma.

Dýrleif kom aftur í pontu og fjallaði meira um skólann. Hún benti á að Leiklist 1 sé ekki bara fyrir óreynda leikara heldur fyrir alla og þessvegna hægt að fara oft á sama námskeið hjá mismunandi kennurum. Sama gildir um sérnámskeiðin sem hægt er að fara aftur og aftur á því þau eru aldrei eins og hópurinn sem tekur þátt hefur alltaf áhrif á hvernig námskeiðið verður.

Hægt er að sækja um styrki fyrir námskeiðum til flestra stéttarféлага og leikfélögin veita líka flest einhverja styrki til þeirra sem sækja skólann. Kennarasambandið veitir td. Endurmenntunarstyrki.

Ásgeir spurði hversu marga þarf til að fylla námskeið og svaraði Dýrleif því að það sé mismunandi eftir námskeiðum. Td. komast aðeins 14 á Leikritun 2 en fleiri pláss séu á öðrum námskeiðum.

Gunnar Björn spurði hvort hægt væri að hafa líka höfunda í heimsókn fyrst leikritunarnámskeiðið er fullt. Dýrleif lýsti yfir áhyggjum yfir því að mögulega myndi þátttaka á Leikritunarnámskeiðinu minnka ef boðið væri upp á höfunda í heimsókn en þó væri möguleiki á því að það yrði boðið upp á það þegar nær drægi.

Sigga Lára talaði um að hún myndi ekki vera að sækja það sama á námskeiði og sem höfundur í heimsókn.

Elli lýsti yfir ánægju yfir því að það séu tveir nýir kennarar til að busa.

Utan dagskrár:

Hörður kynnti yfirlit yfir þróun styrkja til þjónustumiðstöðvar Bandalagsins og Leikfélaganna frá árinu 2000. Þar sást að frá árinu 2000 hefur styrkur til þjónustumiðstöðvar hækkað frá 3 milljónum í 6 milljónir og styrkur til leikfélaganna hefur hækkað úr 17,2 milljónum í 18,2 milljónir. Ekki var búið að reikna út áhrif vísitölu á þessar upphæðir en Gísli ætlaði að skoða það.

## 10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna kynnti umræður um starfsáætlun og skipaði í hópa. Gert var hádegisverðarhlé. Hist verður

aftur hér kl. 13:30.

Fundi var fram haldið kl. 13:34 með því að Hörður minnti á Facebookhópa tengda BÍL og skipaði fólki að líka við þá hið snarasta hafi það ekki gert það nú þegar. Hvatti hann fólk til að senda til hans skemmtilegar myndir frá þinginu svo hægt sé að birta þær á Facebooksíðu BÍL.

Starfshópar kynntu því næst niðurstöður sínar.

### Hópur 1

Hópstjóri Gunnar Björn Guðmundsson

Ármann Guðmundsson, Sigrún Sighvatsdóttir, Óðinn Björnsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Regína Sigurðardóttir, Ásgeir Hvítaskáld, Magnþóra Kristjánsdóttir, Kjartan Rúnarsson.

1. Áhuga- og þekkingarleysi stjórnvalda á starfsemi áhugaleikfélagana er viðvarandi vandamál. Vekja þarf stjórnvöld til meðvitundar um það ómetanlega grasrótarstarf, sem að langmestu leyti er unnið í sjálfboðavinnu og er grundvöllur hins öflugra menningarlífs sem þrífst í landinu.

Hugmynd okkar er að öll leikfélög sendi sveitarstjórnnum sínum kynningu á hvað fer fram í leikfélaginu og hvaða þýðingu það hefur fyrir sveitarfélagið, bæði beint og óbeint.

Með þessu viljum við auka meðvitund þjóðarinnar um ótvírætt mikilvægi áhugaleikhússins í íslensku samfélagi.

Einnig að fá þekkt leikhúsfólk til að „vitna“ um rætur sínar í áhugaleikhúsinu og hvernig það fékk eldskírni sína þar og hvatningu til að gera leiklistina að ævistarfi sínu. #égeráhugaleikari herferðin.

2. Sérverkefni:

Hópnum líst mjög vel á hugmyndir stjórnar um leiklistarhátíð og hefur engu við hana að bæta.

### Hópur 2

Hópstjóri: Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir

Kristín Ólafsdóttir, Unnur Lilja Erlingsdóttir, Jóhanna Hafðís Leifsdóttir, Ása Gísladóttir, Stefán H. Jóhannesson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Axel Vatnsdal, Jóhanna S. Ingólfssdóttir

Rætt um mikilvægi þjónustumiðstöðvar og þá góðu þjónustu sem leikfélögum stendur þar til boða sem og grunnskólum, framhaldsskólum og fleiri aðilum. Þá lýsa þátttakendur mikilli ánægju með Leiklistarskóla og Leiklistarvef. Undir þessum lið rætt um hvatningu til annarra félaga til að sækja t.d. þing, bæði okkur og þeim til aukinnar ánægju en einnig til að styrkja okkur innanfrá. Leikhúsið snýst að svo mörgu leiti um tengsl. Þéttum tengsl aðildarféлага.

Rætt um leiðir til aukinna fjárframlaga. Hugmynd um að fá þekkt aðila til að ræða reynslu sína af áhugaleikhúsi á opinberum vettvangi. Þá má auðveldlega setja umræðuna í samhengi við umræðu um geðheilbrigði sem er svo áberandi í dag, nýta reynslusögur þeirra sem því vilja deila um hvernig leikhús hafi hjálpað (ungu) fólki útúr félagslegri einangrun, þunglyndi, kvíða o.s.frv. Beina athygli af mikilvægi leikhússins sem forvörn á sama hátt og t.d. íþróttaiðkun. Mikilvægur punktur að þátttaka í leikfélagi er viðkomandi oftast að kostnaðarlausu utan félagsgjalds, framlag einstaklingsins í viðveru, vinnu og samskiptum er það sem skiptir máli.

Sérverkefni

Hópnum líst að öllu leiti vel á hugmyndir undirbúingsnefndar um leiklistarhátíð 2020.

Rætt um hvort einhver leikfélög gætu séð það sem hindrun ef krafa verði um að leikverk á stutthátíð séu frumsamin. Því yrði að mæta á einhvern hátt, verði sú leið farin.

Einnig rætt um dagsetningu, hvort gæti komið skemmtilega út að þematengja hátíðina með einhverjum hætti 1. maí. Kannski með orðinu barátta, svo dæmi sé tekið.

Rætt um sem viðbót við leiklistarhátíð að setja fyrir hátíðina af stað einhvers konar samsettu leikverki sem aðildarfélög taki þátt í. Þá myndi hvert leikfélag sem tekur þátt, bjóða fram einn aðila til að leika í þessu leikverki, hlutverkum yrði úthlutað, texta viðkomandi og eftir atvikum fyrirmælum sem þurfa að vera til staðar, en engin fái að vita hver leikur hvað eða hver önnur hlutverk séu nema að því leyti sem nauðsynlegt er. Hver leikari komi svo til með að undirbúa sig heimavið með stuðningi síns félags og

mögulega leikstjóra með því að læra texta, þróa karakter, útbúa búning og leikmuni. Leikverkið yrði svo sett á svið á leiklistarhátíð án sameiginlegs undirbúnings. Útfærsluatriði hvort samsetta leikverkið yrði frumsamið eða bútur/bútar úr eldra verki/verkum. Einnig útfærsluatriði hvaða fyrirmæli hver leikari fái eða hvaða upplýsingar verði gefnar upp. Hugmyndin er sú að tengja leikfélögin saman með sameiginlegu verkefni.

### Hópur 3

Elli (Leikfélag Selfoss, hópstjóri), Ágúst (Leikfélag Hólmavíkur), Sigga Lára (Leikfélag Fljótaldalshéraðs), Guðrún Einars (Leikfélag Húsavíkur), Benoný (Leikfélag Húsavíkur), Ingólfur (Freyvangsleikhúsið), Guðrún Eysteins (Hugleikur), Sigurður (Leikfélag Hörgdæla), Erla (Leikfélag Ölfuss).

Þjónustumiðstöð

Erum ánægð og fáum þá þjónustu sem við þurfum. Viljum auka veg miðstöðvarinnar og virðingu og hvetjum alla áhugaleikara og öll leikfélög til að nýta t.d. samfélagsmiðla til að dreifa auglýsingum af vefnum um verslunarvörur fyrir Öskudag og Halloween, og nefna handritasafnið við öll möguleg tækifæri. Fram kom hugmynd um að útbúa Youtube video með sketsum þar sem einhverjir koma á þjónustumiðstöðina og fá úrlausn sinna mála, fá handritið sem vantaði eða kaupa t.d. förðunarvörur og ganga út sem nýjar manneskjur!

Hugmyndir voru ræddar um leiðir til aukinnar fjármögnunar, t.d. að bjóða upp á einstaklingsaðild að Bandalaginu (sem áður hefur verið rætt), og/eða senda út valgreiðslur til einstaklinga, t.d. upp á ca 2000 kr.

Við leggjum til að skipuð verði nefnd til að taka saman gögn a.m.k. aftur fyrir leiklistarlög sem sett voru um eða fyrir miðjan 10. áratug sl. aldar, um fjármögnun og starfsemi leikfélaganna, greina og skila skýrslu á næsta aðalfundi.

E.t.v. væri gagnlegt að skipuleggja og framkvæma bréfaferð – gjarnan með sveitarfélögin í liði. T.d. að einstaklingar, leikfélög og sveitarstjórnir skrifi kjörnum fulltrúum sinna kjördæma, og líka til fjárlaganefndarfulltrúa, til að færa rök fyrir mikilvægi starfseminnar, mikilvægi þjónustumiðstöðvarinnar fyrir Bandalagið og þjóðfélagið, muna eftir þjónustunni sem miðstöðin veitir líka skólakerfinu og atvinnuleikhúsunum og sjálfstæðu leikhópunum. Nota má gögnin og skýrsluna sem fyrrnefnd nefnd skilar.

Skólinn, skólinn er finn, allir að fara í skólann, muna eftir stéttarfélagastyrkjum, oft hægt að fá styrki jafnvel þótt svo sé ekki að sjá á reglum félaganna. Alltaf að tækka.

Sérverkefni: Leiklistarhátíð 2020

Forsendur:

Stuttverkahátíð.

Tengja við aðalfund, halda föstudaginn 1. maí

Haldið í Reykjanesbæ, eða annarsstaðar á Suðurnesjum

Leikþættir 15 – 25 mín að lengd

Fá utanaðkomandi til að fjalla um sýningar

Möguleiki á að hafa sameiginlega leikhúsveislu á föstudagskvöldinu

Við erum hlynnt öllum þessum hugmyndum. Sérstaklega að hafa neðri tímamörk og efri á lengd verka, það hvetur til góðs undirbúnings. Einnig líst okkur mjög vel á að hafa „utanaðkomandi“ aðila í gagnrýni verkanna/umfjöllun, t.d. Berg Ingólfs, m.a. vegna tengingar við Suðurnes.

Við skorum á félögin að taka þátt og að virkja höfunda til að skrifa verk af þessari lengd, og deila milli félaga.

Er hægt að forvinna og fiska út úr handritsafninu? Hefur einhver tíma til þess, hver getur gert það?

Geta leikfélögin sem eiga eitthvert handritasafn sjálf gert það sama, fengið heimild höfunda til að nota verkin og lagt þau fram?

Getum við útbúið sameiginlega handritageymslu sem öll leikfélögin geta komist í til að setja inn þessi handrit og önnur sem kunna að verða skrifuð.

Finna þyrfti kerfi til að útteila verkunum, þannig að hægt sé að taka þau frá til sýninga. Ath.

höfundarlaun og réttindi.

Einnig væri hægt að velja 1 – 3 verk sem allir þurfa að nota og setja upp, sbr. Þjóðleikur.

Þetta krefst sennilega rafrænnar lausnar, og þyrfti að vera komið til framkvæmda snemma hausts. Við beinum þessum hugmyndum til undirbúningsnefndar.

#### Hópur 4

Hulda Gunnarsdóttir hópstjóri

Úlfhildur Örnólfsdóttir, Stefán Ólafsson, Stefanía Björk Björnsdóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir, Hugrún Ásta Óskarsdóttir, Þórdís Sigurgeirsdóttir og Berglind Ósk Ingólfsdóttir.

1. Góð þjónusta sem er algjörlega ómissandi í starfsemi leikfélaga á landinu. Leiklistarskólinn ómissandi og vefurinn einnig. Allt algjörlega dásamlegt. Vefurinn hefur orðið aðgengilegri og virkari að undanförmu. Minnum leikfélög á að auglýsa leiklist.is á meðal sinna leikfélaga og inni á sínum vefum og Facebooksíðum. Minnum stjórnir leikfélaga á að senda uppfærðar upplýsingar um sín félög til lénsherra (t.d. heimasíður og annað), gott að geta farið inn og fundið heimasíður.

Þið standið ykkur vel og við elskum ykkur öll.

2. Við þurfum að vera sýnilegri og láta í okkur heyra á opinberum vettvangi. Lýsa starfsemiinni og höfum samband við Kveik, Menningu, Kastljós, Landann og þrýstum á miðla að fjalla um okkur. Mælum með því að hvert félag fyrir sig hafi hátt og heimti athygli. Leikum sama leikinn sem stjórnmalamenn leika og ljúgum fyrir atkvæði/fjárframlög. Löglegt en siðlaust! ☐

Sérverkefni

Okkur finnst þetta hljóma eins og gott party. Sjáum fyrir okkur að það sé leiklistarhátíð allan föstudaginn þar sem leikfélögin sýna sín verk (15-20) mín hvert. Um kvöldið yrði svo gott party. Á laugardeginum yrði aðalfundur og hátíðarkvöldverður. Leikfélögin hvött til að koma með sitt og sína, enda ætlum við öll að reyna að vekja meiri athygli á Bandalaginu og fá umfjöllun. Hafa verkin færanleg og einföld.

Hugmynd að hafa fundinn á föstudeginum og hátíðina á laugardeginum.

Hafa mini workshop – geta valið eftir áhugasviði – smink, lýsing, leikstjórn, leikur, búningar, markaðssetning ofl.

Eftir það geta hóparnir farið á milli og skoðað hvað hinir voru að gera.

Hvert leikfélag skilar inn poster með kynningu á sér sem hægt er að hengja upp.

Leggja áherslu á hópefli og að tengja saman félög og félaga.

#### 11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sína og mælir með að minnsta kosti einum aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Sigga Lára sagði frá því að kjósa ætti um formann og einn aðalmann. Einnig að þrjú sæti væru í boði í varastjórn. Guðfinna Gunnarsdóttir Leikfélagi Selfoss gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku. Gísli Björn Heimisson Leikfélagi Hafnarfjarðar gefur einnig kost á sér áfram í aðalstjórn. Óskaði hún eftir mótframboðum. Í varastjórn gefa kost á sér Hanna Margrét Kristleifsdóttir Halaleikhópnum, Þórvör Embla Guðmundsdóttir Leikdeild Umf. Reykdæla, Þrúður Sigurðardóttir Leikfélagi Ölfuss, Jónheiður Ísleifsdóttir Leikfélagi Selfoss, Ágúst Jónsson Leikfélagi Hólmavíkur.

#### 12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir fundinn.

#### 13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Ólöf Þórðardóttir varaformaður lagði eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

“Stjórn BÍL leggur til að 2,5 milljónir króna af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látin ganga til rekstrar þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.”

Ólöf áréttaði það sem fram kom í niðurstöðum hópanna um mikilvægi þjónustumiðstöðvarinnar og bað fólk að hugsa málið vel og vandlega. Hún nefndi að ef framlagið yrði hækkað upp í 3.000.000 myndi það aðeins lækka styrk til félaganna um 10.000 krónur. Það myndi hins vegar gera gæfumuninn fyrir þjónustumiðstöðina.

Dýrleif tók undir þessar hugleiðingar og hvatti fólk til þess að samþykkja að hækka framlagið upp í 3.000.000.

Axel Vatnsdal kvaðst þessu sammála. Þó það sé ómurlagt að þurfa að taka af verkefnastyrknum þá er Bandalagið okkar og til þess að það lifi þarf að fara í aðgerðir sem þessar. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu:

“Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn á Fosshótel Húsavík 4. maí 2019 samþykkir að kr. 3 milljónir renni til skrifstofu Bandalagsins af verkefnastyrk félaganna.”

Hörður kom í pontu og skýrði betur stöðu þjónustumiðstöðvarinnar og nefndi að staðan færi einungis versnandi.

Jónheiður spurði hvort 3 milljónir væri nóg. Þurfum við meira?

Breytingatillaga Axels borin upp og samþykkt með 13 atkvæðum. Einn á móti.

#### 14. Starfsáætlun afgreidd.

Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2019-2020 borin upp fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

Hún hljóðar svo:

Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2019-2020:

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

#### Sérverkefni

1. Halda leiklistarhátíð í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020.

Hlé gert á fundi til kl. 14:45. Kaffi og með því.

#### 15. Stjórnarkjör.

Guðfinna Gunnarsdóttir kynnti sig og sagðist tilbúin að bjóða sig fram til formanns áfram. Hlaut hún klapp að launum og var með því sjálfkjörin í embættið.

Gísli Björn Heimisson steig í pontu og kynnti sig. Hann gefur einnig kost á sér áfram í aðalstjórn. Hann var einnig kjörinn með lófaklappi.

Framboð til varastjórnar voru kynnt. Hanna Margrét, Jónheiður og Ágúst kynntu sig, Magnþóra talaði fyrir hönd Þrúðar og Dilla fyrir hönd Emblu. Gengið til kosninga.

Úrslit: Jónheiður hlaut flest atkvæði, Hanna Margrét næstflest og eru þær því kjörnar í varastjórn. Jafnt var á atkvæðum næstu manna og var því kosið að nýju milli þeirra þriggja sem eftir stóðu. Ágúst hlaut flest atkvæði úr þeirri kosningu og er því kjörinn í varastjórn.



**16.****a. Kosning þriggja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs**

Dýrleif Jónsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Gerður Halldóra Sigurðardóttir voru kjörnar aðalmenn og Axel Vatnsdal til vara.

**b. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.**

Dýrleif Jónsdóttir og Oddfreyja H. Oddfreysdóttir voru kjörnar aðalskoðunarmenn og Ásgeir Hvítaskáld til vara.

**17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.**

Gísli Björn Heimisson kynnti tillögu stjórnar.

Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2019-2020

Stjórn Bandalags Íslenskra Leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2019-2020 verði kr. 75.500.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða kr. 113.250 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 151.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf gjald eða kr. 37.750.

Gísli útskýrði að hækkunin væri í samræmi við launavísitölu milli árunna 2018-2019 eða 5,4%.

**18. Önnur mál.**

Sigga Lára steig í púlt og sagði frá samanburðarrannsókn sem verið er að gera á nokkrum litlum leikfélögum víða um Evrópu. Hún mun senda út spurningalista á öll leikfélög í tengslum við rannsóknina. Verður það gert áður en félögin senda inn umsókn um styrk í júní. Hvatti hún fundarmenn til að svara könnuninni.

Ada bað fólk að láta vita ef það hygðist vera með skemmtiatriði eða ræður á hátíðarkvöldverðinum. Hún sagði einnig frá því að hádegismatur yrði borinn fram kl. 11:00 á sunnudagsmorgun. Að lokum benti hún á að það er Happy Hour á hótelnarum milli kl. 17:00 og 19:00.

Anna María þóttist vilja breyta í söng en ákvað svo að vekja athygli á opinni handritasamkeppni sem Freyvangsleikhúsið stendur fyrir. Hún hvatti alla til að senda inn handrit.

Halla sagði frá því að fólk sem á að mæta í fyrra flug á sunnudegi yrði sótt kl. 11:40 og keyrt á völinn. Þeir sem eiga seinna flug verða sóttir kl. 15:40.

Stefanía Björk Björnsdóttir frá Halaleikhópnum spurði hvort til væru einhverjar reglur um fríðindi fyrir heiðursfélaga innan leikfélaga. Flest leikfélög hafa þann háttinn á að heiðursfélagar fái frítt á sýningar. Engar samræmdar reglur eru til um þetta.

Hörður bað fundargesti að færa sig yfir í hliðarsalinn þar sem hann fór ítarlega yfir Leiklistarvefinn leiklist.is.

Næsti aðalfundur. Hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Næsti aðalfundur verður haldinn í Reykjanesbæ 1.-2. maí 2020 eins og fram hefur komið.

Guðfinna þakkaði Emblu og Þrúði fyrir samstarfið í stjórn og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Einnig þakkaði hún Leikfélagi Húsavíkur kærlega fyrir höfðinglegar móttökur, fundarstjórum fyrir góða fundarstjórn og fundarmönnum fyrir frábæran fund. Í lokin minntist hún á að það er ekki lúxus að eiga góða aðstöðu líkt og við fengum að sjá hjá Leikfélagi Húsavíkur á þessu þingi. Það á að vera sjálfsagt og vel mögulegt að ná því fram með góðu samstarfi við ráðamenn. Síðan sleit hún fundi kl. 16:02.

Fundarritarar:

Magnþóra Kristjánsdóttir og Jónheiður Ísleifsdóttir



## Menningarstefna Bandalags Íslenskra Leikfélaga

**Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því að:**

– **stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.**

– **gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þróa og þróa leiklist í menningarlegu og faglegu tilliti.**

– **stuðla að því að börn og ungingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.**

– **starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þróaðleg skilyrði.**

– **stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.**

– **hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.**

– **halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.**

## ALLT FYRIR ANDANN

Sameiningarsöngur áhugaleikara

Það mælti mín móðir  
Að mér skyldi kaupa  
Fleyg af fegursta víni  
En lát'eins og leikstjórinn  
– lítið mig staupa'  
En ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn  
Og bévítans sárin  
Í maganum, hvað ég er kvalinn  
Og gómana gleypti'  
En ég gat gegnum tárin  
Brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son  
Ég er ykkar systkin, það er engin von  
Í heiminum fyrir handan  
Bandalagið  
Sem elding leiftri inní mér  
Mitt annað heimili er hér  
Er allt fyrir andann  
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn  
Við vandlega stöndum  
Um menningararfinn okkar  
Af hugsjónahita  
Á hrollköldum ströndum  
Íslands – því leikhúsið lokkar

Sá grátur, sú gleði  
Sá galdur að skapa  
Fegurð oft furðu vekur  
En ef ég er álitinn  
Ærunni tapa  
Af að leika er ljóst ég er sekur

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son...

*Sigurlagið í samkeppni um besta  
sameiningarsönginn sem haldin var á  
Selfossi 1997*

*Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður  
Illugason*

*Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson*

## Ársreikningur 2018



Bandalag íslenskra leikfélaga

ÁRSREIKNINGUR

2018

Bandalag íslenskra leikfélaga  
Kleppsmýrarvegi 8  
104 Reykjavík  
Kt.: 440169-0239

**Bandalag íslenskra leikfélaga**

**ÁRSREIKNINGUR**

**2018**

<b>Efnisyfirlit</b>	
Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

**Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra**

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni

Reykjavík, 30. maíj 2019

Stjórn:

*Guðfína Gunnarsdóttir*  
*Þórunn Sýralláson*  
*Ólaf A. Þorðarsson*  
*Lasli Þ. HSS*  
*Anna María Þjálmarsdóttir*

Framkvæmdastjóri:

*Vilborg Valjantsdóttir*

**Áritun Bókhalds og kennslu ehf**


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-7

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 20. Febr. 2019

  
Bókhald og kennsla ehf  
Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókarí

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2018 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík,

4. mars 2019

  
Jónheiður Ísleifsdóttir

  
Hrefna Friðriksdóttir

**Rekstrarreikningur ársins 2018**

Rekstrartekjur	skýr	2018	2017
<b>Árgjöld, styrkir og fleira:</b>			
Árgjöld aðildarfélaga		3.186.200	3.182.250
Ríkissjóðsstyrkur		6.000.000	6.000.000
Aðrir styrkir		2.499.997	2.500.005
Leiklistarskóli BÍL	1	5.023.000	4.587.500
www.leiklist.is	2	70.000	97.500
Aðrar tekjur	3	461.834	484.038
<b>Samtals</b>		<b>17.241.031</b>	<b>16.851.293</b>
<b>Sala:</b>			
Sala á farða		2.182.527	2.472.814
Sala á handritum		452.247	448.867
Sala á bókum		3.153	77.539
<b>Samtals</b>		<b>2.637.927</b>	<b>2.999.220</b>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>19.878.958</b>	<b>19.850.513</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Farði		1.240.377	1.257.366
Handrit		410.406	420.697
Birgðabreyting		-34.058	-205.145
Afskrifaðar ónýtar vörur		54.184	49.092
<b>Samtals</b>		<b>1.670.909</b>	<b>1.522.010</b>
Laun og launat. gjöld	4	10.068.871	9.735.049
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	2.284.775	1.618.231
Húsaleiga		1.190.646	1.157.122
Leiklistarskóli BÍL	1	4.719.198	4.179.085
www.leiklist.is	2	84.435	24.954
Vaxtagjöld		13.887	39.486
Afskriftir fastafjármuna		0	31.325
<b>Samtals</b>		<b>18.361.812</b>	<b>16.785.252</b>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>20.032.721</b>	<b>18.307.262</b>
<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>		<b>-153.763</b>	<b>1.543.251</b>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Fastafjármunir</b>			
Innréttingar og húsbúnaður		0	0
<b>Samtals</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	6	2.566.054	2.586.180
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		93.326	87.944
Inneign í vsk		0	35.998
Handbært fé	7	294.189	288.733
<b>Samtals</b>		<u>2.953.569</u>	<u>2.998.855</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>2.953.569</u></u>	<u><u>2.998.855</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll 1.1.		1.769.806	226.555
Rekstrarhagnaður (tap)		-153.763	1.543.251
<b>Eigið fé alls</b>		<u>1.616.043</u>	<u>1.769.806</u>
<b>Skuldir</b>			
Bankareikningslán		809.793	460.577
Ýmsir lándrottnar		151.497	211.322
Ógreiddur virðisaukaskattur		57.307	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld		318.929	557.150
<b>Samtals</b>		<u>1.337.526</u>	<u>1.229.049</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>2.953.569</u></u>	<u><u>2.998.855</u></u>

Sundurliðanir

	2018	2017
<b>1. Leiklistarskóli BÍL</b>		
<b>Tekjur</b>		
Reykjaskóli - Þáttökugjöld nemenda	5.023.000	4.433.500
20 ára afmæli	0	154.000
<b>Samtals</b>	<b>5.023.000</b>	<b>4.587.500</b>
<b>Gjöld</b>		
Reykjaskóli	4.719.198	3.962.195
20 ára afmæli	0	216.890
<b>Samtals</b>	<b>4.719.198</b>	<b>4.179.085</b>
<b>2. www.leiklist.is</b>		
<b>Tekjur</b>		
Skráningargjöld	30.000	27.500
Umsóknarkerfi	20.000	70.000
Gagnrýnissjóður	20.000	0
<b>Samtals</b>	<b>70.000</b>	<b>97.500</b>
<b>Gjöld</b>		
Dropbox vefafritun	12.709	12.889
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	25.583	6.230
Víðhald og endurbætur	26.143	5.835
Gagnrýnissjóður	20.000	0
<b>Samtals</b>	<b>84.435</b>	<b>24.954</b>
<b>3. Aðrar tekjur</b>		
Ýmsar tekjur	0	169
Vaxtatekjur - fjárskattur	25.621	27.343
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	436.213	456.526
<b>Samtals</b>	<b>461.834</b>	<b>484.038</b>
<b>4. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun starfsfólks	6.895.200	6.718.622
Lífeyrissjóðsgjöld	879.943	750.606
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	113.772	110.625
Tryggingagjald	532.596	507.836
Dagpeningar	1.647.360	1.647.360
<b>Samtals</b>	<b>10.068.871</b>	<b>9.735.049</b>
<b>5. Ýmiss rekstrarkostnaður</b>		
Ræsting	88.000	92.000
Vátryggingar	104.610	103.832
Símakostnaður	156.954	136.025
Ritföng	6.114	11.945
Þjónustugjöld fjármálastofnana	112.397	109.758
Rekstur tölvukerfis	12.410	0
Kaffi og hreinlætisvörur	20.449	11.394
Kynningarstarf og auglýsingar	12.824	3.536
Gjaldfærð áhöld	0	0
<b>Framhald á næstu síðu</b>	<b>513.758</b>	<b>468.490</b>

Bandalag íslenskra leikfélaga Ársreikningur 2018

Sundurliðanir, framhald

	2018	2017
<b>5. Ýmiss rekstrarkostnaður</b>		
<b>Flutt af fyrri síðu</b>	<b>513.758</b>	<b>468.490</b>
Stjórnarfundir	146.422	92.365
Aðalfundur BÍL	1.687.408	1.048.332
Innheimtur kostn. vegna aðalfundar BÍL	-1.374.700	-899.900
Kostnaður vegna nefnda	18.363	10.696
Kostnaður v. NAR, NUTU, NEATA og IATA	540.286	357.500
Félagsgjald IATA	44.703	42.561
Securitas, vöktun	216.815	220.234
Hugbúnaðarleiga, netbókhaldis.is	110.460	107.238
Ársuppgjör og bókhaldsþjónusta	141.980	123.690
Áskrift og bókakaup	1.296	10.249
Gjafir	19.998	26.751
Smááhöld á skrifstofu	9.900	5.194
Annar kostnaður	4.306	3.418
Afskrifaðir reikningar	740	0
Annar starfsmannakostnaður	201.940	0
Fjármagnstekjuskattur	1.100	1.413
<b>Samtals</b>	<b>2.284.775</b>	<b>1.618.231</b>
<b>6. Birgðir</b>		
Birgðir greinast þannig :		
Saga BÍL, bókabirgðir	102.747	130.000
Farði	2.463.307	2.456.180
<b>Samtals</b>	<b>2.566.054</b>	<b>2.586.180</b>
<b>7. Handbært fé</b>		
Húsaleigutrygging 0301-13-304003	287.672	284.050
Sjóður - peningakassi	6.517	4.683
<b>Samtals</b>	<b>294.189</b>	<b>288.733</b>

Bandalag íslenskra leikfélaga Ársreikningur 2018

## Lög Bandalags Íslenskra leikfélaga

### 1. grein

Samtökin nefnast Bandalag Íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Islandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart Íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gættir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

### 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Islandi. Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast. 4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi Íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan. 8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

### 4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldalagi árgjalda er 1. september.

### 5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Argjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

### 6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu

fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.  
b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Akveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

### 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. A sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrjú aðalmenn mæta.

**8. grein**

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

**9. grein**

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmunir Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

**10. grein**

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

**11. grein**

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

**12. grein**

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

**13. grein**

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í í ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

**14. grein**

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

**15. grein**

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

**16. grein**

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

**17. grein**

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

**18. grein**

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

**19. grein**

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4 - 6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga. Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Isafirði 5. maí 2012.



